

TSHALLDOR
skoðun 26

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Krakkar




ELM HÆTTIR
*Lísbet Sveinsdóttir, einn eigenda, segir ekki hafa verið grundvöll fyrir rekstrinum en hönnunin var seld um allan heim.*
FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
15. nóvember 2012
269. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## Bornar saman bækur
*Hönnuður Instagram-lógósins fræðir Íslendinga um samfélags-miðilinn.*
fólk 70

## Skólastjóri ársins
*Bretinn John Morris segir ekki vænlegt að skilja kynin að í menntakerfinu.*
menntun 44



## Draumabyrjun Rúnars
*Ísland vann 2-0 sigur í Andorra í gærkvöldi.*
sport 64

## veðrið í dag




**ROK OG RIGNING** Í dag verða suðvestan 10-20 m/s en sums staðar hvassara við S-ströndina. Víða rigning eða skúrir. Snýst í N-átt NV-til síðdegis og kólnar.
VEÐUR 4

# Metár í skáldsagnaútgáfu

**Yfir hundrað íslensk skáldverk koma út á þessu ári og hafa aldrei verið fleiri. Um 840 titlar eru skráðir í Bókatíðindi sem er líka met. Skráðum titlum í Bókatíðindum hefur fjölgað um hátt í 400 á áratug.**

**BÓKAÚTGÁFA** Aldrei hafa verið gefin út jafn mörg íslensk skáldverk og í ár ef marka má skráningar í Bókatíðindi. Alls er 101 íslenskt skáldverk í skránni í ár, 57 frumútgáfur og 44 endurútgáfur. Sé ljóðum og leikritum, sem eru flokkuð sérstaklega, bætt við þessa tölu eru útgefin skáldverk á árinu 138.

Alls eru 842 titlar skráðir í Bókatíðindi í ár, sem er líka met, en skráðir titlar í fyrra voru 757.

Kristján B. Jónasson, formaður félags Bókaútgefenda, segir heildarfjölda útgefinna titla þó svipaðan og í fyrra en þar sem æ fleiri bækur komi út á fleiri en einu formi, svo sem hljóðbók og rafbók, séu sumir titlar skráðir oftar oftar en einu sinni. Aukin raf- og hljóðbókaútgáfa felur þó í sér tíðindi að hans mati.

**842** titlar eru skráðir í Bókatíðindi í ár. Árið 2002 voru þeir 466.



„Bókatíðindi í ár endurspegla að bókaútgáfan er að færast yfir í sama horf og í nágrannalöndunum, að útgefendur verða að gefa út bækur í mörgum formum," segir Kristján. 94 rafbækur og yfir 50 hljóðbækur eru skráðar í Bókatíðindi.

Árið 2002 voru 466 titlar í Bókatíðindum. Á einum áratug hefur þeim því fjölgað um 376.

„Á undanförnum áratug hefur orðið hægfara breyting á útgáfumynstrinu," segir Kristján. „Bóksala er ekki lengur aðallega bundin við jólabókaflóðið heldur seljast bækur allt árið. Endurútgáfa íslenskra og þýddra verka í kilju er hluti af þeirri þróun sem og útgáfa raf- og hljóðbóka nú í seinni tíð."

-bs/ sjá síðu 46



**LÍTILL ÁHUGI** Sex þingmenn sátu undir framsögu ráðherra um byggðamál í gær, en prófkjör eiga nú hug margra þingmanna. „Það er náttúrlega ekki boðlegt ef það þarf að fara að grátbiðja fólk um að koma og greiða atkvæði og taka þátt í umræðum," segir Björn Valur Gíslason, þingmaður VG. **Sjá síðu 8** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sæmdur heiðursnafnbót:
## Armbeygjur í heiðurskufli

**HEILSA Magnús Scheving var sæmdur heiðursnafnbót frá St. Mark & St. John-háskólanum í Plymouth á föstudag.**

**Magnús hlaut nafnbótina fyrir framlag sitt til heilsu barna og tók armbeygjur í kuflinum við afhendinguna.**



MAGNÚS SCHEVING

**Að sögn Hallgríms Kristinssonar, yfirmanns viðskiptaþróunar hjá Latabæ, var St. Mark & St. John fyrsti háskólinn á Bretlandseyjum sem bauð upp á kennaramenntun og er hann þekktur fyrir að útskrifa fjölda kennaranema og íþróttafræðinga ár hvert.**

**„Nefnd á vegum háskólans finnur til einstaklinga sem þeim þykir hafa skarað fram úr á einhvern hátt og var Magnús þar efstur á blaði."** - sm / sjá síðu 70

Össur Skarphéðinsson óttast langvinn átök í kjölfar sprengjuregns í Palestínu:
# Fordæmir árásir Ísraela á Gasa

**UTANRÍKISMÁL** „Þetta eru váleg tíðindi," segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra um tugi árása sem Ísraelsmenn gerðu á Gasaströndina í Palestínu í gær. Yfirmaður herafla Hamas-samtakanna var meðal fallinna og þau hétu grimmilegum hefndum.

„Ég fordæmi allar árásir af þessu tagi. Þær koma mér ekki alls kostar á óvart. Ég átti viðræður við fulltrúa Palestínumanna í Genf fyrr í vikunni þar sem þeir bókstaflega spáðu því að innan skamms mundu hefjast átök af þessu tagi," segir Össur.

„Ég óttast að þarna sé verið að efna til mikilla og langvinnra átaka og verður auðvitað hugsað til hinna skelfilegu atburða í upphafi árs 2008 þegar Ísraelsmenn fóru með landhernaði á hendur íbúum Gasa. Ég tek eftir því að nú tala Ísraelsmenn líka í þá veru að líklega muni landhernaður fylgja í kjölfarið."



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Össur hefur gagnrýnt Ísraelsmenn harðlega á opinberum vettvangi fyrir framferði þeirra á Gasa. „Þetta undirstrikar það sem við Íslendingar, eftir okkar getu, höfum sagt á alþjóðavettvangi; að forsendan fyrir friði í þessum heimshluta sé að Ísraelsmenn gangi til samninga við Palestínumenn, sem þýðir að þeir verða að láta af landtökum sem þeir hafa stundað í linnulítið."

- sh / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



*Guðríður, munið þið framvegis bjóða upp á svanakjöt?*

„Ætli það. Hugsanlega ef gestirnir verða mjög svan-gir."

Guðríður M. Jóhannesdóttir er framkvæmdastjóri Nauthóls en Nauthóll varð í vikunni fyrsta íslenska veitingahúsið til að fá norrænu Svans-umhverfisvottunina. Þess má geta að svanakjöt er talið herramannsmatur í Englandi.

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir 2013 gerir ráð fyrir að skuldir bæjarins verði greiddar niður um 2 milljarða:

# Skattar verða lækkaðir í Kópavogi á næsta ári

**SKATTAMÁL** Fasteignagjöld af íbúðar- og atvinnuhúsnæði, vatnsskattur og sorphirðugjald lækka í Kópavogi á næsta ári samkvæmt fjárhagsáætlun ársins sem kynnt hefur verið í bæjarstjórn. Þá er gert ráð fyrir því að skuldir verði lækkaðar um ríflega tvo milljarða.

„Það er tvennt sem ber hæst í þessari fjárhagsáætlun. Annars vegar er verið að hverfa af braut skattahækkana og skattar lækkaðir. Hins vegar undirstrikast í þessari áætlun hversu sterk rekstrareining Kópavogsbær er," segir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Þá segir Ármann skattalækkanirnar hóflegar en leggur áherslu á að þarna sé sleginn nýr tónn og segir frekari skattalækkana að vænta á næstu árum verði svigrúm til þeirra.

Samkvæmt áætluninni verður rekstrarafgangur samstæðu Kópavogsbæjar 126 milljónir króna á næsta ári og veltufé frá rekstri 2.860 milljónir. Megnið af því verður notað til lækkunar skulda og er gert ráð fyrir því að hlutfall skulda bæjarins á móti rekstrartekjum lækki úr 244% í 206%.

Í tilkynningu frá Kópavogsbæ segir að markmiðum áætlunarinnar eigi að ná með þéttu aðhaldi í rekstri bæjarins án þess þó að beita niðurskurði. Þá verða þjónustugjöld látin fylgja verðlagi. **- mþl**

### Sýndarlækkanir

Minnihlutinn í bæjarstjórn Kópavogs sendi frá sér yfirlýsingu þegar fjárhagsáætlun meirihlutans lá fyrir. Þar segir að það veki athygli að á sama tíma og meirihlutinn tali um lækkun skatta séu þjónustugjöld á barnafjölskyldur aukin og sérkennsla skert. Þá segir í yfirlýsingunni að í ljósi hærra fasteignamats, nokkurrar verðbólgu og hækkun aukavatnsskatts sé í raun verið að framkvæma sýndarskattalækkanir.



**UPPBYGGING** Mikið af húsnæðinu er í byggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÍLS á 2.155 húseignir:

## Elsta húsið frá miðri 19. öld

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Íbúðalánasjóður átti í október 2.155 fullnustueignir [eign sem sjóðurinn hefur leyst til sín] á landinu öllu. Ástand þessara húseigna er mismunandi, allt frá því að vera fullbúnar í góðu ástandi yfir í að vera óíbúðarhæfar vegna aldurs og lélegs ástands.

Elsta eign sjóðsins er frá árinu 1870 og sjóðurinn á 66 eignir sem byggðar eru fyrir árið 1932. Um helmingurinn, eða 1.037 eignir, er byggður á árunum 1997-2008.

Íbúðalánasjóður hefur selt 555 íbúðir frá áramótum 2007/2008. **- shá**

CCP fúlt með líkindi nafna:

## CCP ótengt Jóni Þorsteini

**VIÐSKIPTI Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið CCP hefur engin tengsl við félagið CCP Systems Ltd. sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum síðustu daga. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu.**

**DV greindi frá því á mánudag að Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, hefði flutt mörg hundruð milljónir króna í erlendum gjaldeyri frá Íslandi, með lánveitingum til erlenda félagsins CCP systems Ltd., í trássi við lög um gjaldeyrishöft.**

**Jón Þorsteinn, sem nú afplánar fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm á Kvíabryggju vegna Exetermálsins svokallaða, hafnar hins vegar ásökununum. - mþl**

# Takast á um lúpínudráp á heimasíðum

**Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar og Skógræktar ríkisins eru komnir í hár saman vegna aðferðafræðinnar við lúpínudráp í Þórsmörk. Heimasíður stofnananna tveggja eru vettvangur þessara skoðanaskipta sem eru óvægin.**

**NÁTTÚRA** Tveir sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) hafa miklar efasemdir um boðaðar aðgerðir Skógræktar ríkisins til að hefta útbreiðslu lúpínu í Þórsmörk með því að dreifa áburði á lúpínubreiður. Þeir birtu grein á heimasíðu NÍ á þriðjudag þessa efnis. Sérfræðingur Skógræktarinnar svaraði í grein á sinni heimasíðu í gær þar sem fast er skotið til baka.

Það eru þeir Borgþór Magnússon, forstöðumaður vistfræðideildar, og Sigurður H. Magnússon gróðurvistfræðingur sem rita greinina á heimasíðu NÍ. Þeir telja allar líkur á að aðgerðir Skógræktarinnar muni mistakast og afleiðingin verði í raun sú að lúpína muni dreifast um víðáttumikið, skóglaust land á Þórsmerkursvæðinu. Þar muni hún leika lykilhlutverk í gróðurframvindu og breyta náttúrufari til langframa. Grein þeirra Borgþórs og Sigurðar ber heitið Er Þórsmörk einkamál Skógræktarinnar?

Málið snýst um áform Skógræktarinnar að dreifa áburði á lúpínubreiður til að flýta fyrir hnignun þeirra og stuðla þannig að uppvexti birkiskógar og annars gróðurs, en einnig um tilraunir til að halda lúpínu í skefjum með illgresiseyði sem þeir telja mögulegt. Þetta hafi Skógræktin hins vegar þvertekið fyrir þrátt fyrir notkun á illgresiseyði annars staðar, og spyrja hverju sæti.

Hreinn Óskarsson, skógarvörður Skógræktarinnar á Suðurlandi, birti í gær langa úttekt á heimasíðu stofnunarinnar vegna skrifa þeirra Borgþórs og Sigurðar. Hann segir gagnrýni þeirra „líklega byggða á misskilningi" og vill leiðrétta villur í málflutningi þeirra.



**SAMKEPPNI** Skrifin hverfast um aðferðafræði við að halda lúpínu í Þórsmörk í skefjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Lúpína á tveimur til þremur hekturum lands

Lúpína hefur dreifst yfir um 2-3 hektara lands í Þórsmörk og vex oftast með birki, víði og öðrum hávaxnari gróðri. Úttekt frá 2011 sýnir að birkiskógar vaxa í dag á um 1.500 hekturum lands á Þórsmerkursvæðinu.

Um eitrunartilraunir segir Hreinn að tekist hafi að drepa gamlar lúpínuplöntur, en einnig annan gróður. Vorið eftir hafði fjöldi smáplantna af lúpínu vaxið upp á svæðinu en lítið var eftir af samkeppnisgróðri. Því sé óskiljanlegt hvað býr að baki fullyrðingu Borgþórs og Sigurðar um að hægt sé að halda plöntunni í skefjum án þess að drepa staðargróður.

Hann lýsir því að Skógræktin ætli að mynda kjarrbelti úr birkinýgræðingum með áburðargjöf, en segir þá hugmynd sprottna beint „af viskubrunni Borgþórs og Sigurðar", og vísar í skýrsluskrif þeirra.

Til að svara spurningu sem sett er fram í fyrirsögn greinar Borgþórs og Magnúsar vísar hann í samstarf við fjölda aðila og segir að svarið sé því neitandi; Þórsmörk sé ekki einkamál Skógræktarinnar heldur sameign þjóðarinnar og heiður að bjóða þangað velkomna gesti, „án þess að hafa áhyggjur af áhrifum eiturefnanotkunar á heilsu þeirra og lífríki Þórsmerkur".

**svavar@frettabladid.is**

Númera stikur til öryggis:

## Öruggari leið um Reykjadal

**ÖRYGGISMÁL Hjálparsveit skáta Hveragerði hefur í haust, í samstarfi við Hveragerðisbæ, sveitarfélagið Ölfus og fleiri, unnið að auknu öryggi á gönguleiðinni um Reykjadal fyrir ofan Hveragerði. Ákveðið var að laga göngustíga, merkja betur hættur, gera göngubrýr, fjölga stikum og númera þær.**

**Merkingar stikanna eru hugsaðar þannig að ef einhver slasast þá er hægt að gefa upp númer á næstu stiku. Þannig fæst strax nákvæm staðsetning sem auðveldar skipulagningu og vinnu viðbragðsaðila. Einnig getur þetta hjálpað til ef fólk villist í dalnum.**

**Hluta verkefnisins er lokið og verður áfram unnið að því í vetur og næsta sumar. - shá**

ASÍ í mál við íslenska ríkið:

## Skattlagning brjóti gegn jafnræðisreglu

**KJARAMÁL** Alþýðusamband Íslands ætlar að höfða mál gegn íslenska ríkinu vegna skattlagningar á lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði. ASÍ segir að þessi skattlagning brjóti gróflega gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og því sé óhjákvæmilegt annað en að miðstjórn ASÍ láti reyna á lögmæti hennar fyrir dómstólum.

Jafnframt hvetur miðstjórn ASÍ lífeyrissjóðina til að skoða lögfræðilega hvort forsendur eru fyrir því að fá dómstóla til að skera úr um ágreining varðandi samkomulag fjármálaráðherra við lífeyrissjóðina frá því í febrúar um þátttöku þeirra í sérstökum gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands. **- jhh**

Ný heilsubúð í Smáralind
- Mikið úrval - frábær gæði
- betri verð

HOLLAND & BARRETT

www.hollandandbarrett.is

Matvælastofnun telur nauðsynlegt að fella gripi sýkta af smitandi barkabólgu:

# Vilja að sýktir gripir verði felldir

**LANDBÚNAÐUR** Matvælastofnun hefur sent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu tillögu um að öllum gripum sem greinst hafa með smitandi barkabólgu verði slátrað, en ákvörðun um frekari niðurskurð verði tekin á grundvelli niðurstaðna þeirra rannsókna sem nú standa yfir.

Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma er í höndum ráðherra að fyrirskipa ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma, að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

Eins og greint hefur verið frá voru tekin sýni á öllum kúabúum á landinu og þau rannsökuð með tilliti til mótefna gegn nautgripaherpesveiru. Engin mótefni fundust á öðrum en þeim tveimur búum sem sýkingin hafði þegar greinst á, eða á Egilsstöðum og Fljótsbakka á Fljótsdalshéraði. Í byrjun vikunnar voru tekin blóðsýni úr öllum gripum eldri en sex mánaða á Egilsstöðum og Fljótsbakka. Niðurstöður rannsókna á þeim munu væntanlega liggja fyrir í næstu viku, segir á vef Matvælastofnunar, sem hefur ásamt Landssambandi kúabænda og Nautastöð Bændasamtaka Íslands á Hesti haft samvinnu um aðgerðir vegna málsins. **- shá**



**Í HAGA** Sýnt er að á fjórða tug gripa verður felldur vegna sýkingarinnar.

Opið til
24
í kvöld

# Miðnætur opnun



Komdu og skemmtu þér á Miðnæturopnun Smáralindar. Verslanir bjóða dúndurtilboð, landsþekktir tónlistarmenn spila og sirkusfólk leikur listir sínar. Taktu kvöldið frá og gerðu jólainnkaupin snemma í stærstu verslunarmiðstöð landsins! Ávallt næg bílastæði og þægindin í fyrirrúmi.

Nóttin er ung og fjörug, komdu á Miðnæturopnun!

## Létt og skemmtilegt

| | |
|---|---|
| 16.00–21.00 | Katla býður gestum að skreyta með sér piparkökur |
| 17.00–18.00 | Kaffi og konfekt í boði Te og kaffi og Nóa Síríus |
| 17.30 og 18.30 | Rósa og Daníel syngja jóladúett |
| 19.30 | Eyþór Ingi mætir með kassagítarinn |
| 20.00 | Siggi Hlö heldur uppi stuðinu |
| 20.30 | Loftfimleikar í boði Sirkuss Íslands |
| 20.00–22.00 | Kennsla og ráðgjöf í aðventukransagerð við Bjarkarblóm |
| 21.00–23.00 | Góðgæti í boði Mekka Wines and Spirits og Íslensk Ameríska |
| 21.00 | Ragnheiður Gröndal og hljómsveit |
| 22.00 | Raggi Bjarna tekur dúetta með Helga Björns og Sveppa |
| 22.30 | Skinnsemi – sirkussýning með fullorðins húmor frá Sirkus Íslands |
| 23.00 | 2 fyrir 1 í almenna sali Smárabíós |

10-50% afsláttur

Stanslaus skemmtun til miðnættis!




Smáralind

## GENGIÐ 14.11.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,6 | 129,22 |
| Sterlingspund | 204,05 | 205,05 |
| Evra | 163,91 | 164,83 |
| Dönsk króna | 21,975 | 22,103 |
| Norsk króna | 22,369 | 22,501 |
| Sænsk króna | 18,999 | 19,111 |
| Japanskt jen | 1,6081 | 1,6175 |
| SDR | 196,25 | 197,41 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

227,4635

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Valdaskiptin í kínverska Kommúnistaflokknum ganga snurðulaust fyrir sig og nýr leiðtogi tekur við:

# Xi Jinping nýr leiðtogi í stað Hu Jintao

**KÍNA, AP** Hu Jintao, forseti Kína, lét í gær af embætti leiðtoga Kommúnistaflokksins í Kína. Reiknað var með að hann segði sig úr fleiri embættum, þar á meðal sem yfirmaður herráðsins.

Hu myndi þar með ganga lengra en forverar hans, því til þessa hefur verið látið duga að eftirmenn þeirra taki smám saman við embættunum.

Xi Jinping, arftaki Hus, fær þar með skýrara umboð strax frá upphafi og meiri möguleika til þess að styrkja stöðu sína.

„Þetta yrði mikilvægt fyrir pólitíska arfleifð Hus, og hann rýfur þá vondu hefð að fráfarandi ráðamenn haldi í völdin,“ segir Zhang Lifan, óháður fræðimaður í Peking. Þetta er reyndar aðeins í annað skipti sem valdaskipti ganga snurðulaust fyrir sig í Kína frá því Kommúnistaflokkurinn komst til valda þar fyrir rúmlega 60 árum.

Að þessu sinni eru það Hu og félagar, sem flestir eru um sjötugt eða á ofanverðum sextugsaldri, sem víkja fyrir næstu kynslóð ráðamanna, sem flestir eru um það bil áratug yngri. Ekki er búist við neinum viðsnúningi í stefnu flokksins, enda hefur yngri kynslóðin árum saman verið valdamikil innan flokksins.

Valdaskiptin fara að venju fram á vettvangi landsþings Kommúnistaflokksins, sem haldið er á fimm ára fresti. - gb



**KLAPPAÐ Á FLOKKSÞINGI** Xi Jingping, næsti leiðtogi Kína, fyrir miðri mynd á 18. landsþingi Kommúnistaflokks Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Skýrsla um menningu:

## Danir ljúga um leikhúsferðir

**DANMÖRK** Danir ljúga til um þátttöku sína í menningarviðburðum, að mati prófessors við Kaupmannahafnarháskóla. Ný skýrsla um menningu var fjármögnuð af menningarmálaráðuneytinu og niðurstöður hennar voru að menningarþátttaka Dana væri að aukast.

Skýrslan sýndi meðal annars 9,3 milljónir leikhúsheimsókna á leikárinu 2010 til 2011. Samkvæmt hagstofunni voru hins vegar innan við 2 milljónir leikhúsmiða seldar á umræddu leikári. „Það er skrítið að skýrsluhöfundar hafi ekki skoðað hagtölur Danmerkur, og það kemur einnig á óvart að menningarmálaráðherrann hafi ekki skoðað þær,“ sagði Svend Kreiner prófessor við Politiken. - þeb

### TÁLKNAFJÖRÐUR

**Auglýsa eftir sveitarstjóra**

Tálknafjarðarhreppur hefur auglýst eftir nýjum sveitarstjóra í stað Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur. Eyrún Ingibjörg, sem er hætt störfum, gefur kost á sér á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi fyrir þingkosningarnar í vor. BB greindi frá.

### HAPPDRÆTTI

**Stóri potturinn gekk út**

Finni og Dani skiptu með sér fyrsta vinningnum og Ofurpotti í Víkingalottóinu í gær. Hvor þeirra hlýtur tæplega 1,3 milljarða króna í vinning.

### LEIÐRÉTTING

Í aðsendri grein Ágústs Kristmanns í Fréttablaðinu í gær, Kæri Ragnar, stendur: „Í dag búa mörg þroskaskert börn við skóla án aðgreiningar“ og „Hvað er skóli án aðgreiningar?“ Þar á hins vegar að standa skólaaðgreiningar. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Hörðustu árásir Ísraela á Gasaströndina í fjögur ár

**Yfirmaður herafla Hamas-samtakanna var fyrsta skotmark ísraelska hersins í nýrri hrinu árása gegn herskáum Palestínumönnum á Gasa. Hamas segja Ísraela hafa „opnað gáttir eigin vítis“ með árásunum.**

**ÍSRAEL** Ahmed Jabari, æðsti yfirmaður herafla Hamas-samtakanna, lét lífið þegar gerð var loftárás á Gasaborg síðdegis í gær. Sonur hans lét einnig lífið í árásinni.

Fleiri árásir á að minnsta kosti tuttugu staði í Gasaborg og víðar á Gasaströnd fylgdu í kjölfarið. Ísraelar segja þetta upphafið að frekari hernaði gegn herskáum hópum Palestínumanna á Gasa, einkum þó Hamas-samtökunum.



AHMED JABARI

Allt benti til þess að langvarandi átök við Palestínumenn væru í uppsiglingu og Ísraelsher segist ekki útiloka landhernað í beinu framhaldi. Fjöldi manna safnaðist saman í Gasaborg í gær stuttu eftir árásina á Jabari og hvatti til hefndarárása gegn Ísrael.

„Hernámsveldið hefur opnað gáttir eigin vítis,“ segir í yfirlýsingu frá Essedine el Kassam-herdeildunum, herafla Hamas-samtakanna, sem Jabari var í forystu fyrir. Aðrir hópar herskárra Palestínumanna hóta hefndum og segja engar hömlur verða á viðbrögðunum.

Ísraelsk stjórnvöld hafa beðið alla íbúa í fjörutíu kílómetra radíus í kringum Gasa-svæðið að halda sig innandyra í dag af ótta við hefndaraðgerðir.

Vitni segja að Jabari hafi verið á ferð í bifreið sinni í Gasaborg þegar sprengja féll á bifreiðina.



**ELDAR SLÖKKTIR** Fjöldi manns streymdi að eftir að árás var gerð á bifreið Ahmeds Jabari í Gasaborg. NORDICPHOTOS/AFP

Hann hefur lengi verið efstur á lista þeirra Palestínumanna sem Ísraelar vilja losna við.

Utanríkisráðherrar Arababandalagsins munu koma saman til fundar vegna árásanna í Kaíró á laugardag. Þá hafa Egyptar kallað sendiherra sinn heim frá Ísrael.

Ísraelski herinn réttlætir árásirnar með því að herskáir Palestínumenn á Gasaströnd hafi undanfarið skotið hundruðum sprengjuflauga yfir landamærin til Ísraels. Íbúar nálægt landamærunum hafi búið við þessa ógn árum saman. Að sögn ísraelska hersins var árásunum einkum ætlað að eyðileggja skotflaugabúnað Palestínumanna.

„Jabari bar ábyrgð á því að fjármagna og stýra hernaðaraðgerðum og árásum gegn Ísrael,“ segir í tilkynningu frá ísraelsku öryggisstofnuninni Shin Bet. „Með því að ryðja honum úr vegi í dag eru send skilaboð til yfirmanna Hamas á Gasa um að ef þeir halda áfram að styðja hryðjuverk gegn Ísrael, þá mun það bitna á þeim sjálfum.“

Hamas-samtökin hafa farið með stjórn á Gasaströnd undanfarin ár, en Ísraelar hafa á meðan haldið Gasa í herkví með þeim afleiðingum að atvinnulíf þar er allt lamað og lífskjör í lágmarki.

gudsteinn@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is


www.dacia.is

DACIA

Dacia Duster

Nýr sportjeppi á hrikalega góðu verði

Kr. 3.990 þús.

Dísil 5,3L/100 km



DACIA GROUPE RENAULT / NISSAN

BL. ehf / Sævarhöfða 2
110 Reykjavík / Sími 525 8000


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SNÝST NÆST Í NORÐANÁTT**

Suðvestan slagviðri víða á landinu í dag en hann snýr sér í norðanátt með ofankomu um norðanvert landið og heldur kólnandi veðri síðdegis. Lítur út fyrir norðan strekking fram yfir helgi.





Á MORGUN
10-18 NV-til annars hægari.

LAUGARDAGUR
10-18 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 11° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 9° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 5° |
| París | 8° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ALLT FÍNT FYRIR JÓLIN

# TAX FREE*

HEFST Í DAG
UM LAND ALLT
GILDIR FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

## AF JÓLALJÓSUM OG JÓLASERÍUM
## OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI TIL JÓLA



Aðeins 1.490kr

## JÓLAHLAÐBORÐ
### HÚSASMIÐJUNNAR SKÚTUVOGI

**HEFST Í KVÖLD KL. 18-20**

**Forréttir**
Sveitapaté • Kaldir sjávarréttir • Síldarsalat með karrí • Jólasíld • Síldarsalat með rauðrófum
Rúgbrauð • Flatkökur • Snittubrauð

**Aðalréttir**
Ekta Svína pörusteik • Bayonnesskinka
Kjúklingalæri • Brúnaðar kartöflur • Kartöflusalat
Heit brún sósa • Epla salat • Ferskt salat
Grænar baunir • Rauðkál

**Eftirréttur**
Marens-terta • Kaffi

**Barnamatseðill aðeins 600 kr**
Party pylsur • Kjúklinganaggar • Kartöflu-strá

Jólahlaðborðið er opið alla virka daga kl. 18-20 og allar helgar kl. 12-14 og 18-20.




ENN MEIRA ÚRVAL

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
**Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti.** Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða bók Arnaldar Indriðasonar ætla erlendir kvikmyndaframleiðendur að kvikmynda?

**2.** Hversu margar kindur eru taldar hafa drepist í veðurofsanum nyrðra í haust?

**3.** Hver er fyrirliði kvennalandsliðs Íslands í handknattleik?

**SVÖR:**

1. Napóleónsskjölin, 2. um 10.000, 3. Hrafnhildur Ósk Skúladóttir.

Utanríkisráðherra harðorður vegna fyrirætlana úgandska þingsins um lög gegn samkynhneigðum:

# Munum rísa gegn dauðadómi samkynhneigðra

**ÚGANDA** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að Ísland muni gera allt sem í sínu valdi stendur til að berjast gegn frumvarpi sem gerir samkynhneigð að dauðasök í Úganda.

Rebecca Kadaga, forseti úgandska þingsins sagði á fjölmennum fundi í höfuðborginni Kampala, að frumvarpið verði samþykkt fyrir árslok. Hún segist þess fullviss að flestir Úgandabúar séu samþykkir því. Hundruð stuðningsmanna frumvarpsins komu saman á fundinum, meðal annars kristnir trúboðar sem báðu Kadaga um að færa Úgandabúum lögin í jólagjöf.

Frumvarpið kom fyrst fram árið 2009 en því hefur verið frestað vegna alþjóðlegs þrýstings, en það hefur verið fordæmt víða um heim.

Meðal þeirra sem hafa fordæmt ofsóknir gegn samkynhneigðum og þetta frumvarp eru íslensk stjórnvöld, en yfir milljarður króna hefur farið í þróunaraðstoð til Úganda undanfarin ár. Þróunarsamvinnustofnun Íslands er einnig með starfsstöð í Úganda og starfrækir sendiráð í Kampala.

„Ísland mun gera allt sem í sínu valdi stendur til til að berjast gegn frumvarpinu. Á sínum tíma mótmæltum við þessu harðlega og vorum í hópi erlendra ríkja sem fór á fund forseta Úganda til að koma á framfæri hörðum mótmælum. Hann tók því vel og sagði þá að slík lög yrðu ekki staðfest,“ segir Össur.

Í millitíðinni hafa farið fram kosningar. „Það er áhyggjuefni og sorglegt að frumvarp sem er mengað af svona fordómum komi fram. Við munum bregðast illa við þessu og sömuleiðis þær þjóðir sem við höfum ráðfærst við, ekki síst Norðurlanda- og Vestur-Evrópuþjóðir.“ **- þeb**



**ÍÚGANDA** Ef frumvarpið verður að lögum verður samkynhneigð dauðasök í Úganda. MYND/ÚR SAFNI



**FRÁ ÞÓRSHÖFN** Kosið var til sveitarstjórna í Færeyjum í fyrradag. Jafnaðarmenn hlutu hreinan meirihluta í höfuðstaðnum Þórshöfn.

Kosningar í Þórshöfn:

## Jafnaðarmenn hrósuðu sigri

**FÆREYJAR Jafnaðarflokkurinn fékk sjö menn kjörna í bæjarstjórnarkosningum í Þórshöfn í Færeyjum í fyrradag og þar með hreinan meirihluta.**

**Þjóðveldi fékk þrjá menn kjörna, Fólkaflokkurinn tvo og Sambandið einn.**

**Sveitarstjórnarkosningar fóru fram um allar Færeyjar og meðal annarra úrslita má nefna að í Klaksvík, næstfjölmennasta bæ eyjanna, mynduðu Sjálfstýrisflokkurinn, Þjóðveldi og Jafnaðarflokkurinn meirihluta.**

**Heildarkjörsókn var 82,8%, sem er nokkru meira en í síðustu kosningum þegar rúm 78 prósent greiddu atkvæði.** **- þj**

## LÖGREGLUMÁL

### Féll af reiðhjóli og rotaðist

Ung stúlka féll af hjóli í Keflavík í byrjun vikunnar og rotaðist. Hálka var á götum bæjarins þegar óhappið varð. Stúlkan var ekki með hjálm. Hún var flutt með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og þaðan á Landspítalann.

## ÖRYGGISMÁL

### Vara við stórstreymi

Landhelgisgæslan vekur athygli á að samfara slæmri veðurspá verður óvenju mikil sjávarhæð næstu daga. Eru umráðamenn skipa, báta og hafna beðnir um að hafa varann á. Á þetta sérstaklega við um hafnir suðvestanlands.

# Rannsaka skal séra Sigurð

**Séra Sigurður Helgi Guðmundsson hafnar braski sem framkvæmdastjóri Eirar. Farið fram á það við Ríkisendurskoðun að hún taki greiðslu til tengdasonar Sigurðar til skoðunar. Ríkisendurskoðun svaraði í gær.**

**STJÓRNSÝSLA** Frásagnir af óráðsíu í framkvæmdastjóratíð séra Sigurðar Helga Guðmundssonar hjá hjúkrunarheimilinu Eir kalla enn frekar á rannsókn á málefnum heimilisins, að mati lögmanns íbúa.

„Þessar ásakanir sýna enn frekar en áður hversu mikilvægt er að ráðist verði í rannsókn á starfsemi Eirar síðustu ára og fjárhagsmálum heimilisins. Það er ljóst að það þarf ekki bara að skoða byggingarframkvæmdir heldur reksturinn í heild sinni,“ segir lögmaðurinn Stefán Árni Auðólfsson, sem hefur farið fram á að öll stjórn heimilisins íhugi stöðu sína rækilega eftir að alvarleg fjárhagsvandræði þess komu í ljós.

Ýmislegt bendir til að fjárhagserfiðleika og óráðsíu innan Eirar megi rekja mörg ár aftur í tímann í framkvæmdastjóratíð séra Sigurðar Helga Guðmundssonar sem lét af starfi á síðasta ári.

DV hefur fjallað um málefni séra Sigurðar undanfarna daga. Þar hefur hann verið sakaður um frændhygli og sjálftöku og einnig hefur þar komið fram að hann hafi látið hjúkrunarheimilið greiða fyrir 200 þúsunda króna ferð dóttur sinnar og fjölskyldu hennar til Alicante á Spáni.

Sigurður hefur útskýrt þetta á þann veg að kaupin á ferðinni hafi verið þóknun fyrir lögmannsþjónustu sem tengdasonur hans, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hefði veitt Eir en aldrei fengið greitt fyrir.

Framkvæmdastjóri Eirar fór fram á það við Ríkisendurskoðun fyrir nokkrum vikum að hún tæki þessa tilteknu greiðslu til sérstakrar athugunar.

Fram hefur komið í fréttum að Ríkisendurskoðun hafnaði að taka húsrekstrarsjóð Eirar til athugunar, enda félli hann ekki undir verksvið stofnunarinnar. Greiðslan til Jóhannesar var hins vegar innt af hendi af rekstrarsjóðnum, sem Ríkisendurskoðun getur tekið til athugunar, að sögn Sveins Arasonar ríkisendurskoðanda.

Ríkisendurskoðun svaraði beiðni Sigurðar Rúnars Sigurjónssonar, framkvæmdastjóra Eirar í gær, en Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hver niðurstaðan varð. Sigurður Rúnar hafði ekki fengið svarið í hendur í gær.

Um framkvæmdastjóratíð séra Sigurðar Helga hafði Sigurður Rúnar þetta að segja: „Þetta er fortíðin, ég hef aldrei hitt manninn, séð hann eða talað við hann. Þetta er bara eitthvað sem ætti að skoða af hálfu rannsóknaraðila en að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um þetta.“

Fulltrúaráð stofnaðila Eirar kemur saman til upplýsingafundar með stjórnarmönnum á föstudag. Gert er ráð fyrir að í kjölfarið verði boðað til formlegs fulltrúaráðsfundar með tveggja vikna fyrirvara. **stigur@frettabladid.is**



**JÓHANNES RÚNAR JÓHANNSSON**



**SVEINN ARASON**

> Þetta er fortíðin, ég hef aldrei hitt manninn, séð hann eða talað við hann.
>
> **SIGURÐUR RÚNAR SIGURJÓNSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI EIRAR



**SAKAÐUR UM ÝMISLEGT** Séra Sigurður hefur verið sakaður um frændhygli með því að ráða skyldmenni sín til starfa hjá Eir og sjálftöku með því að láta Eir skipta við hans eigið fyrirtæki. Hann hafnar þessu öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Hafnar braski og fagnar úttekt

Séra Sigurður Helgi, sem lét af störfum sem framkvæmdastjóri Eirar vorið 2011, sendi frá sér yfirlýsingu í gær í tilefni af umfjöllun um störf hans.

„Ég hafna því alfarið að störf mín þar hafi orkað tvímælis,“ segir í yfirlýsingunni. „Því fagna ég því ef gerð verður úttekt á rekstri hjúkrunarheimilisins. Hún mun væntanlega leiða í ljós hvort eitthvað hafi verið athugavert við störf mín sem framkvæmdastjóri eða við störf stjórnar heimilisins á þessum tíma.“

Hann kveðst ekki telja rétt að tjá sig frekar um málið að sinni.




Lykilatriði í fjármögnun atvinnutækja

Lykill býður fyrirtækjum örugga fjármögnun atvinnutækja

Það er lykilatriði að tala við réttan aðila þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja. Starfsfólk okkar býr yfir yfirgripsmikilli reynslu og veitir skjóta og góða þjónustu ásamt ítarlegum upplýsingum um bestu valkosti í fjármögnun hverju sinni.

Lykill – opnar á möguleika.

LYKILL

Lykill er hluti af MP banka | Ármúli 13a | Sími 540 1700 | Lykill.is

Brandenburg

# 3,5 L/100 KM FJÖLSKYLDUBÍLL
## MEÐ SPARNEYTINNI DÍSILVÉL

M.V. BLANDAÐAN AKSTUR

## RENAULT MEGANE SPORT TOURER

DÍSIL

VERÐ: **3.390.000 KR.** BEINSKIPTUR

VERÐ: **3.690.000** KR. SJÁLFSKIPTUR

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

P FRÍTT Í STÆÐI!





## SPARNEYTINN OG UMHVERFISVÆNN

**1.714 km**
Miðað við blandaðan akstur

A $CO_2$ 90 G/KM
er með því lægsta sem þekkist í bílum í þessum stærðarflokki.

**EYÐSLUTÖLUR:**

| | |
|---|---|
| LANGKEYRSLA | **3,2 L** / 100 KM |
| BLANDAÐ | **3,5 L** / 100 KM |
| INNANBÆJAR | **3,9 L** / 100 KM |

Nýr Renault Megane beinskiptur er með sparneytnustu bílum sem völ er á.
Hann getur ferðast 1.714 km á einum tanki.

Bíll á mynd er með „privilege" pakka og á 18" álfelgum.

ENNEMM / SÍA / NM55179

www.renault.is

## KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Vertu velkomin(n) í kaffi og reynsluakstur. Þú þiggur kaffi og lætur sölumenn okkar aðstoða þig við að reikna út hvernig þú getur eignast nýjan sparneytinn Renault. Eftir að hafa reynsluekið Renault veistu hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bílinn sem hentar þér – Sjáumst!

RENAULT

B|L **BL ehf.** Sævarhöfða 2 / 525 8000
Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533



**FLINKUR KNAPI** Liðsmaður hinnar heilögu stríðsmannareglu Nihang á Indlandi situr tvo hesta samtímis á síkahátíð í borginni Amritsar. Geri aðrir betur. NORDICPHOTOS/AFP

Fullt út úr dyrum á fundi Hagsmunasamtaka heimilanna á þriðjudagskvöld:

# Krefjast afnáms verðtryggingar

**EFNAHAGSMÁL** Alþingi á að tryggja tafarlaust afnám verðtryggingar á lánsfé og að gildandi lög um neytendavernd séu virt. Þetta kemur fram í ályktun sem var samþykkt á borgarafundi Hagsmunasamtaka heimilanna í Háskólabíói í fyrrakvöld.

Á fundinum var málsókn hjóna gegn Íbúðalánasjóði kynnt, en málsóknin er vegna verðtryggðs fasteignaláns og standa Hagsmunasamtök heimilanna að baki henni. Þórður H. Sveinsson lögmaður skýrði frá málsókninni.

Þá var fjallað um lagafrumvarp um neytendalán sem liggur fyrir þinginu, en samtökin hafa gert miklar athugasemdir við það. Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra svaraði þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram á frumvarpið.

Mikill hiti var í fundarmönnum en yfir þúsund manns komu saman á fundinum.

Einnig hélt Pétur H. Blöndal alþingismaður erindi til varnar sparifjáreigendum og Guðmundur Ásgeirsson varaformaður Hagsmunasamtaka heimilanna fyrir hönd stjórnarinnar. - þeb



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



PÉTUR BLÖNDAL

Ný uppgötvun í geimnum:

# Reikistjarna ein á geimflakki

**VÍSINDI** Vísindamenn við háskólann í Montreal staðfestu á dögunum að þeir hefðu fundið reikistjörnu sem ekki er hluti af stjörnukerfi, heldur flýtur frjáls um óravíddir alheimsins.

Þetta er í fyrsta sinn sem tilvist slíks fyrirbæris er staðfest. Þessi reikistjarna ber nafnið CFBDSIR2149, er um sjö sinnum stærri en Júpíter og í um 100 ljósára fjarlægð frá sólkerfi jarðar.

Hún þykir geta gefið innsýn í hvernig stakir hnettir geta losnað frá stjörnukerfum. - þj




# Fámennt í þingsölum vegna prófkjörsslaga

**Þingnefndarformaður kvartar yfir því að illa gangi að manna nefndarfundi og atkvæðagreiðslur um mikilvæg mál. Þingmenn séu uppteknir í prófkjörum. Skrifstofustjóri Alþingis segir eðlilegt að prófkjörin taki tíma hjá þingmönnum.**

**ALÞINGI** Prófkjör og forvöl stjórnmálaflokkanna eiga hug margra þingmanna þessa dagana og hefur borið á því að illa gangi að manna nefndarfundi af þeim sökum. Þá hefur verið fámennt í þingsal og þurft að ganga eftir því að nægilega margir þingmenn séu til að afgreiða mál.

Fjáraukalög voru samþykkt til þriðju umræðu á þriðjudag. Það er í raun mikilvægasta atkvæðagreiðslan í ferli málsins því eftir aðra eru samþykktar stærstu breytingarnar sem þingið vill gera á frumvarpinu. Venjan er sú að veigaminni breytingar eru gerðar við þriðju umræðu.

Fjáraukalögin voru samþykkt með 23 atkvæðum stjórnarliða. Stjórnarandstæðingar, 22 talsins, sátu hjá, en 18 voru fjarstaddir. Venju samkvæmt fellir stjórnarandstaða ekki fjárlög og fjáraukalög, en hún hefði ekki þurft miklar tilfæringar til þess í gær, þar sem aðeins munaði einu atkvæði.

Björn Valur Gíslason, formaður fjárlaganefndar, segir þetta bagalegt þegar kemur að jafnstóru máli og fjáraukalögum.

„Það er náttúrlega ekki boðlegt ef það þarf að fara að grátbiðja fólk um að koma og greiða atkvæði og taka þátt í umræðum, jafnvel þó menn séu að reyna að hafa fyrir því að komast inn á þing. Menn verða þá að vera þar líka. Þetta þætti ekki gott til eftirbreytni á öðrum vinnustöðum."

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir að reynt sé að tímasetja mikilvægar atkvæðagreiðslur vel og allar atkvæðagreiðslur séu auglýstar með fyrirvara. Stundum sé hins vegar strembið að ná tilskildum fjölda í salinn. Það sé hins vegar misskilningur að vinnustaður þingmanna sé bundinn við þingsalinn.

„Hann er líka í þingflokkum og alls konar öðrum erindagjörðum, þannig að þetta er ekkert bundið núna við prófkjör eða neitt slíkt. En það er auðvitað ljóst að þau taka mikla athygli frá mönnum og skárra væri það nú."

Ljóst sé hins vegar að prófkjörin hafi áhrif.

„Það hefur auðvitað verið þannig undanfarna daga, undanfarnar tvær vikur, að það hefur borið á því að ekki hefur verið margt í þingsalnum og maður veit svo sem alveg hver skýringin er. Þetta er þó ekki neitt sem maður gæti kallað óeðlilegt." kolbeinn@frettabladid.is



**ALÞINGI** Hluti af starfi þingmanna fer fram utan þingsala og hefur sérstaklega borið á því undanfarið þegar þingmenn berjast fyrir sætum á listum flokka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**32 þarf til**

**32 þingmenn verða að vera í salnum til að atkvæðagreiðsla sé gild**
34 þingmenn voru við atkvæðagreiðslu um afbrigði á fimmtudag
29 þingmenn voru þá fjarstaddir



HELGI BERNÓDUSSON



BJÖRN VALUR GÍSLASON






# BAÐ INNRÉTTINGAR

Allt að 35% afsláttur!




stgr. 69.900

**KY-001** Sett 130x48 sm
verð áður kr 105.210




stgr. 54.900

**S-0916** Sett 100x46 sm
verð áður kr 90.170

verslið þar sem úrvalið er!




**M-7197** Sett 54x31 sm
verð áður kr 45.090

stgr. 26.900




**S-9010** Sett 60x46 sm
verð áður kr 75.100

stgr. 45.900




**BN-600** án spegils 60x39 sm
verð áður kr 60.060

stgr. 36.900

## Speglaskápar m/ljósi

35% afsláttur!



| nr | stærð | litur | 35% afls. | verð áður |
|---|---|---|---|---|
| M600 H | 60x70x15 sm | Háglans hvítt | 19.900 | 30.845 |
| M600 E | 60x70x15 sm | Eik | 20.900 | 32.395 |
| M800 H | 80x70x15 sm | Háglans hvítt | 23.900 | 37.045 |
| M800 E | 80x70x15 sm | Eik | 24.900 | 38.045 |
| M900 H | 90x70x15 sm | Háglans hvítt | 28.900 | 44.795 |
| M900 E | 90x70x15 sm | Eik | 29.900 | 46.345 |
| M1000 H | 100x70x15 sm | Háglans hvítt | 36.900 | 60.885 |
| M1200 H | 120x70x15 sm | Háglans hvítt | 42.300 | 69.795 |

**Skoðaðu nýtt baðinnréttingakerfi á heimasíðu okkar:**

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# NÓVEMBER TILBOÐ

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Allt að 80% lánamöguleikar

Mikið úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á góðu verði í nóvember!




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/11, ekinn 49 þús km.
dísel, sjálfskiptur
Rnr. 260006

Frábær kaup kr.
6.790 þús.



NISAN NOTE VISIA
Nýskr. 06/11, ekinn 46 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Frábær kaup kr. 1.990 þús.
Rnr.200929



HYUNDAI Santa Fe METAN
Nýskr. 08/12, ekinn 9 þús. km.
bensín METAN, sjálfskiptur.
Frábær kaup kr. 5.690 þús.
Rnr.120078




HYUNDAI iX35 GLS
Nýskr. 08/12, ekinn 16 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Frábær kaup kr. 4.690 þús.
Rnr.151480.



CHEVROLET LACETTI STATION
Nýskr. 01/11, ekinn 26 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Frábær kaup kr. 1.990 þús.
Rnr.151534.



HYNDAI i30 Classic
Nýskr. 05/11, ekinn 45 þús km.
bensín, beinskiptur
Frábær kaup kr. 1.990 þús.
Rnr.190652




NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 06/11, ekinn 12 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Frábær kaup kr. 2.190 þús.
Rnr. 280269.

bílaland

Klettháls 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


Fjöldi mála hefur verið afgreiddur á Kirkjuþingi 2012 sem nú stendur yfir:

# Hlunnindagreiðslur heitt efni

**ÞJÓÐKIRKJAN** Tvær þingsályktunartillögur hafa verið lagðar fyrir Kirkjuþing 2012 er varða hlunnindi presta af kirkjujörðum.

Í annarri er lagt til að allar tekjur af hlunnindum kirkjujarða renni óskiptar til kirkjumálasjóðs, en ekki þeirra sem sitja jarðirnar.

Í ályktuninni segir að öllum ákvæðum haldsbréfa fyrir prestssetur um hlunnindi verði sagt upp frá og með 1. janúar 2013, með árs fyrirvara.

Önnur ályktun um hlunnindi var lögð fram af Birnu G. Konráðsdóttur, sem á sæti í kirkjuráði. Þar segir að kirkjuráð skuli láta vinna skýrslu þar sem öll þau hlunnindi koma fram er kirkjujarðir bera, hvort sem þau tengjast vinnuframlagi eða ekki.

Fréttablaðið fjallaði um málið á dögunum, þar sem kom meðal annars fram að hlunnindi presta vegna laxveiðitekna geti skipt milljónum króna á ári. Engin skrá yfir greiðslur er þó til á Biskupsstofu, en unnið er að gerð slíkrar skrár. Báðum málum var vísað til fjárhagsnefndar á Kirkjuþingi.

- sv



**KIRKJUÞING Í GRENSÁSKIRKJU** Kirkjuþing 2012 hófst 10. nóvember síðastliðinn og hefur fjöldi mála nú þegar verið afgreiddur. MYND/ÚR SAFNI




**MANNFJÖLDI MÓTMÆLIR** Í Rómaborg og fleiri borgum Ítalíu var mikil þátttaka í mótmælafundum. NORDICPHOTOS/AFP

# Milljónir mótmæla niðurskurðarhörku

**Verkföll skullu á í Grikklandi, á Ítalíu, Spáni og í Portúgal og mótmæli í nærri tuttugu öðrum Evrópuríkjum gegn niðurskurði. Verkalýðsfélög krefjast mildandi mótvægisaðgerða. Óeirðir brutust víða út í tengslum við mótmælin.**

**SPÁNN, AP** Mikil þátttaka var í verkföllum og mótmælafundum í Miðjarðarhafsríkjum Evrópu þar sem skuldakreppan hefur komið einna þyngst niður á almenningi.

Þátttakan var minni norðar í álfunni, en verkalýðsfélög í ríkjum ESB höfðu boðað til samhæfðra aðgerða í gær gegn niðurskurðarhörku stjórnvalda.

„Það er félagslegt neyðarástand í suðrinu,“ segir Bernadette Segol, framkvæmdastjóri Bandalags evrópskra verkalýðsfélaga. „Allir vita að sú stefna sem verið er að framkvæma núna er ósanngjörn og að hún virkar ekki.“

Stjórnvöld margra ríkja hafa skorið niður í ríkisútgjöldum, fækkað starfsfólki, lækkað laun þess og eftirlaun, ásamt því að hækka skatta. Með þessum aðgerðum er vonast til að draga megi úr fjárlagahalla og bæta skuldastöðu ríkjanna.

Sparnaður stjórnvalda hefur hins vegar bitnað harkalega á almenningi, einna mest í Grikklandi en einnig á Spáni, Ítalíu, í Portúgal og Frakklandi. Atvinnuleysi er yfir 25 prósentum á Spáni og Grikklandi, en í þessum löndum er meira en helmingur fólks undir 25 ára aldri án atvinnu.

Milljónir manna lögðu niður vinnu í þessum löndum. Fjölmennir mótmælafundir voru haldnir og snerust þeir sums staðar upp í óeirðir og átök við lögreglu. Í Madríd á Spáni voru tugir mótmælenda handteknir.

Evrópsku verkalýðsfélögin krefjast þess að hætt verði við niðurskurðarstefnuna og í staðinn komi aðgerðir sem verji stöðu almennings og dragi úr atvinnuleysi.

„Auðvitað er þetta pólitískt verkfall, gegn stefnu sjálfseyðileggjandi og andfélagslegra stjórnvalda,“ segir Fernandez Toxo, leiðtogi spænska verkalýðsfélagsins CCOO.

Atvinnurekendur segja verkföll hins vegar ekki réttu leiðina: „Ef efnt er til verkfalla í aðildarríkjunum og fyrirtækjunum þá gerir það ekki annað en að skaða efnahagslífið,“ segir Philippe de Buck, framkvæmdastjóri Eurobusiness, samtaka evrópska iðnaðarins í Brussel. „Og það er ekki rétta leiðin núna.“

gudsteinn@frettabladid.is

**Atvinnuleysi á evrusvæðinu**

Alls eru nú 18,5 milljónir manna án atvinnu í evruríkjunum sautján. Þetta er einn af hverjum níu á vinnumarkaði landanna. Aldrei hefur atvinnuleysi á svæðinu verið meira.




*Tölur frá ágúst og júlí 2012 © GRAPHIC NEWS

Heimild: EUROSTAT

Íslensk málnefnd veitti viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu:

# Voru lykilmenn í gerð talgreinis

**SAMFÉLAGSMÁL** Kristinn Halldór Einarsson, Jón Guðnason og Trausti Kristjánsson hlutu viðurkenningar Íslenskrar málnefndar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu í ár.

Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins, hlaut viðurkenningu fyrir að hafa frumkvæði að gerð nýs íslensks talgervils, sem félagið kynnti fyrr á árinu. Talgervillinn er hugbúnaður sem breytir texta í tal. Talgervilinn er hægt að nota í tölvum, símum og annars konar tölvustýrðum búnaði. Hann er því ómetanlegt hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta auk þess að vera stórtíðindi fyrir íslenska máltækni og íslenska tungu.

Þá fengu Jón Guðnason, lektor í tölvunarfræði, og Trausti Kristjánsson, aðjunkt við Háskólann í Reykjavík, viðurkenningu fyrir framlag sitt til nýs talgreinis fyrir íslensku. Google kynnti talgreini fyrir íslensku í lok sumars, en hann nemur talað mál og breytir í ritaðan texta. Jón og Trausti voru lykilmenn í því að talgreinirinn varð til á íslensku.

- þeb



**FENGU VIÐURKENNINGU** Jón og Trausti voru lykilmenn í íslensku raddleitinni hjá Google. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
FYLGIHLUTUM FYRIR
SAUMAVÉLAR




# SAUMAVÉLA DAGAR!

**Komdu á saumavéladaga í Pfaff. Við verðum með frábær tilboð á saumavélum og fylgihlutum fram til laugardags.**



HUSQVARNA TRIBUTE 140M
Góð heimilissaumavél, hentar vel byrjendum sem lengra komnum.
VERÐ ÁÐUR 69.900,- 40 STK.
**TILBOÐ 59.900,-**



HUSQVARNA TRIBUTE 140C
Góð saumavél í fatasaum og bútasaum.
VERÐ ÁÐUR 169.900,-
**TILBOÐ 149.900,-**

AFMÆLISVÉL • AFMÆLISVÉL •




PFAFF EXPRESSION 150
Góð saumavél í bútasaum og fatasaum.
VERÐ ÁÐUR 159.900,-
**VERÐ 144.900,-**

AFMÆLISVÉL • AFMÆLISVÉL •




PFAFF SELECT 150
Góð saumavél fyrir heimili og kennslu í skólum.
VERÐ ÁÐUR 95.900,-
**TILBOÐ 85.900,-**

DYNAMO REYKJAVÍK




SINGER 14SH754
4 þráða overlockvél sem sker efnið.
VERÐ ÁÐUR 69.900,- 40 STK.
**TILBOÐ 49.900,-**

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ SAUMA FYRIR JÓLIN.
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

kíktu inn á **www.pfaff.is**

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF



**GAMAN Í AFGANISTAN** Stúlka rólar sér í skemmtigarði í borginni Jalalabad í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísindamenn NASA kveða niður bábiljur um yfirvofandi tortímingu jarðar:

# Enginn heimsendir er í nánd

**VÍSINDI** Ekkert bendir til þess að fyrirbæri utan úr geimi muni koma til með að tortíma lífi á jörðinni fyrir árslok og sögur um yfirvofandi heimsendi 21. desember næstkomandi eiga ekki við rök að styðjast.

Þetta kemur fram á vef NASA, geimferðastofnunar Bandaríkjanna, en vísindamenn stofnunarinnar fóru nýlega yfir ýmis álitamál sem upp hafa komið síðustu misseri.

Ein sú lífseigasta er að reikistjarna að nafni Nibiru muni rekast á jörðina í desember og granda öllu lífi, á sama tíma og fornu dagatali Maya lýkur.

NASA bendir hins vegar á að árið 2003 hafi sömu spár verið á lofti en þeim hafi svo verið breytt í ljósi þess að heimurinn fórst ekki. Ekkert fyrirbæri stefni nú á jörðina.

Þá steðji lífi á jörð engin hætta af nokkurs konar uppröðun reikistjarnanna í sólkerfinu eða umpólun segulsviðs jarðar, ef svo ólíklega vildi til að það ætti sér stað innan nokkurra þúsunda ára.

Þegar allt kemur til alls, segja NASA-menn, eru fullyrðingar og kenningar á floti í bókum, bíómyndum og á vefsíðum alfarið án raka. Jarðarbúar geti því andað rólega. -þj



**ÓHULT, Í BILI** Vísindamenn NASA segja engar vísbendingar um að líf á jörðu muni tortímast fyrir árslok, jafnvel þótt til lengri tíma sé litið. MYND/NASA

Tölur Hagstofu Íslands:

## Atvinnuleysi 4,5% í október

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi í október mældist 4,5 prósent samkvæmt því sem fram kemur í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

Atvinnuleysi í september var fimm prósent, en í október í fyrra mældist það sjö prósent.

Í tölum Hagstofu kemur fram að í síðasta mánuði hafi að jafnaði verið 178.500 manns á vinnumarkaði. Af þeim voru 170.400 starfandi og 8.100 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka mældist 79,5% og hlutfall starfandi 75,9%. -þj

Dómsúrskurður í Frakklandi:

## Svikari fær átta ára fangelsisvist

**FRAKKLAND, AP** Svikahrappurinn Thierry Tilly hlaut í fyrradag átta ára fangelsisdóm fyrir að hafa svikið nærri 750 milljónir króna út úr auðugri fjölskyldu í Frakklandi.



**THIERRY TILLY**

Hann taldi Vedrines-fjölskyldunni trú um að samsæri frímúrara væri í gangi gegn henni og líf fjölskyldunnar væri í hættu.

Árum saman læsti fjölskyldan sig inni á sveitasetri sínu, seldi eigur og afhenti svikahrappnum, sem í heil níu ár komst upp með svikamylluna. -gb

Magnús til Norðurskautsráðs:

## Viðurkenning á störfum Íslands

**UMHVERFISMÁL Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri verður fyrsti framkvæmdastjóri fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins. Þetta var ákveðið á fundi embættismannanefndar Norðurskautsráðsins í Svíþjóð í gær.**

**Magnús er ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu og hefur gegnt því starfi í tuttugu ár. Hann var áður siglingamálastjóri.**

**Magnús var valinn úr hópi 36 umsækjenda og hefur líklega störf í Tromsö í Noregi í febrúar næstkomandi. -þeb**

# Nýtt kjarasamkomulag við ríkið kolfellt af kennurum

**Framhaldsskólakennarar kolfelldu samkomulag ríkisins og FF. Niðurstaðan vonbrigði, segir menntamálaráðherra. Skólameistari býst við frekari frestun á innleiðingu laga. Skýrist af bullandi óánægju með kjör.**

**MENNTAMÁL** Félagsmenn í Félagi framhaldsskólakennara (FF) kolfelldu samkomulag ríkisins, FF og Félags stjórnenda í framhaldsskólum í allsherjaratkvæðagreiðslu sem lauk á mánudag. Tæplega 75 prósent félagsmanna neituðu samkomulaginu.

Um er að ræða viðbót við núgildandi kjarasamning framhaldsskólakennara síðan í fyrra, sem gildir til marsloka 2014. Viðbótin er liður í innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga sem voru samþykkt árið 2008.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, býst ekki við því að niðurstaðan muni fresta innleiðingu laganna, en áætlað er að þau verði innleidd að fullu árið 2015.

„Auðvitað eru þetta ákveðin vonbrigði. Þetta var gluggi sem opnaðist í samningum sem gilda til ársins 2014 og okkur gafst færi á að endurskoða þá,“ segir Katrín. „Ég vonaði að þetta gæti orðið liður í að bæta kjör kennara sem eru sannarlega ekki nægilega góð á Íslandi. En ég er ekki að sjá fyrir mér að lögunum verði frestað frekar.“

Steinn Jóhannsson, skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla, er ósammála menntamálaráðherra.

„Þetta mun án efa seinka innleiðingu laganna,“ segir hann. „Það eru vonbrigði að samkomulagið náðist ekki, en það kemur mér ekki á óvart miðað við umræðurnar síðustu vikur.“ Í ljósi þess að samningurinn var felldur munu framhaldsskólakennarar ekki taka þátt í vinnu við nýjar námskrár, sem er einn liður í innleiðingu laganna.

„Þeirra stærsta vinna er að þróa nýjar áfangalýsingar í samræmi við ný lög. Við vonuðumst eftir því að fjármagn myndi skila sér svo kennarar fengju borgað, en því miður vitum við ekkert hvað gerist núna,“ segir hann. „Ég er spenntur að heyra hvað ríkisvaldið mun gera.“

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir niðurstöðuna ekki koma á óvart. Bullandi óánægja framhaldsskólakennara með laun og kjaramál skýri að hluta til afstöðu þeirra.

„Við vorum margsinnis búin að ítreka að ef innihaldið yrði rýrt yrðu viðtökurnar ekki góðar,“ segir hún. „Nú hafa kennarar talað og þetta er niðurstaðan.“

Aðalheiður segir ríkisvaldið þurfa að hafa frumkvæði að því að boða til samningafunda á ný.

„Héðan í frá munum við undirbúa harða kjarasamninga fyrir árið 2014. Við munum koma þeim skilaboðum til kennara að þeir taki ekki að sér vinnu við að þróa nýjar námsbrautir, nema það sé skýlaust greitt samkvæmt ákvæðum.“

sunna@frettabladid.is

### Niðurstöður






**NÝ LÖG SÖGÐ Í UPPNÁMI** Skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla segir niðurstöðuna seinka innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla enn frekar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Af netinu

**Framhaldsskólakennarar um nýju samningana:**

*„Reynið ekki aftur að bjóða okkur annað eins.“*
**Gylfi Þorkelsson**

*„Það hlýtur að teljast til tíðinda að heil starfsstétt skuli þurfa að semja sérstaklega um að fá greitt fyrir yfirvinnu.“*
**Guðríður Arnardóttir**

*„Kennarar verða að vera staðfastir, hafna samningstilboðinu og láta ekki glepjast af hræðsluáróðri.“*
**Guðjón Ragnar Jónasson**



Við munum koma þeim skilaboðum til kennara að þeir taki ekki að sér vinnu við að þróa nýjar námsbrautir, nema það sé skýlaust greitt samkvæmt ákvæðum.

**AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR,** FORMAÐUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

www.volkswagen.is




Volkswagen Jetta Highline

**Fullkominn fjölskyldubíll**

Jetta Highline er ríkulega búinn staðalbúnaði á hagstæðu verði. Má þar meðal annars nefna 16" álfelgur, leðurklætt fjölrofa stýri, nálgunarvara í stuðurum, ESP stöðugleikastýringu, þokuljós, hita í sætum, rafstýrða upphitaða spegla og margt fleira.

**Volkswagen Jetta Highline kostar aðeins frá**

**3.850.000 kr.**

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Jetta

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA


NÝTT VISATÍMABIL
DEBENHAMS
Sprengidagur
25%*
AFSLÁTTUR
af öllum vörum
20% AFSLÁTTUR
af snyrtivörum*
Opið til 24:00 í kvöld!
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gerðu lífið skemmtilegra
Frí ráðgjöf!
Pantaðu tíma hjá stílista
í síma 522 8010
Morgunhanatilboð
frá kl. 9-12
40%
AFSLÁTTUR
af völdum vörum
Af öllum dömukjólum
Fullt verð: 6.990
Morgunhanatilboð: 4.194
Af Debenhams samfellu
Triumph
minimizer
Fullt verð: 7.990
Morgunhanatilboð: 4.794
Af Minimizer brjóstahaldara
Fullt verð: 2.490
Morgunhanatilboð: 1.494
Af nærbuxum 5 í pakka
Af öllum dömuskóm
frá Debenhams
Af völdum herraskyrtum
Af herra náttfötunum og
úrvali af sloppum
Af öllum knöllum
Á morgunhanatilboði
25%
AFSLÁTTUR
af öllum
snyrtivöru-
gjafakössum
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Opið til
24
í kvöld

# Miðnætur opnun



Komdu og gerðu kjarakaup á Miðnæturopnun Smáralindar. Raggi Bjarna tekur dúetta með Helga Björns og Sveppa, Ragnheiður Gröndal spilar hugljúfa tóna, Eyþór Ingi mætir með kassagítarinn og Sirkus Íslands iðkar æsispennandi loftfimleika. Kynningar um allt hús og næg bílastæði. Taktu kvöldið frá og gerðu jólainnkaupin snemma í stærstu verslunarmiðstöð landsins!

Taktu þátt í ógleymanlegri Miðnæturopnun!

Kíktu á okkur
á Facebook
í dag og taktu
þátt í leiknum

Hefjum jólin
í Smáralind,
næg bílastæði

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á Facebook

# 10-50% afsláttur

**10% afsláttur**
af öllum vörum.
**30% afsláttur**
af völdum vörum.
VERO MODA

**20-50% afsláttur**
af völdum vörum.
JACK & JONES

**20-50% afsláttur**
af völdum herravörum.
**20-50% afsláttur**
af völdum dömuvörum.
**10% afsláttur**
af öllum dömuvörum.
SELECTED

**20% afsláttur**
af snyrtivörum.
**25% afsláttur**
af öllum öðrum vörum.
DEBENHAMS

**10% afsláttur**
af öllum vörum.
**30% afsláttur**
af völdum vörum.
VILA CLOTHES

**Tvennutilboð:**
BBQ Burrito og kristall
**kr. 999.**
serrano FRESH MEX

**20% afsláttur**
af öllum Skullcandy
og iLuv vörum.
epli.is

**Frítt fyrir 12 ára og yngri**
af barnamatseðli.
T.G.I. FRIDAYS

**500 kr.**
af öllum bolum.
DOGMA

**20% afsláttur**
af 200 vörutegundum.
name it

**20% afsláttur**
af öllum úrum.
JÓN & ÓSKAR
Laugavegur / Smáralind / Kringlan

**20% afsláttur**
af öllum glösum
og staupum.
SØSTRENE GRENES ALL OVER THE WORLD HANDELSKOMPAGNIE

**3 fyrir 2**
af öllum vörum.
Dressmann

**20% afsláttur**
af hátíðarkaffi og jólatei.
TE & KAFFI

**3 fyrir 2**
tilboð á Pandora hringum.
Kauptu tvo hringa og fáðu þann þriðja (ódýrasta) frítt með!
PANDORA
ÓGLEYMANLEG AUGNABLIK

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
Ice in a bucket

**20% afsláttur**
af öllum silfurskartgripum.
meba | rhodium
ÚR OG SKARTGRIPIR

**15-30% afsláttur**
af völdum vörum.
BJARKARBLÓM

**20-30% afsláttur**
af völdum vörum.
ZO-ON ICELAND

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
ORGINAL

**20% afsláttur**
af verði allra vörutegunda.
THE BODY SHOP

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
HYGEA
snyrtivöruverslun

**30% afsláttur**
af völdum vörum.
Levi's

**5 fyrir 4**
af allri jólavöru.
Gildir ekki af sælgæti.
MegaStore

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
POLARN O. PYRET

**Stór bátur**
að eigin vali og
lítið gosglas
á aðeins **999 kr.**
SUBWAY

Flott tilboð og afslættir af
**jólavörum.**
LYFJA
- Lifið heil

Smáralind

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Verð á vörum gildir meðan birgðir endast.

ENNEMM / SÍA / NM55251

# GLÆSILEG

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
JÚNÍK

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
JOE BOXER

**20% afsláttur**
af öllum vörum,
gildir ekki með öðrum tilboðum.
HOLLAND & BARRETT
we're good for you

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
Monroe

**15% afsláttur**
af öllum vörum.
Drangey

**20% afsláttur**
af öllum skóm,
öllum útivistarfatnaði
og öllum úlpum.
ÚTILÍF

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
DÚKA

**20% afsláttur**
af öllum skóm.
skór.is

**20% afsláttur**
af öllum skóm.
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

**20% afsláttur**
af öllum skóm.
ecco

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
SMASH

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
KARAKTER
KONUR

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
gs skór

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
focus

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
galleri sautján

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
Leonard

**25% afsláttur**
af öllum yfirhöfnum
og skóm.
TOPSHOP

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
evans.

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
KAREN MILLEN

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
DOROTHY PERKINS

**20% afsláttur**
af öllum fatnaði, skóm
og leikföngum.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**15% afsláttur**
af öllum skóm.
BOSSANOVA

10 bita
**Miðnæturblandbakki**
aðeins 1.490 kr.
**Marengstertusneið og kaffi**
aðeins 890 kr.
SUSHIGRYFJAN

**Adesso ostborgari**
með frönskum og sósu
aðeins 1.390 kr.
**Bernaise ostborgari**
með frönskum
aðeins 1.390 kr.
**Frítt Chaqwa kaffi**
með tertusneiðum.
CAFÉ ADESSO

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
smárar

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
BOYS

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
KITCHEN LIBRARY

**20% afsláttur**
af öllum vörum .
**30% afsláttur**
af Fragrance Library
(ilmvötnum & húðvörum)
MAKE UP STORE



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Verð á vörum gildir meðan birgðir endast.

**Stanslaus skemmtun til miðnættis!**



# TILBOÐ

**20% afsláttur**
af öllum aukahlutum.
10 GB notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir öllum símum.
TAL

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
Fríaheimsending út á land.
oasis

**20% afsláttur**
af öllum Bed Head vörum.
MODUS Hárstofa SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
Signatures Of Nature Organic Beauty

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
snúðar & snældur

**25% afsláttur**
af sólgleraugum: Oakley, Ray Ban, Prada, Tom Ford, Roberto Cavalli og Vogue.
Optical Studio

**20% afsláttur**
af 66° Norður vörum.
66° NORÐUR

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
CORNER

**20% afsláttur**
af öllum silfurskartgripum.
CARAT Haukur gullsmiður

**20-50% afsláttur**
af völdum vörum.
herra GARÐURINN -klæðir þig vel

**20% afsláttur**
af karamellusveiflu.
Kaffitár

**20% afsláttur**
af öllum glösum og kertastjökum.
Líf & List SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
DÝRABÆR

**Kaffi og konfekt**
fyrir alla matargesti. Verið velkomin.
energia RESTAURANT - KAFFI - BAR

**20% afsláttur**
af öllum Cintamani vörum.
CINTAMANI

**20% afsláttur**
af öllum skóm.
Kaupfélagið

**25% afsláttur**
af öllum vörum.
UNITED COLORS OF BENETTON.

**20% afsláttur**
af öllum skóm.
Bata Skóverslun Smáralind

**20% afsláttur**
af öllu fyrir Vildarklúbbsfélaga.
Skráðu þig í klúbbinn og fáðu afsláttinn um leið.
Eymundsson

Þú spilar eins oft og þú vilt í yfir 100 leiktækjum fyrir **1.590 kr.** frá kl. 19-24.
Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af öllum klútum.
SIX

**20% afsláttur**
af öllum vörum.
HERRA KÓPAVOGUR SMÁRALIND

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM55251

**FRÉTTASKÝRING:** Prófkjör Samfylkingarinnar

## *Suðurkjördæmi*



**Á KJÖRSKRÁ**
**UM 3.000**

**ÞAR AF NÝIR:**

**FLOKKSMENN 100**

**STUÐNINGSMENN 700**

**SAMTALS 800**

| | |
|---|---|
| Arna Ír Gunnarsdóttir | 3. sæti |
| Árni Rúnar Þorvaldsson | 2. til 4. |
| Bergvin Oddsson | 3. |
| Björgvin G. Sigurðsson | 1. |
| Bryndís Sigurðardóttir | 1. til 4 |
| Guðrún Erlingsdóttir | 2. til 3. |
| Hannes Friðriksson | 3. |
| Kristín Erna Arnarsdóttir | 3. til 4. |
| Oddný G. Harðardóttir | 1. |
| Ólafur Þór Ólafsson | 2. til 3. |
| Soffía Sigurðardóttir | 3. |

**FYLGI 2009** ......... **28%**
**3 ÞINGMENN**

## *Reykjavík*

| | |
|---|---|
| Anna Margrét Guðjónsdóttir | 3. til 4. sæti |
| Arnar Guðmundsson | 4. til 5. |
| Björk Vilhelmsdóttir | 3 til 4. |
| Freyja Steingrímsdóttir | 7. til 8. |
| Helgi Hjörvar | 2. |
| Hrafnhildur Ragnarsdóttir | 5. |
| Mörður Árnason | 3. |
| Ósk Vilhjámsdóttir | 6. |
| Sigríður Ingibjörg Ingadóttir | 1. til 2. |
| Skúli Helgason | 2. til 3. |
| Teitur Atlason | 4. til 5. |
| Valgerður Bjarnadóttir | 1. til 2. |
| Össur Skarphéðinsson | 1. |

**Á KJÖRSKRÁ**
**UM 7.000**

**ÞAR AF NÝIR:**

**FLOKKSMENN 800***

**FYLGI 2009**

**REYKJAVÍK NORÐUR**
**32,9%**
**4 ÞINGMENN**

**REYKJAVÍK SUÐUR**
**32,9%**
**4 ÞINGMENN**



*Rúmlega

# Harður slagur um þrjú oddvitasæti

**Valið verður á lista Samfylkingarinnar um helgina í Suðurkjördæmi og báðum Reykjavíkurkjördæmunum. Hart verður tekist á um oddvitasætin í öllum kjördæmum. Misskilnings virðist gæta varðandi kynjareglur í Reykjavíkurkjördæmunum.**



**SIGRI FAGNAÐ** Það ríkti fögnuður á kosningavöku Samfylkingarinnar eftir síðustu Alþingiskosningar. Flokkurinn bætti við sig þremur prósentustigum og tveimur þingmönnum. Jóhanna skilur eftir sig skarð sem margir vilja fylla. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Flokksval Samfylkingarinnar fer fram í Reykjavík og Suðurkjördæmi um helgina. Í Reykjavík geta aðeins þeir tekið þátt sem eru skráðir flokksmenn, en í Suðurkjördæmi er nóg að skrá sig á stuðningsmannalista.

Ljóst er að hörð barátta er um oddvitasæti á listunum þremur. Oddný G. Harðardóttir og Björgvin G. Sigurðsson takast á um efsta sætið í Suðurkjördæmi. Í Reykjavík stendur baráttan á milli Össurar Skarphéðinssonar, sem gefur kost á sér í 1. sæti, Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur og Valgerðar Bjarnadóttur, sem gefa kost á sér í 1. til 2. sæti, og Helga Hjörvar, sem gefur kost á sér í 2. sætið.

### Misskilningur um kynjakvóta

Flokksvalið í Reykjavík er sameiginlegt fyrir bæði kjördæmin. Á fundi fulltrúaráðsins 15. október var samþykkt að niðurstaða flokksvalsins yrði bindandi fyrir átta efstu sætin, það er fjögur í hvoru kjördæmi fyrir sig. Fléttulistum verður beitt og samþykkt var að það þýddi að kona leiddi í öðru kjördæminu en karl í hinu.

Á fundinum komu þau sjónarmið strax fram að það færi gegn lögum flokksins að beita fléttulistum á milli kjördæma. Tillaga um að leitað yrði ráðgefandi álits úrskurðarnefndar um hvort aðferðin væri tæk var hins vegar felld naumlega.

Ákvörðuninni var hins vegar skotið til úrskurðarnefndarinnar, sem komst að því að aðferðin stangaðist á við lög flokksins.

Þau skilaboð hafa hins vegar ekki farið hátt. Á heimasíðu flokksins er frétt frá 15. október þar sem aðferðin um fléttulista er útskýrð „þannig að fyrir liggur að kona leiði í öðru kjördæminu og karl í hinu,“ eins og segir í fréttinni.

Hvergi er að finna staf um álit úrskurðarnefndarinnar, en í annarri frétt frá 5. nóvember er orðalaust búið að fella þennan hluta út.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að fjölmargt Samfylkingarfólk telji að reglur kveði á um konu og karl sem oddvita hvort í sínu kjördæminu. Jafnvel hafi stuðningsmenn frambjóðenda vísað til þess í úthringingum. Svo er hins vegar ekki og getur sú staða komið upp að tveir karlar eða tvær konur leiði hvort sinn listann.

### Nýr oddviti í Reykjavík

Líkt og áður segir gefur Jóhanna Sigurðardóttir ekki kost á sér á ný. Nýr oddviti verður því í að minnsta kosti öðru kjördæminu, ef ekki báðum, allt eftir því hvernig Össuri gengur.

Sigríður Ingibjörg og Helgi Hjörvar hafa verið nefnd til sögunnar sem mögulegir formannsframbjóðendur í janúar. Ljóst er að útkoman úr prófkjörinu mun ráða miklu um hvort þau gefi kost á sér. Helgi býður sig beint fram í 2. sætið og ef hann nær því leiðir hann annan listann. Sigríður gefur hins vegar kost á sér í 1. til 2. sæti.

Það gæti reynst tvíbent. Fái hún mikinn fjölda atkvæða í 1. sæti, en ekki nóg til að fella Össur, er sá möguleiki fyrir hendi að hún detti niður fyrir Helga, fái hann mikinn fjölda í það sæti sem hann sækist eftir. Hér er mikið af ef-um, en út á það ganga fyrir fram pælingar um pólitík.

**13** gefa kost á sér í þau átta sæti sem eru í boði í Reykjavík.

Valgerður Bjarnadóttir býður sig einnig fram í 1. til 2. sætið og það sem hér var rakið varðandi Sigríði Ingibjörgu gildir einnig um hana. Valgerður hefur ekki verið orðuð við formannsframboð.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Össur muni vera nokkuð öruggur um fyrsta sætið, þó vissulega geti alltaf brugðið til beggja vona. Slagurinn um hitt sætið standi á milli Helga og Sigríðar.

### Þrettán í framboði

Auk þeirra fjögurra sem þegar hafa verið nefnd gefa níu aðrir kost á sér. Það berjast því 13 manns um þau átta sæti sem eru í boði.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir mun einnig draga sig í hlé í vor, en hún skipaði 4. sæti listans síðast. Þingmennirnir Skúli Helgason og Mörður Árnason gefa kost á sér á ný; Skúli í 2. til 3. sæti og Mörður í 3. sætið. Þar sem um sameiginlegt prófkjör er að ræða þýðir það að Skúli býður sig fram í 1. til 2. og Mörður í 2. sæti.

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi gefur kost á sér í 2. til 4. sæti, sem og Anna Margrét Guðjónsdóttir varaþingmaður. Þá gefur Teitur Atlason kost á sér í 4. til 5. sæti, sem og Arnar Guðmundsson, fyrrum aðstoðarmaður ráðherra.

### Svæðin takast á

Tvö gefa kost á sér í fyrsta sæti í Suðurkjördæmi, þau Björgvin G. Sigurðsson og Oddný G. Harðardóttir. Björgvin skipaði fyrsta sæti við síðustu Alþingiskosningar og Oddný var í öðru sæti. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Björgvin var viðskiptaráðherra 2007 til 2009, en sagði af sér í kjölfar hrunsins. Hann þótti fá uppreisn æru þegar hann vann fyrsta sætið síðast og er nú formaður allsherjar- og menntamálanefndar. Hann var formaður þingflokksins 2009 til 2010, en dró sig þá í hlé frá þingstörfum á meðan Alþingi fjallaði um rannsóknarskýrsluna og mögulegar kærur í framhaldi af því.

Oddný tók við þingflokksformennsku af Björgvin og var skipaður fjármálaráðherra þegar Katrín Júlíusdóttir fór í barnsburðarleyfi. Hún varð þingflokksformaður á ný þegar Katrín sneri aftur og gegnir þeirri stöðu nú.

Oddný er af Suðurnesjum og nýtur mikils stuðnings þar. Björgvin er hins vegar úr uppsveitum Árnessýslu. Svæðin takast því á um oddvitann og úrslitin munu ráðast á því hve vel hvoru gengur að sækja fylgi á svæði annars.

Róbert Marshall skipaði þriðja sæti listans síðast, en er nú genginn úr flokknum. Fjölmargir gefa kost á sér í sæti þrjú og niður úr, en alls eru ellefu í framboði.

### Kjörsókn og kynjamál

Pólitískir spekúlantar hafa gaman af því að reyna að sjá hegðan kjósenda fyrir. Líklega er raunin þó sú að kjósendur kjósi minna strategískt en margur heldur, velji frekar einfaldlega þann eða þá sem viðkomandi líst best á.

Margir heimildarmenn Fréttablaðsins nefna kynjamálin þó sem breytu sem gæti haft áhrif í forvalinu. Tveir karlar höfðu sigur í Suðvestur- og Norðausturkjördæmi og líklegt verður að teljast að karl verði í efsta sætinu í Norðvesturkjördæmi. Það gæti haft áhrif á kjósendur; að tryggja konu efsta sætið í einhverjum hinna kjördæmanna.

Þá verður athyglisvert að sjá hve margir munu taka þátt. Nokkuð hefur verið um nýskráningar, en þátttaka hefur ekki verið góð í þeim prófkjörum sem þegar hafa farið fram. Það er raunar ekki bundið við Samfylkinguna.

Sú skoðun hefur verið viðruð að kjósendum finnist þeir lítil áhrif hafa á stefnu sinna flokka, ekki síst þegar þeir sitja við stjórnvölinn. Því sé viljinn til að hópast á kjörstað þegar vantar stuðning í prófkjöri minni en ella.




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is





toyotakauptuni.is

# Komdu í Kauptún og veldu þér betri notaðan bíl á betra verði




**Lexus RX350 EXE**
3500 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 09.07 Ekinn 119.000 km
Verð: 4.770.000 Raðnr.: 998771
**Betra verð 3.990.000**




**Toyota Land Cruiser 200**
4500 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 111.000 km
Verð: 9.400.000 Raðnr.: 998681
**Betra verð 8.490.000**




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4030 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 07.09 Ekinn: 87.000 km
Verð: 7.290.000 Raðnr.: 998742
**Betra verð 6.490.000**




**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn 151.000 km
Verð: 4.900.000 Raðnr.: 998394
**Betra verð 4.350.000**




**Lexus RX350 Luxury**
3500 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 81.000 km
Verð: 5.290.000 Raðnr.: 998547
**Betra verð 4.490.000**




**Toyota Rav4 X**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.11 Ekinn: 24.000 km
Verð: 4.980.000 kr. Raðnr.: 998557
**Betra verð 4.350.000**




**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 Dísel, 6 gíra
Á götuna: 03.08 Ekinn: 106.000 km
Verð: 5.100.000 kr. Raðnr.: 998662
**Betra verð 4.290.000**




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.10 Ekinn: 56.000 km
Verð: 4.150.000 kr. Raðnr. 997585
**Betra verð 3.490.000**




**Toyota Avensis**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.10 Ekinn 52.000 km
Verð: 3.520.000 Raðnr.: 998635
**Betra verð 2.990.000**




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 12.03 Ekinn: 122.000 km
Verð: 3.150.000 Raðnr.: 998467
**Betra verð 2.750.000**




**Toyota Avensis W/G**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.09 Ekinn: 54.000 km
Verð: 3.000.000 Raðnr.: 998618
**Betra verð 2.590.000**




**Toyota Verso**
1600 Bensín, 6 gíra
Á götuna: 06.10 Ekinn 49.000 km
Verð: 3.000.000 Raðnr.: 997800
**Betra verð 2.590.000**




**Lexus RX300 EXE**
3000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 03.03 Ekinn: 117.000 km
Verð: 2.800.000 Raðnr.: 998834
**Betra verð 2.390.000**




**Toyota Corolla Sol**
1600 Bensín, 5 gíra
Á götuna: 06.09 Ekinn: 47.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Raðnr.: 998244
**Betra verð 2.150.000**




**Toyota Rav4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn: 93.000 km
Verð: 2.320.000 kr. Raðnr.: 998578
**Betra verð 1.990.000**




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 03/07 Ekinn: 95.000 km
Verð: 5.200.000 kr. Raðnr.: 998682
**Betra verð 4.390.000**

1 ár — Lágmarks-ábyrgðartími
% — Lánshlutfall
5,2 lítrar — Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri
$CO_2$ 120g — Útblástur $CO_2$ gr.
P — Umhverfisvænn bíll Frítt í stæði í Rvk.

*Farðu á **www.toyotakauptuni.is** og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Sími: 570-5070
Opið mán-fös kl. 07.45-18.00 - lau kl. 10.00 - 16.00
info@toyota.is

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðann akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

ergo
Reiknaðu með okkur

**Betri** notaðir bílar

TOYOTA

# neytendur
hagur heimilanna

**16,2%** ER SÚ HLUTFALLSLEGA VERÐHÆKKUN sem hefur orðið á kílópakkningu af Kellogg's morgunkorni síðustu þrjú ár.



■ Netviðskipti

## Rangar upplýsingar um réttindi hjá helmingi seljenda

Neytendur fá rangar upplýsingar um réttindi sín þegar þeir versla á netinu. Þetta eru niðurstöður könnunar sænsku neytendastofunnar. Helmingur netfyrirtækjanna gefur ekki réttar upplýsingar, einkum þegar um er að ræða upplýsingar um rétt neytenda til að skila vöru sem þeir sjá eftir að hafa keypt. Könnunin tók til 413 sænskra netfyrirtækja. Yfir helmingur þeirra braut gegn einhverri reglu um upplýsingaskyldu og nær helmingur þeirra, eða 187, veitti rangar eða engar upplýsingar um fyrrgreindan skilarétt. Það getur leitt til þess að viðskiptavinir sitja uppi með dýra vöru sem þeir vilja í raun ekki eiga þar sem þeir geta ekki iðrast kaupanna. Viðskiptavinir geta einnig tapað á viðskiptum við netfyrirtæki þegar þeir eru látnir borga flutning á vöru sem fyrirtækin sjálf eiga að greiða.

■ Heilbrigði

## Notkun nefúða getur orðið ávanabindandi

Sala á nefúðum hefur aukist mikið í Noregi og vara læknar þar við því að notkun þeirra geti orðið ávanabindandi og valdið bólgu í nefinu. Á vef Verdens Gang er haft eftir lækninum Hans Elverland að hann hafi nokkrum sinnum í viku tekið á móti sjúklingum sem fengu ráðleggingar um hvernig þeir ættu að venja sig af notkun nefúða. Sumir þeirra hafi greint frá því að þeir hefðu farið í apótek sem voru með helgarvakt til þess að tryggja að þeir ættu örugglega nefúða. Sjúklingarnir kvarta undan teppu í nefinu eftir að áhrifum úðans lýkur. Elverland segir að teppan hverfi af sjálfu sér. Þeir verði bara að þrauka. Læknirinn tekur fram að stutt notkun nefúða valdi ekki vandamálum. Teppan verði hins vegar verri eftir tveggja vikna notkun.






**ENDURVINNSLA** Umbúðum má skila óflokkuðum í nýju stöðinni við Dalveg 28. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þarf ekki að flokka og beygla má dósirnar

**Ekki þarf að flokka og telja skilagjaldsskyldar umbúðir, sem eru heilar, áður en komið er með þær í nýja tæknivædda stöð Endurvinnslunnar að Dalvegi 28 í Kópavogi. Í desember á að opna nýja tæknivædda stöð við Hraunbæ 123. Móttöku skilagjaldsskyldra umbúða hefur hins vegar verið hætt í Sorpu við Dalveg og við Sævarhöfða.**

„Gömlu móttökustöðvarnar voru orðnar úreltar og við stóðum frammi fyrir því að gera þyrfti átak fyrir viðskiptavini. Núna þarf enginn að bíða úti þar sem húsnæðið er miklu stærra á nýju stöðvunum. Þar er auk þess vaskur svo að fólk getur þvegið sér," segir Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, sem bætir því við að ástæðulaust hafi þótt að tæknivæða móttökuna við Sævarhöfða þar sem slík móttaka er rétt hjá eða við Knarrarvog.

Helgi tekur það fram að nauðsynlegt hafi verið að tæknivæða skilakerfið. „Við höfum verið eitt minnst tæknivædda land í heimi hvað varðar svona skilakerfi og við erum að gera bragarbót á því. Við vonum að þetta sé ekki bara endurvinnslu til góðs, heldur líka viðskiptavinum."

Á nýju stöðvarnar við Dalveg og í Hraunbæ þurfa viðskiptavinir ekki að koma með flokkaðar og taldar umbúðir ef þær eru heilar en slíkt kerfi hefur verið í móttökunni við Knarrarvog í tvö ár. „Viðskiptavinum hefur fjölgað hlutfallslega mest í Knarrarvogi. Við vonum að það sé vegna þess að menn hafa verið ánægðir með að þurfa ekki að flokka og telja heima hjá sér."

Áfram verður heimilt að koma með beyglaðar umbúðir, að sögn Helga. „Við erum ein af fáum þjóðum sem leyfa móttöku beyglaðra dósa og plastumbúða. Þegar lög um endurvinnslu voru sett 1989 vildu menn losna við allt rusl úr náttúru landsins hvar sem það lá. Þess vegna voru ekki sett mörk varðandi útlit þeirra. Annars staðar er ekki greitt fyrir beyglaðar umbúðir og sums staðar á Norðurlöndum taka vélar ekki við beygluðum umbúðum. Hér eru engin áform um að taka ekki við slíkum umbúðum en við viljum benda viðskiptavinum á að það sé betra að fá umbúðirnar heilar."

ibs@frettabladid.is

### Móttaka skilagjaldsskyldra umbúða

Ný tæknivædd stöð Endurvinnslunnar hefur verið opnuð við Dalveg 28 í Kópavogi. Í desember verður ný stöð opnuð við Hraunbæ 123 í Reykjavík.

Móttöku umbúða hjá Sorpu við Dalveg og við Sævarhöfða hefur verið hætt.

Áfram verður tekið á móti skilagjaldsskyldum umbúðum hjá Sorpu í Jafnaseli og Ánanaustum í Reykjavík, Breiðhellu í Hafnarfirði og Blíðubakka í Mosfellsbæ.





Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir



„Ég hef aldrei séð annað eins, samt er ég ýmsu vanur." Auglýsing

Ófriður um allt land

**RÖKKURHÆÐIR:** Svo virðist sem alda ófriðar ríði nú yfir landið. Í gærmorgun bárust fréttir af ýmis konar undarlegum uppákomum. Þar má fyrst nefna hópslagsmál sem brutust út meðal grunnskólanema í Rökkurhæðum. Nemendurnir, flestir á aldrinum 10 til 13 ára, voru á skólalóðinni þegar atvikið átti sér stað. Matthías Kárason, nemandi í 10. bekk, varð vitni að slagsmálunum. Þegar hann ætlaði að skakka í leikinn vildi ekki betur til en að börnin réðust á hann eins og hópur villidýra. „Ég hef aldrei séð annað eins," segir Matthías um uppákomuna, „samt er ég ýmsu vanur."

**Ófriður er nýjasta bókin í bókflokknum um krakkana í Rökkurhæðum.** Bókinni, sem kemur út í dag hefur nú verið dreift til bókasala á landsvísu og má því með sanni segja að það sé ófriður um allt land.

**Áhugasamir eru velkomnir í útgáfuhófið í verslun Eymundssonar við Austurstræti klukkan 17, föstudaginn 16. nóvember.**

– rh



**Ófriður** – hópslagsmál í friðsælu úthverfi (mynd frá vegfaranda).


■ Matvæli

## Ostar undir þyngd innkallaðir



Neytendastofu hefur borist tilkynning frá Mjólkurbúinu um að mistök hafi orðið af hálfu fyrirtækisins þegar ostar af tegundinni Glaðningi, sem voru undir þyngd, voru afgreiddir í verslanir. Á vef Neytendastofu segir að verið sé að innkalla vörur sem stóðust ekki vigt. Mjólkurbúið bendir jafnframt neytendum, sem keyptu vöru sem ekki náði vigt, á að hafa samband við fyrirtækið þar sem þeirra hlutur verður leiðréttur og bættur. Við könnun Neytendastofu á þyngd forpakkaðra osta í verslunum kom í ljós að 35 prósent af sýnum af Glaðningi reyndust vera undir leyfilegu fráviki frá þyngd sem tilgreind er á umbúðum. Léttasta sýnið reyndist aðeins 83 g í stað 130 g eða 35 prósent undir þyngd. Einstaka sýni voru einnig yfir meðalþyngd og var þyngsta sýnið 58 prósent yfir tilgreindri þyngd.

■ Matvæli

## Jóakim prins veitti íslenskri kókómjólk viðurkenningu

Kókómjólk frá Mjólkursamsölunni (MS) var valin besta ferska mjólkurvaran á Norðurlöndum á fagsýningu norrænna mjólkursamlaga sem haldin er í Herning í Danmörku í þessari viku. Í fréttatilkynningu frá Mjólkursamsölunni segir að Guðmundur Geir Gunnarsson, mjólkurbússtjóri á Selfossi, hafi veitt viðurkenningunni móttöku úr hendi Jóakims Danaprins. Á sýningunni keppa um 1.600 mjólkurvörur um verðlaun. Haft er eftir Guðmundi að mjólkurvörur frá MS hafi unnið til fimm gullverðlauna, 13 silfurverðlauna og 15 bronsverðlauna.

# TOPPBÍLAR

## TILBOÐSDAGAR

1.490.000 kr.



NISSAN Tiida. Árg. 2008
Ekinn 50.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.890.000. **TILBOÐ 1.490.000 kr.**
Rnr.370863.

2.190.000 kr.



MAZDA Speed 3. Árgerð 2007,
Ekinn 82.000 km. bensín, 6 gírar.
Verð 2.990.000. **TILBOÐ 2.190.000 kr.**
Rnr.370826.

690.000 kr.



OPEL Meriva-a enjoy. Árg. 2006
Ekinn 65.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 990.000. **TILBOÐ 690.000 kr.**
Rnr.334921.

395.000 kr.



TOYOTA Yaris sol. Árg. 1999
Ekinn 140.000 bensín, 5 gírar.
Verð 550.000. **TILBOÐ 395.000 kr.**
Rnr.285680.

3.490.000 kr.



RANGE ROVER Vogue. Árg. 2005
Ekinn 132.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000. **TILBOÐ 3.490.000 kr.**
Rnr.285425.

790.000 kr.



HONDA Jazz 1,4i ls. Árg. 2005
Ekinn 144.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.090.000. **TILBOÐ 790.000 kr.**
Rnr.370340.

2.890.000 kr.



LEXUS Rx400h. Árg.2006
Ekinn 133.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.690.000. **TILBOÐ 2.890.000 kr.**
Rnr.335074.

890.000 kr.



AUDI A3 attraction. Árg. 2004
Ekinn 126.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.190.000. **TILBOÐ 890.000 kr.**
Rnr.285626.

3.290.000 kr.



TOYOTA LC 120 vx 33". Árg. 2005
Ekinn 219.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000. **TILBOÐ 3.290.000 kr.**
Rnr.334190.

1.390.000 kr.



TOYOTA Avensis wagon sol. Árg. 2005
Ekinn 135.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.790.000. **TILBOÐ 1.390.000 kr.**
Rnr.370419.

3.900.000 kr.



BMW 3 320i s/d e90. Árg. 2010
Ekinn 32.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.890.000. **TILBOÐ 3.900.000 kr.**
Rnr.333744.

990.000 kr.



RENAULT Megane tourer. Árg. 2008
Ekinn 75.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.690.000. **TILBOÐ 990.000 kr.**
Rnr.370516.

790.000 kr.



RENAULT Megane scenic. Árg. 2005
Ekinn 127.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 890.000. **TILBOÐ 790.000 kr.**
Rnr.370385.

1.790.000 kr.



LEXUS Rx300. Árg. 2004
Ekinn 145.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.690.000. **TILBOÐ 1.790.000 kr.**
Rnr.334672.

3.790.000 kr.



M.BENZ R r350 - panorama. Árg. 2006
Ekinn 115.000 bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000. **TILBOÐ 3.790.000 kr.**
Rnr.370155.

2.590.000 kr.



TOYOTA LC 120 gx "33. Árg 2004
Ekinn 144.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.980.000. **TILBOÐ 2.590.000 kr.**
Rnr.370839.

3.190.000 kr.



FORD F150 supercrew 4x4. Árg. 2008
Ekinn 92.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000. **TILBOÐ 3.190.000 kr.**
Rnr.370865.

790.000 kr.



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árg. 2003
Ekinn 197.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 990.000. **TILBOÐ 790.000 kr.**
Rnr.370706.

4.990.000 kr.



SUBURBAN 2500 METAN Árg. 2007
Ekinn 68 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 6.490.000. **TILBOÐ 4.990.000 kr.**
Rnr.370735.

1.790.000 kr.



NISSAN Navara d/c mt xe. Árg. 2006
Ekinn 91.000 km. dísel, 6 gírar.
Verð 2.690.000. **TILBOÐ 1.790.000 kr.**
Rnr.370036.



Tobías Sveinbjörnsson
Beinn sími: 587 2050



Agnar Þórisson
Beinn sími: 587 2054



Hafsteinn Vilbergsson
Beinn sími: 587 2051

ergo
Reiknaðu með okkur

**Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16**

TOPPBÍLAR **Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is**

**548 MILLJARÐAR KRÓNA** var upphæð vergs gjaldeyrisforða Seðlabankans í lok október. Hreinn gjaldeyrisforði var 467 milljarðar.

**5,735 PRÓSENT** eru svokallaðir virkir nafnstýrivextir Seðlabankans.



**ÞÓRSHÖFN Á LAUGARDAG** Gísli Gíslason formaður er annar frá vinstri.

### Nýtt viðskiptaráð stofnað:

## Efla tengsl Færeyja og Íslands

Færeyskt-íslenskt viðskiptaráð var stofnað síðasta laugardag í Þórshöfn í Færeyjum. Um fjörutíu fyrirtæki gerðust stofnaðilar, nítján færeysk og tuttugu íslensk.

Ráðinu er ætlað að styrkja enn frekar samskipti þjóðanna á sviði verslunar og viðskipta auk þess að vera vettvangur til að stofna til viðskiptatengsla og til almennra skoðanaskipta.

Formaður ráðsins var kosinn Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, en framkvæmdastjóri þess er Kristín S. Hjálmtýsdóttir.

- mþl

Evrópusamtökin

**Aðalfundur Evrópusamtakanna – Schengen: Kostir og gallar**

Aðalfundur Evrópusamtakanna verður haldinn
**í dag fimmtudag 15. nóvember kl.17.15**
að Skipholti 50a (húsnæði Já Ísland).

**Dagskrá aðalfundarins er eftirfarandi:**

1. Hefðbundin aðalfundarstörf.
2. Evrópumaður ársins. Tilkynnt um útnefninguna.
3. „Schengen og alþjóðleg samskipti Íslands". Jóhann R. Benediktsson, fyrrum sýslumaður á Keflavíkurflugvelli og núverandi framkvæmdastjóri sprotafyrirtækisins HBT flytur erindi.

**Allir áhugamenn um Evrópumál hjartanlega velkomnir.**

**Opinn aðalfundur SFÚ**

**Fimmtudaginn, 15. nóvember 2012**

Fundurinn verður haldinn á Hótel Borg og hefst kl. 16:00.

**Yfirskrift fundarins er:**
Verðlags- og samkeppnismál í sjávarútvegi

**Dagskrá:**

**Kl. 16:00** Jón Steinn Elíasson, formaður SFÚ, setur fundinn
**Kl. 16:10** Gunnar Örn Örlygsson, stjórnarmaður í SFÚ fer yfir helstu mál
**Kl. 16:30** Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar hf. flytur aðalræðu fundarins
**Kl. 16:50** Hlé
**Kl. 17:00** Kynnt verður ný skýrsla KPMG um áhrif tvöfaldrar verðmyndunar í sjávarútvegi á tekjumyndun sveitarfélaga
**Kl. 17:20** Þingmenn flytja ávörp og taka þátt í pallborðsumræðum
Eygló Harðardóttir, Framsóknarflokkur
Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokkur
Guðmundur Steingrímsson, Björt framtíð
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Vinstri grænir
Magnús Orri Schram, Samfylking
Þór Saari, Hreyfingin
**Kl. 18:00** Fundarlok
*Allir velkomnir*


Eygló Harðardóttir

Guðmundur Steingrímsson

Guðlaugur Þór Þórðarson

Gunnar Örn Örlygsson

Jóhannes Ingi Kolbeinsson

Jón Steinn Elíasson

Lilja Rafney Magnúsdóttir

Magnús Orri Schram

Þór Saari

www.sfu.is • sfu@sfu.is



**FRAMKVÆMDIR** Í nýrri hagspá Seðlabankans er gert ráð fyrir því að fjárfesting aukist um 9% á þessu ári og um svipað hlutfall á næstu tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sér fyrir endann á hækkunarferli vaxta

**Peningastefnunefnd Seðlabankans hækkaði í gær vexti bankans um 0,25 prósentustig. Þá kynnti bankinn nýja hagspá í gær sem bendir til þess að hagvöxtur verði nokkru minni á árinu en búist var við en meiri á því næsta.**

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands kynnti í gær þá ákvörðun sína að hækka nafnvexti bankans um 0,25 prósentustig. Í yfirlýsingu nefndarinnar er þó gefið undir fótinn með að vaxtahækkunarferlinu kunni að vera lokið um sinn.

„Ef við lítum á grunnspá bankans núna, sem gengur út frá því að verðbólgan sé að ná hámarki á þessum ársfjórðungi og fari svo lækkandi, þá er ýmislegt sem bendir til þess að núverandi nafnvextir bankans nægi til þess að verðbólgumarkmiðið náist á spátímanum," sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri á kynningarfundi vegna ákvörðunar peningastefnunefndarinnar í gær.

Már bætti þó við að vitaskuld væri óvissa um þróun verðbólgunnar, ekki síst með tilliti til gengisþróunar krónunnar sem hefur nokkur áhrif á verðbólguna. Þá rak hann þann varnagla að við endurskoðun kjarasamninga á næsta ári þyrfti að tryggja að launahækkanir myndu ekki ýta undir verðbólguna.

Eftir vaxtahækkunina í gær eru virkir nafnstýrivextir Seðlabankans 5,735%. Vextir bankans hafa hægt og bítandi farið hækkandi síðan í ágúst í fyrra en síðan þá hafa þeir verið hækkaðir alls sex sinnum um samtals 1,75 prósentustig. Nafnvaxtahækkanirnar samhliða hjöðnun verðbólgu hafa dregið umtalsvert úr slaka peningastefnunnar og hafa raunstýrivextir þannig hækkað um tvö prósentustig á þessum tíma.

Ákvörðun peningastefnunefndarinnar kom ekki á óvart þar sem allir greiningaraðilar höfðu spáð 0,25 prósentustiga vaxtahækkun. Hins vegar virðist sú yfirlýsing nefndarinnar að vaxtahækkunarferlinu gæti verið lokið hafa komið mörkuðum á óvart. Þannig lækkaði ávöxtunarkrafa á alla ríkisskuldabréfaflokka nema þann stysta í gær sem bendir til þess að vaxtavæntingar hafi færst niður á við.

magnusl@frettabladid.is

### Hagvöxtur minni í ár en meiri á næsta ári

Seðlabankinn kynnti uppfærða hagspá samhliða vaxtaákvörðun peningastefnunefndarinnar í gær. Í spánni er gert ráð fyrir 2,6% hagvexti á þessu ári sem er hálfu prósentustigi minni en miðað var við í spá bankans í ágúst. Seðlabankinn væntir þó kröftugri hagvaxtar á næsta ári en áður, spáir 2,9% hagvexti í stað 2,2% áður. Sem fyrr telur bankinn að aukin fjárfesting verði helsti aflvaki hagvaxtar á næstu misserum en framlag einkaneyslu er einnig nokkurt. Telur bankinn að fjárfesting aukist um 9% á þessu ári og einkaneysla um 2,5%, sem er reyndar nokkru minni vöxtur en í ágústspánni. Þá gerir bankinn ráð fyrir svipuðum vexti einkaneyslu og fjárfestingar á næstu árum. Loks metur Seðlabankinn horfur um atvinnuleysi svipaðar og í síðustu spá. Telur bankinn að atvinnuleysi verði að meðaltali 5,8% á þessu ári, 5,0% á því næsta og 4,2% árið 2014.

### Mikill áhugi á þátttöku í starfi Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja:

## Vitundarvakning um samfélagsábyrgð

Nokkur fjöldi fyrirtækja hefur falast eftir aðild að þekkingarmiðstöðinni Festu um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Miðstöðin var stofnuð á síðasta ári af sex fyrirtækjum en á næstunni verður fleiri fyrirtækjum boðið að taka þátt í starfinu.

„Það er að verða eins konar vitundarvakning meðal íslenskra fyrirtækja þegar kemur að þessum málum. Við höfum verið á eftir öðrum þjóðum, Norðurlöndin eru til dæmis sérstaklega framarlega, en vonandi getum við farið að nálgast þau," segir Regína Ásvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Festu.

> Það er því greinilega vaxandi áhugi meðal íslenskra fyrirtækja fyrir því að vinna að samfélagsábyrgðarverkefnum.



**REGÍNA ÁSVALDSDÓTTIR**
FRAMKVÆMDASTJÓRI FESTU

Festa er sjálfstæð stofnun með samstarfssamning við Háskólann í Reykjavík. Stofnunin var stofnsett af sex íslenskum fyrirtækjum; Alcan á Íslandi, Íslandsbanka, Landsbankanum, Landsvirkjun, Símanum og Össuri.

Regína segir stofnunina hafa staðið fyrir fjölda funda og námskeiða um samfélagsábyrgð fyrirtækja á þessu ári sem hafi verið mjög vel sótt. „Það er því greinilega vaxandi áhugi meðal íslenskra fyrirtækja fyrir því að vinna að samfélagsábyrgðarverkefnum," segir Regína.

- mþl

# KÓKÓMJÓLK KÓRÓNAR ÁRANGURINN

**Þú ert í konunglegum félagsskap með Kókómjólk**

Kókómjólk frá Mjólkursamsölunni var í vikunni valin besta ferska mjólkurvaran á Norðurlöndum á fagsýningu norrænna mjólkursamlaga í Herning í Danmörku. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi verðlaun falla öðrum en Dönum í skaut. Jóakim Danaprins veitti verðlaunin.




ÍSLENSKA SIA.IS MSA 61930 11/12



# MacBook Air

öflug vél á góðu verði



1,7GHz dual-core Intel Core i5
Turbo Boost í allt að 2,6GHz
64GB ofurhröð flash geymsla
4GB 1600MHz vinnsluminni
Intel HD Graphics 4000
Íslenskt baklýst lyklaborð

**Mac Book Air 11"**
**Verð: 189.990.-**

1,8GHz dual-core Intel Core i5
Turbo Boost í allt að 2,8GHz
128GB ofurhröð flash geymsla
4GB 1600MHz vinnsluminni
Intel HD Graphics 4000
Íslenskt baklýst lyklaborð

**Mac Book Air 13"**
**Verð: 249.990.-**



# MacBook Pro

2,5GHz tveggja kjarna Intel i5 örgjörvi
Turbo Boost í allt að 3,1GHz
4GB 1600MHz vinnsluminni
500GB harður diskur
Intel HD Graphics 4000
Innbyggð rafhlaða (allt að 7 klst.)
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

**Mac Book Pro 13"**
**Verð: 229.990.-**

# iPod

fjölskyldan

iPod touch
4" Retina skjár
**Air** Play
Wi-Fi
Bluetooth
iMessage
HD Video
5MP myndavél

16GB
32GB
(4 kynslóð)

32GB
64GB
(5 kynslóð)



iPod nano
Snertiskjár
Bluetooth
FM móttakari

16GB

iPod shuffle

2GB

iPod touch (5 kynslóð)
**Verð frá: 59.990.-**
5 litir

iPod touch (4 kynslóð)
**Verð frá: 42.990.-**
2 litir

iPod nano
**Verð: 39.990.-**
7 litir

iPod shuffle
**Verð: 9.990.-**
7 litir

## Knomo Bayswater

Nýkomnar í epli.is
Töskur/slíður f. MacBook Air

**Verð: 8.990.-**



Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.



# iPad 4

**Verð frá: 89.990.-**

Tvöfalt hraðari og ótrúlega skarpur.



# iPad mini

**Verð frá: 59.990.-**

Haltu á hinum stafræna heimi
í einu undratæki sem smellpassar í lófann.

epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar
Virka daga 10-18 | Laugardaga 11 - 16
Sími 512 1300 | www.epli.is

**Smáralind**
Opnunartímar
Virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1300 | www.epli.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Menntun og fræðsla við hæfi:

## Meiri breidd og meiri sveigjanleiki

Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi, er heiti skýrslu með tillögum um samþættingu menntunar og atvinnu sem kynnt var nú í vikunni. Skýrslan er unnin af starfshópi sem skipaður var af forsætisráðuneytinu og titillinn vísar til skilaboða stjórnarskrárinnar um rétt borgaranna til menntunar og fræðslu.

Meðal tillagna starfshópsins má nefna að námstími í grunn- og framhaldsskóla verði styttur, áhersla verði lögð á einstaklingsmiðað nám, að samfella milli skólastiga verði aukin og einnig ráðgjöf til ungs fólks um menntun og atvinnu. Þá er lagt til að verk- og tækninámi verði gert hærra undir höfði á öllum skólastigum.

Allt eru þetta vel þekkt og meira og minna áður fram sett markmið. Vilji stendur til að auka fjölbreytni í grunnmenntun og að skólakerfið mæti betur þörfum atvinnulífsins til skemmri og lengri tíma litið.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Engu að síður er staðan sú að þorri nemenda í framhaldsskólum stundar nám á bóknámsbrautum þrátt fyrir að rannsóknir sýni að áhugi þeirra stendur ekki síður til verknáms og brottfall úr framhaldsskólanámi er óvíða meira en hér á landi. Ekki er fráleitt að tengja þetta tvennt saman, þ.e. að of margir nemendur stundi nám sem höfðar ekki nægilega vel til þeirra og flosni af þeim sökum upp frá námi.

Ástæður þess að ekki hefur tekist sem skyldi að byggja upp verk- og tækninám í nægilega miklum mæli eru margar og flóknar. Verklegt nám er til dæmis mun dýrara en bóknám, bæði í stofnkostnaði og rekstri.

En það er ekki bara skortur á framboði sem stendur í vegi fyrir því að ungt fólk menni sig meira á verklega sviðinu. Ekki hefur tekist að skapa verklegu námi sama sess og bóklegu þannig að ungmennunum sjálfum og ekki síður foreldrum þeirra virðist mörgum ekki þykja annað fullnægjandi en bóklegt stúdentspróf. Þetta er hugarfarsleg hindrun sem miklu skiptir að hreyfa við.

Meðan ekki tekst að gera verk- og tæknigreinar eftirsóknarverðar mun ekki takast að laða fleiri til náms í þeim greinum, sama hversu mikið námsframboðið er.

Það er mikilvægt fyrir atvinnulífið í landinu að hægt sé að sækja menntun sem nýtist því sem best. Það er þó ekki síður mikilvægt fyrir hvert og eitt ungmenni að eiga þess kost að stunda nám sem getur veitt aðgang að góðum og gefandi störfum í framtíðinni.

Margt hefur breyst frá því að fólk menntaði sig til ákveðins starfa sem það lagði svo stund á starfsævina á enda, jafnvel á sama vinnustaðnum. Í nútímasamfélagi er algengara að fólk færi sig ekki bara milli vinnustaða heldur einnig starfsgreina.

Ungt fólk þarf þannig að eiga þess kost að leggja grunn að fjölbreyttri starfsævi í grunnnámi sínu. Því hlutverki sinnir skólakerfið að mörgu leyti vel. Með meiri fjölbreytni í námsframboði og meiri sveigjanleika myndi það þó uppfylla betur stjórnarskrárákvæðið um að öllum sé tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

SLAGUR VIÐ DRÓMA

Af hverju fáum við fyrrum viðskiptavinir Spron og Frjálsa fjárfestingabankans ekki banka eins og aðrir Íslendingar??

Nú er tækifærið, stöndum saman.
**„Þrotabú er ekki staður fyrir eðlilega bankastarfsemi“**

Samstöðufundur í dag fimmtudaginn 15. nóvember kl. 17:00 að Reykjavíkurvegi 64, (2.hæð) Hafnarfirði.

**Fundarstjóri:**
Ólafur Ísleifsson

**Facebook : SLAGUR VIÐ DRÓMA**
**slagurviddroma@gmail.com**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Talað gegn eigin skoðun

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur tjáð sig töluvert um það undanfarið að henni finnist forgangsröðun á Alþingi út í hött. Ríkisstjórnarflokkarnir setji smotterí eins og stjórnarskrá á oddinn á meðan önnur brýnni mál fyrir heimilin í landinu sitji á hakanum. Vigdís er þó ekki með málefni heimilanna í huga í fyrirspurnum sínum. Þær lúta nefilega, líkt og svo margar frá henni, að Evrópusambandinu. Segi máláskrá eitthvað um forgang þingmanna, er ESB aðalforgangsmál Vigdísar, ekki málefni heimilanna.



### Ítarlegar spurningar

Vigdís spyr einnig, ásamt Ásmundi Einari Daðasyni, um námskeið um samband Íslands og Evrópu. Sú spurning er í sjö liðum og það ansi hreint ítarlegum. Þar er til dæmis spurt hvort tiltekið námskeið hjá Endurmenntun HÍ sé „niðurgreitt af Evrópustofu og/eða ESB um rúmlega 80%?“ Hér spyr fólk sem veit svarið.



### Fjórða áfallið

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, talaði um slæma stöðu lántakenda á þingi í gær. Fólk sem keypti eignir á síðustu árum fyrir hrun hafi orðið fyrir þremur áföllum; fasteignaverð hrapaði, verðtryggð lán fóru upp úr öllu valdi og kaupmáttur fór niður. Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var snöggur að bæta fjórða áfallinu við: Hinni tæru vinstri stjórn. Ástandið væri henni mest að kenna.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Grín eða einelti?

Samfélagsmál



Toshiki Toma
prestur innflytjenda

Ég hef spáð mikið í auglýsingu Stöðvar 2, þar sem Pétur Jóhann Sigfússon leikur „Tong Monitor“, mann sem á að vera af asískum uppruna og talar framandi íslensku með hreim.

Auglýsingin vakti athygli fólks og margir telja hana vera særandi í garð asískS fólks á Íslandi en aðrir bara saklaust grín. Sjálfum finnst mér auglýsingin (eða leikur Péturs) ekki vera fyndin og hafa vond áhrif á íslenskt þjóðfélag. Af hverju?

Í fyrsta lagi er framburður hins íslenska tungumáls fólki af asískum uppruna mjög erfiður. Hreimurinn stafar ekki af vanrækslu við íslenskunámið heldur er framburðurinn okkur einfaldlega erfiður. Við erum, og nú tala ég ef til vill fyrst og fremst fyrir sjálfan mig, ekki stolt af því að tala íslensku með hreim. Starfs míns vegna býðst mér oft að koma í útvarpsþætti og tala en ég skammast mín alltaf hve lélega íslensku ég tala.

Samt tala ég í útvarpi sé mér boðið það vegna þess að það er hluti af starfi mínu. Ég myndi þó verða dapur ef einhver gerði grín að framburðinum mínum. Grín líkt og með „Tong Monitor“ er því ógn fyrir fólk sem talar og verður, t.d. starfs síns vegna eða bara almennra samskipta, að tala íslensku með hreim.

> Að gera grín að fólki sem getur ekki svarað fyrir sig er í mínum huga það sama og einelti.

Í öðru lagi, þá eru í áhorfendahópi Stöðvar 2 börn og unglingar. Hvað hugsa þau þegar auglýsingin er sýnd? Skilaboðin frá hinum íslenska fjölmiðli eru skýr: „Ah, við megum gera grín að innflytjendum með því að herma eftir íslenskunni þeirra.“ Þetta er vondur boðskapur.

Ég tel að í þjóðfélaginu séu einhver siðferðisleg viðmið. Varðandi grín í fjölmiðlum þá vil ég segja þetta: Gerið grín að þeim sem geta svarað fyrir sig. Að gera grín að fólki sem getur ekki svarað fyrir sig er í mínum huga það sama og einelti. Hvernig getur sérhver manneskja af asískum uppruna svarað fyrir „hið opinbera grín“ Stöðvar 2?

Ég er undrandi á að Stöð 2 skuli ekki hafa séð fyrir hvaða áhrif auglýsingin myndi hafa. Ég óska þess að fjölmiðlafólk læri af þessari reynslu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Stórpólitík í Peking

Í DAG



Jón Ormur Halldórsson
dósent

Kínverjar eru að fá áhuga á pólitík. Sem er ekki lítið mál því síðustu áratugi hefur landstjórnin í þessu stærsta ríki heimsins beinlínis hvílt á þeirri forsendu að þetta myndi ekki gerast í bráð. Mesta lífskjarabylting mannkynssögunnar átti að vera nóg til að fólk færi ekki að þrasa um pólitík. Þannig var það líka þar til alveg nýverið. En þetta er ört að breytast. Afleiðingarnar gætu ratað í bækur um sögu mannkyns.

### Arfurinn

Árangur Kína í efnahagsmálum er eitt af því merkilegra sem gerst hefur í heiminum síðustu aldir. Hagkerfi Kína var talsvert minna en það franska og ekki helmingur af því japanska við valdatöku Hu Jintao og Wen Jiabao fyrir tíu árum síðan. Nú er kínverska hagkerfið orðið þrefalt stærra en það franska og hálfu stærra en það japanska. Kína hefur á aðeins tíu árum orðið fjórum sinnum ríkara í dollurum talið.

Nýja forustusveitin sem tók við í morgun fær í arf mesta árangur í efnahagsmálum sem nokkurt stórt ríki hefur náð í mannkynssögunni.

### Banvænt mein

Kínverjar vita vel af þessum árangri. En óánægjan með flokkinn fer ört vaxandi. Svo er komið að flokkurinn stjórnar ekki lengur pólitískri umræðu á meðal almennings í Kína. Þar haldast í hendur ný samskiptatækni sem hundruð milljóna landsmanna nota daglega, almenn þjóðfélagsleg vakning og mjög minnkandi ótti við að gagnrýna valdhafa á almannafæri. Spilling innan flokksins og ofríki flokksgæðinga á öllum sviðum athafnalífs og þjóðlífs er ört að ræna hann tilkalli til virðingar. Flokkurinn minnir sífellt meira á gráðuga hagsmunaklíku. Þetta segja menn núorðið óhikað á almannafæri.

### Flokkurinn

Hu Jintao stærði sig af því á flokksþinginu að tíu milljónir manna hefðu gengið í flokkinn síðustu ár en nær 85 milljónir manna eru á flokksskrám. Það vita hins vegar allir í Kína hvers vegna menn ganga í flokkinn. Það er leiðin til opinberra embætta, frama í starfi, tengslamyndunar, fyrirgreiðslu og annarra þarfra hluta í lífi metnaðarfullra einstaklinga. Menn þekkja þetta fyrirbæri í minna mæli í örgum ríkjum með vanþróað stjórnmálalíf.

### Opnun hafnað

Fyrir nokkrum árum virtist sem leiðtogar landsins ætluðu að opna samfélagið skref fyrir skref og leyfa pólitískar umbætur samhliða áframhaldandi áherslum á öran hagvöxt. Stórstígar efnahagsframfarir, sögðu umbótasinnar, myndu tryggja flokknum og forustusveitinni innan hans áframhaldandi völd þótt einhvers konar lýðræði yrði innleitt. Opnun, sögðu menn, myndi ekki aðeins tryggja almennari sátt, heldur líka auka skilvirkni í hagkerfinu og draga úr spillingu. Þessari hugmynd var hafnað af Hu Jintao og fleirum í forustunni. Sagt er að Wen Jiabao og nokkrir leiðandi menn hafi verið á öðru máli.

> Vitað er að þeir stúdera nú lexíur frá Singapúr, Taívan og S-Kóreu og ræða opinskátt sín á milli um hvernig unnt sé að opna fyrir lýðræði en tryggja um leið áfram völd flokksins.

### Matarmikil dúsa

Í staðinn ákváðu valdhafarnir að bregðast við háværustu kvörtunum almennings. Heilbrigðiskerfið, sem hafði nánast hrunið þrátt fyrir gífurlegan hagvöxt, hefur verið bætt og gert stórum aðgengilegra fyrir almenning. Gjöld fyrir grunnmenntun barna hafa verið lækkuð eða felld niður. Eftirlaunakerfi hefur verið komið á um land allt. Skref til umhverfisverndar hafa verið stigin. Velmegun nær nú til stærri hluta landsins. Engin vestræn ríkisstjórn myndi óttast kosningar eftir slíkan árangur. En það gerir sú kínverska.

### Hugsunin

Pólitík truflar efnahagslífið, sundrar þjóðinni og opnar leiðir til útlendra áhrifa í Kína, segja leiðtogarnir. Þeir vísa til ægilegrar sögu síðustu alda, en umræða þar eystra er oft rík af sögulegum tilvísunum, og þá ekki síst til tímabila innlendrar sundrungar sem opnaði fyrir útlenda ásælni. Hu Jintao kallar stefnu sína vísindalega þróunarstefnu. Hún er sögð felast í opnum huga, skynsemi, sjálfbærni og virðingu fyrir staðreyndum. Sem sagt öfugt við pólitík.

### Ríkisvæðing

Stefna síðustu ára hefur greitt götu ríkisfyrirtækja á kostnað einkafyrirtækja, sem eiga mjög undir högg að sækja í samkeppni um fjármagn og viðskiptatækifæri. Ekki aðeins risastór heldur líka vaxandi hluti atvinnulífsins er í eigu eða umsjón opinberra aðila. Tekist er á um þetta í flokknum og svo virðist sem fylgjendur meiri einkarekstrs og heilbrigðari bankastarfsemi hafi unnið á í aðdraganda flokksþingsins. Sem skiptir máli og gæti líka dregið úr vaxandi andúð á flokknum í hópi milljóna smárra atvinnurekenda. En það er hins vegar pólitíkin sjálf og þátttaka almennings í henni sem er orðið stóra málið í Kína.

### Allt lagt undir

Erfiðasta verkefni nýrra leiðtoga er að finna leiðir til að helga vald flokksins með fleiru en hagvexti og leiðir til að auka aga innan hans. Vitað er að þeir stúdera nú lexíur frá Singapúr, Taívan og S-Kóreu og ræða opinskátt sín á milli um hvernig unnt sé að opna fyrir lýðræði en tryggja um leið áfram völd flokksins. Líkurnar á því að það takist eru sennilega minni en leiðtogarnir halda. Það er ekki aðeins Kína sem á undir því að ekki takist of illa til. Afleiðingar upplausnar og átaka gætu orðið heimssögulegar. Ekki síst ef þeir sem keppa um völd reyna að þjappa fólki saman um yfirboð í þjóðernishyggju.

# Fatlaðir fá og munu fá liðveislu

Samfélagsmál

Björk Vilhelmsdóttir
formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar



Mér og mörgum öðrum hnykkti við þegar fram kom í fréttum RÚV í síðustu viku að fatlaðir íbúar á sambýlum og búsetukjörnum fengju ekki liðveislu og stuðning til að rjúfa félagslega einangrun. Það er nefnilega ekki verið að spara í stuðningsþjónustu Reykjavíkurborgar. Fjármagni var bætt við fyrir árið 2012 og þjónustan þróuð með þarfir notenda að leiðarljósi. Hvorki ég né aðrir í velferðarráði Reykjavíkurborgar áttuðum okkur á því að fréttirnar tengdust breytingum á reglum um stuðningsþjónustu frá sl. vori, enda ekkert sem benti til þess. Í framhaldinu var því svo haldið fram á netmiðlum, m.a. Orðinu á götunni á Eyjunni og á Fésbók, að ég vissi ekki hvað velferðarráð samþykkti.

Eitt veit ég netmiðlum betur: Það er ríkur og þverpólitískur vilji borgaryfirvalda að þróa þjónustu við fatlaða íbúa út frá þörfum hvers og eins. Við viljum veita heildstæða og samþætta þjónustu þar sem það er hægt, í stað þess að fólk þurfi að fá marga litla þjónustubúta frá mismunandi stöðum. Þess vegna notuðum við tækifærið, þegar öll þjónusta færðist til sveitarfélagsins, til jákvæðra breytinga í samræmi við þarfir notenda og ábendingar hagsmunasamtaka og fagaðila.

Að leiðrétta neikvæðar fréttir er ekki auðvelt, því það neikvæða fær mun meiri athygli og hneykslan en hið jákvæða. Stella K. Víðisdóttir, sviðstjóri Velferðarsviðs, sagði í sjónvarpsfréttum RÚV að ekki væri verið að skerða þjónustu, þvert á móti væri verið að þróa þjónustuna til betri vegar. Enginn „lækaði“ þá frétt á RÚV en á annað þúsund gerði það með fyrri frétt um hinn meinta niðurskurð. Að sjálfsögðu og sem betur fer brugðust hagsmunasamtök fatlaðra við og mótmæltu því það er þeirra hlutverk. Takk Þroskahjálp og Átak fyrir að standa vaktina. Ég hlakka til fundarins með ykkur í velferðarráði nú í dag.

En úr því að Eyjan vill gera pólitík úr málinu, leyfi ég mér á þessum vettvangi frjálsrar og faglegrar umræðu að segja það sem satt er – í von um einhverja áheyrn. Ég vil standa undir hinni pólitísku ábyrgð sem ég ber á þjónustu við fatlaða íbúa. Þar erum við að gera margt vel, en enn þarf að gera betur í mörgu. Það hefur aldeilis sýnt sig eftir að þjónustan fluttist frá ríki til sveitarfélaga, hvað margir fatlaðir íbúar hafa fengið ónóga aðstoð í sínu daglega lífi. Skortur á þjónustu til margra ára hefur verulega hamlað lífi margra íbúa sem búa við skerðingar. Ég trúi því einlæglega að það verði, þegar á hólminn er komið, betra að þróa þjónustuna með sveitarstjórnarfólki og starfsfólki heima í héraði. Við sem stjórnum í nærumhverfinu munum ekki sætta okkur við þá vanþjónustu sem boðið var upp á í góðærinu á Íslandi sl. áratug. Þjónustan mun batna, en það mun taka lengri tíma en við flest áttum von á. Þannig er það því miður. En þegar við erum að gera vel, með því að þróa þjónustuna á heildstæðan hátt til hagsbóta fyrir notendur, er það slæmt að flestir vilji bara trúa því gagnstæða.

> Að leiðrétta neikvæðar fréttir er ekki auðvelt, því það neikvæða fær mun meiri athygli og hneykslan en hið jákvæða.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



# Um þjónustu við börn

Leikskólar
Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi



Mér er bæði ljúft og skylt að svara opnu bréfi Sigrúnar Eddu Lövdal sem birtist í Fréttablaðinu í gær um fyrirhugaðar viðræður borgarinnar við ríkið um þjónustu við ung börn.

Í dag er opinber þjónusta tryggð fyrir öll börn, frá fæðingu til 18 ára aldurs, fyrir utan 15 mánaða tímabil á fyrstu tveimur æviárunum. Dagforeldrar gegna mikilvægu hlutverki fyrir börn og foreldra á þessum aldri, vinna afar gott starf og brúa bilið með ágætum. Þjónustan er þó ekki á forræði hins opinbera. Sveitarfélögin greiða niður þjónustuna, þau setja henni ákveðinn ramma og hafa með henni eftirlit, en þau veita ekki þjónustuna.

Það er rétt hjá Sigrúnu Eddu, að tillaga mín laut í raun ekki að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, það er réttilega brúað með þjónustu dagforeldra og einkarekinna ungbarnaleikskóla. Tillagan laut að því að brúa bilið í opinberri þjónustu, því það er sannarlega til staðar.

Það er staðföst skoðun mín að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, eigi að bjóða upp á þjónustu fyrir öll börn, frá fæðingu þar til sjálfræði er náð. Ástæðan er þessi: Opinber þjónusta er hluti af samfélagslega ábyrgu velferðarsamfélagi. Hún er sá hluti þjónustunnar sem við viljum reka sameiginlega, við kjósum okkur fulltrúa til að móta stefnu og sinna eftirliti og við greiðum fyrir hana að stærstum hluta með framlagi í sameiginlegan sveitarsjóð.

Til viðbótar við þessa opinberu þjónustu eru svo ýmsir valkostir sem margir kjósa að nýta sér af ýmsum ástæðum og því vil ég árétta að ég er ekki að leggja til að þjónusta dagforeldra leggist af. Hún er sjálfsagður og eðlilegur valkostur sem má endilega vera áfram til staðar fyrir þá foreldra sem það kjósa.

Ég bind vonir við að viðræðurnar skili þeim árangri sem fyrst að sameiginlega axli ríki og sveitarfélög þá ábyrgð að tryggja opinbera þjónustu fyrir öll börn, svo foreldrar hafi raunverulegt val.

FERÐATÖSKU-DAGAR
20% afsláttur
af öllum handfarangurs-töskum á hjólum.
Vikuna 15.–21. nóvember



Tösku og hanskabúðin
Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

Jólasagan þín
Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna.
Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.
Samkeppnin er öllum opin.
Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistök frjáls. Sögur skal senda á netfangið jolasaga@frettabladid.is.
Skilafrestur er til 5. desember.
Í fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.
Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United.
Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.
tl.is TÖLVU LISTINN
FRÉTTABLAÐIÐ

# Menntakerfi fyrir nemendur

Menntamál
Skúli Helgason
formaður starfshóps um samþættingu menntunar og atvinnu



Sú þjóðsaga hefur verið lífseig hér á landi að við Íslendingar séum vel menntuð þjóð. Samanburður á menntunarstigi fólks á evrópskum vinnumarkaði segir hins vegar aðra sögu, því samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands og Eurostat hafa um 30% Íslendinga á aldrinum 25-64 ára eingöngu grunnmenntun samanborið við 25% í löndum ESB og 15-20% á Norðurlöndunum. Íslendingar eiga jafnframt þann vafasama heiður að brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum er hér mun meira en í Evrópu. Brotthvarf framhaldsskólanemenda á Íslandi er nærri 30% en meðaltal ESB-ríkja er um 13%. Heildarnámstími í grunn- og framhaldsskóla er óvenju langur á Íslandi, eða 14 ár samanborið við 12-13 ár í samanburðarlöndum. Þá er vægi bóknáms á kostnað verk- og tæknináms óvenju mikið í íslensku menntakerfi og ljóst að margir nemendur fara ekki í nám við hæfi.

### Samþætting menntunar og atvinnu

Starfshópur undir minni forystu með þátttöku fulltrúa framhaldsskóla og háskóla, aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa nemendahreyfinga og ráðuneyta hefur sent frá sér skýrslu um samþættingu menntunar og atvinnu, sem hefur að geyma átján tillögur um aðgerðir til að bæta menntunarstig þjóðarinnar, draga úr brotthvarfi nemenda og auka vægi verk- og tæknináms.

### Skilvirkari menntastefna

Lagt er til að stjórnvöld setji sér það markmið að allir nemendur í framhaldsskólum ljúki a.m.k. framhaldsskólaprófi sem hafi sjálfstætt gildi sem lokapróf eða fyrsta þrep í frekara framhaldsnámi. Námið verði sveigjanlegt og lagað að áhugasviði nemenda, og geti farið að hluta til fram á vinnustað. Horft verði m.a. til reynslu Hollendinga sem náð hafa góðum árangri með skuldbindandi námslok í framhaldsskólum.

### Stytting og betri nýting námstíma

Mikilvægt er að nýta betur námstíma í grunn- og framhaldsskóla og auka skilvirkni í menntakerfinu. Lagt er til að viðmiðunarnámstími í grunn- og framhaldsskólum verði 13 ár í stað 14 ára og námslok í framhaldsskólum verði því almennt við 19 ára aldur. Lagt er til að þeir fjármunir sem sparast við þessa styttingu verði nýttir til að bæta kjör kennara og skólastarfsfólks, auka sveigjanleika kennslu og styrkja starfsumhverfi skóla, þar með talið tækjakost, aðbúnað og námsgögn. Ætla má að stytting námstíma um eitt ár geti hliðrað fjármunum um 1,2 milljarða króna á ári, sem verði varið til fyrrnefndra nota.

### Aðgerðir gegn brotthvarfi – einstaklingsmiðað nám

Mikilvægt er að stjórnvöld í samráði við skólasamfélagið og aðila vinnumarkaðar grípi til tafarlausra aðgerða til að draga verulega úr brotthvarfi nemenda. Leggja þarf áherslu á að stöðva nýliðun brotthvarfsnemenda með forvörnum og skimun í efri bekkjum grunnskóla. Með skimun er hægt að greina styrkleika og veikleika hvers nemanda og nýta þær upplýsingar til að sníða einstaklingsbundnar námsáætlanir sem ætlað er að kveikja áhuga nemenda og virkja á þeim sviðum þar sem hæfileikar þeirra og færni nýtast best. Starfshópurinn leggur fram hugmyndir um svokallaða námssamninga milli nemenda og kennara, með áfangaskiptum markmiðum um námsframvindu og árangur sem þessir aðilar auk forráðamanna nemenda skuldbinda sig til að fylgja eftir og endurskoða eftir þörfum.

### Í orði en ekki á borði

Einstaklingsmiðað nám varð miðlægt í skólastefnu Reykjavíkurborgar undir lok síðustu aldar og skyldar áherslur hafa verið í grunnskólalögunum frá árinu 1974. Reyndar má finna hliðstæðu í stjórnarskrá lýðveldisins þar sem segir í 76. grein: „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar fræðslu og menntunar við sitt hæfi.“ Í þessu niðurlagi er fólginn mikill sannleikur, sem því miður hefur ekki reynst leiðarljós íslenska menntakerfisins, því allt of margir nemendur velja ekki nám við sitt hæfi, heldur láta sjónarmið foreldra ráða námsvali eða taka mið af meginstraumi, sem oftar en ekki leiðir til þess að bóknám verður fyrir valinu. Afleiðingin er sú að margir nemendur eyða miklum tíma í nám sem hentar þeim ekki og margir hverfa frá námi um lengri eða skemmri tíma. Það er hins vegar athyglisvert að meirihluti þeirra sem snýr til baka í nám á þrítugsaldrinum velur verk- og tækninám og stór hluti þeirra sem útskrifast með sveinspróf er eldri en 25 ára.

### Aukin virkni nemenda

Brýnt er að auka virkni nemenda í skólastofunni með verkefnabundnu námi sem ýtir undir frumkvæði, gagnrýna hugsun og skapandi starf nemenda. Nýta þarf nýja miðla sem nemendur nota utan skóla til að glæða áhuga þeirra á náminu og gera átak í að nútímavæða námsgagnaútgáfu með áherslu á margmiðlun og gagnvirkni.

*Í næstu grein mun ég fjalla um tillögur starfshópsins varðandi eflingu verk- og tæknináms.*

# Mútur eða námskeið í faglegum vinnubrögðum?

Evrópumál
Anna Margrét Guðjónsdóttir
sjálfstæður ráðgjafi



Í nýlegri skýrslu McKinsey um hagvaxtarmöguleika á Íslandi eru m.a. dregnar fram þær megináherslur sem íslensk stjórnvöld þurfa að vinna að til að byggja upp atvinnulíf til framtíðar. Meðal þess sem þar er dregið fram er langtíma stefnumörkun, bætt menntun, aukin verðmætasköpun o.fl.

Í framhaldi af ábendingum McKinsey er athyglisvert að beina sjónum að hinum svokölluðu IPA-styrkjum Evrópusambandsins sem standa Íslendingum til boða meðan á aðildarviðræðum stendur. Styrkirnir lúta í megindráttum sömu reglum og byggðastyrkir Evrópusambandsins þar sem gerðar eru miklar kröfur um öguð vinnubrögð. Skýr stefnumótun, langtíma áætlanagerð, skýr ábyrgð, samráð og samvinna er meðal þess sem styrkþegar þurfa að geta sýnt fram á áður en þeim er úthlutaður styrkur. Með öðrum orðum – úthald í faglegum vinnubrögðum.

Undanfarna mánuði hef ég verið fengin til að aðstoða fjölmarga aðila, um allt land, við að skilgreina hugmyndir og móta verkefni sem eru grunnur að umsóknum um IPA-styrki. Á þessum tíma hef ég séð hvernig ólíkir aðilar hafa tekið höndum saman um að undirbúa eða styrkja ýmiss konar nýsköpun, efla atvinnugreinar sem kalla á fjölbreytta menntun, stofna til nýrra námsbrauta á framhalds- og háskólastigi, styrkja námsframboð símenntunarmiðstöðva, tengja saman háskóla og atvinnulífið og svo mætti lengi telja. Ég hef orðið vitni að því þegar fólk um allt land leggst á árarnar við að skapa nýja hugsun í atvinnu- og menntamálum, sem byggir á auðlindum þekkingar og náttúru. Þetta eru sömu vinnubrögð og viðhöfð eru í þeim ríkjum sem McKinsey nefnir sem eftirsóknarverðar fyrirmyndir fyrir Ísland.

Andstæðingar Evrópusambandsins kalla IPA-styrkina mútur. Það eru auðvitað öfugmæli. Það er nær að líta á þá sem ókeypis námskeið í faglegum vinnubrögðum, í takt við ábendingar skýrslunnar. Námskeiðið er rétt að byrja en ég vona að við Íslendingar ljúkum því með láði, tileinkum okkur ný vinnubrögð og verðum í framhaldinu þjóð meðal þjóða.

*Höfundur sækist eftir 3.–4. sæti í forvali Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

# Bætt kjör námsmanna

Menntamál
Hrafnhildur Ragnarsdóttir
formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar



Löngu er orðið tímabært að bæta kjör námsmanna og endurskoða núverandi námslánakerfi með hliðsjón af gildandi reglum hjá hinum norrænu ríkjunum. Hér hefur t.a.m. viðgengist að námsmenn fái greidd lán frá LÍN eftir að hafa sýnt fram á námsárangur og lifað á lánum frá einkabanka þangað til. Á þessu hafa bankastofnanir hagnast í fjölda ára. Þessu getum við breytt. Sem dæmi væri hægt að greiða lán til námsmanna beint frá LÍN og þau væru greidd fyrir fram, í byrjun annar eða mánaðarlega. Til að koma í veg fyrir að fólk nýti lánin í annað en nám væri hægt að greiða námslánin eftir að sýnt hefur verið fram á námsárangur, eins og gert er nú, fyrsta árið.

Þá hljótum við að vilja búa til hvata til að fólk kjósi að fara í nám og ljúka því. Ein leið væri að hluti námsláns breyttist í styrk fyrir þá námsmenn sem ljúka námi á tilskyldum tíma. Slíkt hvatakerfi væri til hagsbóta ekki einungis fyrir nemendur heldur myndi það einnig mögulega lækka brottfall í háskólum og skila menntuðu fólki fyrr út á vinnumarkaðinn. Svo mætti einnig endurskoða endurgreiðsluhlutfall námslána til að gera greiðslubyrði afborgana viðráðanlegri.

Menntunarstig á Íslandi er með því lægsta í Evrópu, á sviði formlegs náms að skyldunámi loknu. Eitt af markmiðum okkar sem þjóðar er að hækka menntunarstig og búa þar með að vel menntuðum mannauði og hafa hér öflugt og fjölbreytt atvinnulíf. Með þessu gerum við það að vænlegri kosti að taka þá ákvörðun að fara í nám. Að fara í nám er kostnaðarsamt og jafnframt er ekkert sem tryggir að námsmenn fái vinnu við hæfi eftir útskrift. Við þurfum að létta þessa ákvarðanatöku ef við ætlum að ná markmiðum okkar að vera vel menntuð þjóð.



BÆTTU Í SAFNIÐ!
NÝJAR VÖRUR Á HVERJU ÁRI
LEMAX
Vinsælu Lemax jólavörurnar samanstanda af ótrúlega breiðu úrvali af húsum, landslagi og fallegum styttum. Hægt er að bæta við og byggja upp jólaþorpin ár frá ári.
Aðeins í BYKO Breidd og Akureyri.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50
Vnr. 1885056
RH COMPACT GFX heilsugrill frá George Foreman.
16.995 kr.
Vnr. HD781
PHILIPS SENSEO kaffivél.
15.995 kr.
EINNIG TIL RAUÐ EÐA BLÁ
Vnr. 65103218
SINBO straujárn, 2000W.
4.990 kr.
Vnr. 65103010
KHG brauðrist, hvít, 750W.
2.390 kr.
EINNIG TIL SVARTAR EÐA DÖKKBRÚNAR
Vnr. 41120190
Könnur, 2 stk.
490 kr.
Vnr. 65103237
Eldhúsvog með skál, digital, 3 kg.
3.990 kr.
Vnr 88165905
Stjarna með 20 ljósum, 30 cm, akrýl.
2.990 kr.
Vnr. 88166879
Krans með perlum, 20 ljós, 25 cm.
3.490 kr.
KLÚBB verð 2.490 kr.
Vnr. 88167392
Snjókorn, akrýl, 25 ljós, 40x40 cm.
4.590 kr.
KLÚBB verð 2.990 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
www.EXPO.is / EXPO auglýsingastofa

# 25–38% AFSLÁTTUR FYRIR VILDARMEÐLIMI

## SKRÁÐU ÞIG Í VILDARKLÚBB EYMUNDSSON Í NÆSTU HEIMSÓKN OG FÁÐU AFSLÁTTINN UM LEIÐ




Vildarverð kr. 2.899,-
**Blekking**
Sigurjón Pálsson
Verð kr. 3.999,-




Vildarverð kr. 2.799,-
**Biðin eftir Robert Capa**
Susana Fortes
Verð kr. 3.899,-




Vildarverð kr. 3.999,-
**Íslendingablokk**
Pétur Gunnarsson
Verð kr. 5.799,-




Vildarverð kr. 4.899,-
**Megas**
Textar 1966-2011
Verð kr. 6.999,-




Vildarverð kr. 3.999,-
**Eragon**
Paolini Christopher
Verð kr. 5.699,-




Vildarverð kr. 3.199,-
**Særingamaðurinn**
Michael Scott
Verð kr. 4.499,-

### ÚTGÁFUHÓF Í EYMUNDSSSON AUSTURSTRÆTI Á MORGUN KL. 17.00

Bókabeitan fagnar útgáfu á fjórðu Rökkurhæðabókinni, Ófriður og Kamillu Vindmyllu með útgáfuteiti á morgun föstudaginn 16. nóvember kl. 17.00.

Verið velkomin!




Vildarverð kr. 2.699,-
**Rökkurhæðir**
Birgitta Elín Hassel
Verð kr. 3.799,-




Vildarverð kr. 2.799,-
**Kamilla Vindmylla**
Hilmar Örn Óskarsson
Verð kr. 3.999,-

Tilboð gildir til meðlima í Vildarklúbb Eymundsson til og með 21.11.12

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4




Vildarverð kr. **4.399,-**
**Undantekningin**
Auður Ava Ólafsdóttir
Verð kr. 6.299,-




Vildarverð kr. **4.899,-**
**Fyrir Lísu**
Steinunn Sigurðardóttir
Verð kr. 6.999,-




Vildarverð kr. **4.699,-**
**Íslenskir Kóngar**
Einar Már Guðmundsson
Verð kr. 6.499,-




Vildarverð kr. **3.999,-**
**Reykjavíkurnætur**
Arnaldur Indriðason
Verð kr. 6.499,-




Vildarverð kr. **16.999,-**
**1001 Þjóðleið**
Jónas Kristjánsson
Verð kr. 22.999,-




Vildarverð kr. **4.999,-**
**Ferðaatlas - innbundinn**
Örn Sigurðsson
Verð kr. 6.999,-

## KYNNING Á MIÐNÆTUR-OPNUN Í EYMUNDSSON SMÁRALIND KL. 20.00 Í KVÖLD!

Höfundur bókarinnar Frábært hár, Íris Sveinsdóttir, kynnir bókina og greiðir gestum og gangandi.

Verið hjartanlega velkomin í Eymundsson Smáralind í kvöld.




Vildarverð kr. **3.299,-**
**Frábært hár**
Íris Sveinsdóttir
Verð kr. 4.699,-




Vildarverð kr. **13.499,-**
**Stuð vors lands**
Dr. Gunni
Verð kr. 17.999,-




Vildarverð kr. **3.999,-**
**Leyndarmál hundaþjálfunar**
Heiðrún Villa
Verð kr. 5.699,-




Vildarverð kr. **3.899,-**
**Kirkjur Íslands 18. - 19. bindi**
Ýmsir höfundar
Verð kr. 5.499,-




Vildarverð kr. **2.999,-**
**Kirkjur Íslands 20. bindi**
Ýmsir höfundar
Verð kr. 4.299,-

Eymundsson
Bóksali frá 1872
140 ára

# Afstaða 173 kjósenda að veði – í einu kjördæmi

Kosningar

Ásdís J. Rafnar
lögfræðingur

Hulda Rúriksdóttir
hæstaréttarlögmaður




Kosningaréttur þykir sjálfsagður í lýðræðisríkjum og töluvert púður hefur farið í umræður hér á landi um stjórnarskrá, kosningalög, jöfnun atkvæðisréttar o.fl. Engin umræða spannst hins vegar eftir ábendingar Gunnars B. Eydal lögfræðings í Tímariti lögfræðinga 2009 um að skortur sé á samræmdum reglum um mat á gildi kjörseðla við talningu atkvæða á milli kjördæma í almennum kosningum. Löggjafinn er ekki vakandi í þessu réttindamáli. Á Íslandi er kjörsókn almennt góð og kjósendur treysta því að svipaðir ágallar á kjörseðlum verði metnir með sambærilegum hætti í öllum kjördæmum. Sú er ekki raunin. Kjósendur gera sér heldur ekki allir grein fyrir því hvað lítið þarf til að atkvæði þeirra verði metið ógilt og þar með án þýðingar um niðurstöðu kosninga.

### Mat á gildi atkvæða var ekki samræmt í þjóðaratkvæðagreiðslunni í október

Við undirritaðar, skipaðir umboðsmenn kjósenda í Reykjavíkurkjördæmi norður í þjóðaratkvæðagreiðslunni þann 20. október sl., gerðum þá kröfu við talningu atkvæða að landskjörstjórn úrskurðaði um gildi 179 ágreiningsseðla, sem yfirkjörstjórn kjördæmisins hafði metið ógilda. Á 127 kjörseðlum hafði kjósandi gert leiðréttingu á svari sínu við einni spurningu eða fleiri og allir atkvæðaseðlarnir voru metnir ógildir í heild af yfirkjörstjórn kjördæmisins. Hins vegar svaraði kjósandi einni spurningu eða fleirum með já og nei, en öðrum spurningum eingöngu með já eða nei eða ekki í samtals 52 tilvikum. Þessir atkvæðaseðlar voru með sama hætti metnir ógildir í heild sinni.

Töldum við þá niðurstöðu óviðunandi og bentum við á að:

**1.** Kjósendum hefði verið frjálst að svara einni eða fleiri spurningum (6 spurningar) á einum og sama kjörseðlinum.

**2.** Í 101. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis segði að atkvæði skyldi ekki meta ógilt, þó að gallað væri, ef greinilegt væri hvernig það ætti að falla nema augljóslega kæmi í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. Það yrði því ekki séð að kjósanda væri óheimilt að leiðrétta svar sitt á kjörseðli ef það væri gert með snyrtilegum hætti og greinilegt væri hvernig atkvæðið ætti að falla.

**3.** Tilviljun réði því að einn kjörseðill væri notaður við atkvæðagreiðsluna en ekki 6 kjörseðlar. Hefðu þeir verið 6 talsins hefði væntanlega ekki verið horft til þess hvort kjósandi ógilti einhverja spurningu heldur einungis horft til hvers seðils fyrir sig.

Þó að í 12. gr. laga nr. 91/2010 segi að um atkvæðagreiðsluna sjálfa fari eftir lögum um kosningar til Alþingis, verður að horfa til þess að kjörseðlarnir í þessari þjóðaratkvæðagreiðslu voru í verulegu ósamræmi við alla aðra kjörseðla sem hafa sést hér á landi. Atkvæðagreiðslan var ráðgefandi en ekki var um bindandi kosningu að ræða.

Þá var mikilvægt að engin sérstök kynning fór fram um það af hálfu stjórnvalda fyrir kosningarnar að svar við einni spurningu eða fleirum af þeim sex sem voru á kjörseðlinum, snyrtileg leiðrétting á svari eða eyðilegging á svari með því t.d. að svara einni spurningu bæði já og nei myndi þýða ógildi á kjörseðlinum í heild þótt ekkert væri athugunarvert við merkingu kjósanda við aðrar spurningar á kjörseðlinum.

### Landskjörstjórn úrskurðaði í samræmi við okkar viðhorf

Var það afstaða okkar að meta ætti svör kjósanda við hverri og einni spurningu á kjörseðlum eins og um sérstakan kjörseðil væri að ræða vegna hverrar spurningar. Jafnframt að kjósanda hefði vegna eðlis atkvæðagreiðslunnar verið heimilt svo gilt væri að leiðrétta svar sitt á kjörseðli, hefði það verið gert með snyrtilegum hætti þannig að ljóst væri hver vilji hans var.

Framkvæmd kosninganna var vanhugsuð. Landskjörstjórn féllst á þessa afstöðu okkar í öllum meginatriðum, sbr. www.landskjor.is/media/frettir/urskurdur29102012_RvkNordur.pdf. Mat á gildi atkvæða var þ.a.l. ekki samræmt á milli kjördæma í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Það voru hagsmunir 173 kjósenda í Reykjavíkurkjördæmi norður sem voru hér að veði og kjördæmi landsins eru sex. Við höfum hins vegar engar upplýsingar um hversu margir atkvæðaseðlar/svör við spurningum voru að veði í öðrum kjördæmum í kosningunum.




# Ágæti Sighvatur Björgvinsson

Samfélagsmál

Stefán Hrafn Jónsson
félagsfræðingur



Ekki fyrir svo löngu var ég ánægður með framlag þitt til íslenskra stjórnmála. Meðal annars vegna starfa þinna, Stefáns Benediktssonar og Vilmundar heitins Gylfasonar, var ég hrifinn af hugmyndafræðinni sem kennd er við jafnaðarmennsku. Hugmyndafræði þar sem einstaklingsframtakið fær notið sín en hugar jafnframt að velferð þeirra sem minna mega sín. Sumt af því sem þú hefur skrifað á síðum Fréttablaðsins síðustu ár hefur mér jafnvel fundist áhugavert.

Þrátt fyrir langa setu á Alþingi, bæði sem almennur þingmaður og ráðherra, hefur þér tekist að sneiða hjá stórum hneykslismálum og mistökum á ferlinum. Það sama verður ekki sagt um alla stjórnmálamenn af þinni kynslóð, plús mínus nokkur ár. Margar breytingar á íslensku stjórnkerfi voru gerðar af þinni kynslóð á Alþingi á sama tíma og þú áttir þar sæti.

Meingallað kvótakerfið var sett á fót. Samflokksmönnum þínum hefur ekki enn tekist að vinda ofan af því kerfi. Skyldusparnaði var komið á (að mig minnir) þar sem inneignir fólks brunnu upp í óðaverðbólgu. Ef ég man rétt þá var það einnig fólk af þinni kynslóð sem stóð fyrir þessari óðaverðbólgu með endurteknum gengisfellingum til að auka verðgildi fiskafurða. Margir einstaklingar af þinni kynslóð fengu íbúðalán án verðbóta og greiddu þ.a.l. ekki nema lítinn hluta til baka þar sem verðbólgan sá um hitt. Einstaklingar af þinni kynslóð einkavæddu ríkisbankana (skiptu þeim á milli vina sinna) og lögðu þannig grunninn að umfangsmiklu bankahruni.

Ágæti Sighvatur, ég ætla ekki að dæma þig eða alla þína kynslóð af verkum þessara samborgara þinna. Ég dæmi þig hins vegar af skrifum þínum um mig og mína kynslóð. Í skrifum þínum á Vísi þann 10. nóvember sl. tínir þú til nokkur dæmi um fólk á mínum aldri sem tók vafasamar viðskiptaákvarðanir í lagaumhverfi sem fólk af þinni kynslóð tók þátt í að móta. Þú notar þessi afglöp til að dæma mig og þúsundir samborgara minna. Ég er ekki á vanskilaskrá. Ég hef ekki stundað viðskipti nema sem kaupandi á vörum og þjónustu í neytendafjandsamlegu umhverfi sem fólk af þinni kynslóð tók þátt í að móta. Ég tók ekki þátt í útrásinni. Ég hef ekki einu sinni keypt flatskjá svo vísað sé til orða manns af þinni kynslóð.

Þér hefur ekki verið úthlutað dómsvald yfir mér og minni kynslóð og frábið ég, og eflaust fleiri af minni kynslóð, mér þá fordóma sem koma fram í skrifum þínum þegar þú kallar okkur sjálfhverf. Að dæma heila kynslóð af afglöpum nokkurra einstaklinga segir meira um þann sem dæmir en þann dæmda. Sem betur fer er nú fólk af minni kynslóð á þingi sem kann betur að rökræða en þú Sighvatur. Samt er ljóst að það verður erfitt að leysa þau vandamál sem einhverjum af þinni kynslóð tókst að leggja grunninn að. Skrif þín þann 10. nóvember sl. hjálpa ekkert til, nákvæmlega ekkert, við enduruppbyggingu eftir hrun.

Megir þú vel og lengi lifa en vinsamlegast hættu að skrifa ef þú getur ekki vandað þig betur og sleppt fordómum í garð annarra.




# Er kalda stríðinu ekki lokið?

Öryggismál

Árni Þór Sigurðsson
alþingismaður



Eftir fall Sovétríkjanna hvarf um leið tilverugrundvöllur Atlantshafsbandalagsins (NATO). Hernaðarveldin voru hins vegar ekki á þeim buxunum að leggja upp laupana. NATO fór að færa út kvíarnar og í stað þess að snúast fyrst og fremst um varnarmál eigin aðildarríkja og vopnakapphlaup við Sovétríkin og fylgiríki þeirra tók bandalagið að hasla sér völl á ýmsum öðrum svæðum.

Lengi framan af var ekki augljóst hvert stefndi með grundvöll NATO, en að lokum hafði hernaðarhyggjan betur. Í stað þess að Atlantshafsbandalagið væri lagt niður, sem hefði verið rökrétt, var ákveðið að tryggja efnahagslega og pólitíska hagsmuni hernaðar og vopnakapphlaups. Hér á landi lögðu stjórnarherrar sig alla fram um að ríghalda í bandaríska herliðið á Miðnesheiði, enda þótt Bandaríkjamönnum sjálfum væri löngu ljóst að vera þess hér væri tilgangslaus. Fastaráð NATO samþykkti sumarið 2007 beiðni þáverandi ríkisstjórnar Íslands um að NATO-ríki hefðu með höndum tímabundna loftrýmisgæslu með orrustuþotum hér við land. Í kjölfar þess að herinn fór var síðan lögð vinna í sérstakt áhættumat í öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar. Ein af meginniðurstöðum þeirrar vinnu er að „engar vísbendingar eru um að hernaðarógn muni í náinni framtíð steðja að Íslandi“. Þrátt fyrir þessa augljósu staðreynd takast enn á sjónarmið gömlu hernaðarhyggjunnar annars vegar og hins vegar nýrrar sýnar og nálgunar í öryggismálum.

Þegar Alþingi ákvað að hefja vinnu við að móta þjóðaröryggisstefnu var ljóst að meirihluti Alþingis vildi hverfa frá þröngri hernaðarhugsun og segja skilið við kalda stríðið. Það kemur því óneitanlega á óvart að hernaðaræfingar, eins og loftrýmisgæsla NATO, skuli enn eiga fylgismenn í öðrum flokkum en Sjálfstæðisflokknum. Loftrýmisgæsla í nokkrar vikur á ári hefur ekkert með öryggi Íslands að gera. Það er ástæða þess að ég hafði frumkvæði að því á nýloknu þingi Norðurlandaráðs að fjalla um loftrýmisgæsluna við Ísland. Gagnrýndi ég þar einkum utanríkisráðherra hlutlausu landanna Finnlands og Svíþjóðar fyrir að vilja taka þátt í þessum hernaðarleikjum, en skálkaskjólið nú er að allt sé þetta í anda „norrænnar samvinnu“. Hún er vissulega góð en á hins vegar ekki að snúast um hernaðarbrölt. Um það getur ekki orðið breið samstaða enda er loftrýmisgæslan arfur frá tímum kalda stríðsins. Það vita hins vegar flestir að því er lokið og þess vegna eiga menn að hætta þessum stríðsleikjum.



# MIÐNÆTURFJÖR Í SMÁRALIND

20% AF ÖLLUM ÚTIVISTARFATNAÐI
20% AF ÖLLUM ÚLPUM
20% AF ÖLLUM SKÓM
20% AF NIKE FATNAÐI
20% AF CAMELBAK HLAUPAPOKUM
20% AF COMPRESSPORT
20% AF 2XU ÆFINGAFATNAÐI

*– Tilboðin gilda allan daginn*

## KYNNINGAR KL. 19:00-21:00

**NIKE**
*– Kynning á æfingafatnaði - sérfræðingur á staðnum*

**COMPRESSPORT**
*– Kynning og tilboð á íþróttasokkum og þrýstikálfahlífum*

**CAMELBACK**
*– Kynning og tilboð á CamelBack hlaupapokum og brúsum*

**2XU**
*– Kynning og tilboð á æfingafatnaði*

**BROOKS**
*– Kynning og tilboð á Brooks hlaupaskóm*

**OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í SMÁRALIND**

ÚTILÍF

HOLTAGÖRÐUM GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND

www.utilif.is

# 15. nóvember – sjálfstæðisyfirlýsing Palestínu

Utanríkismál

**Sveinn Rúnar Hauksson**
læknir og formaður Félagsins Ísland-Palestína



Árið 1988 var Arafat forseti enn útlagi í Túnis, PLO-samtökin voru stimpluð af Ísrael og Bandaríkjunum sem hryðjuverkasamtök og Yasser Arafat að sjálfsögðu yfirhryðjuverkamaðurinn. Hann fékk því ekki vegabréfsáritun til Bandaríkjanna og til þess að Arafat gæti ávarpað Allsherjarþingið ákvað þingheimur að flytja sig um set, frá New York til Genfar í Sviss, og þar flutti Arafat sína eftirminnilegu ræðu um sjálfstæði Palestínu og leiðina til friðar.

Sama haust var haldið þjóðþing (PNC) Palestínu og þar lagði þingheimur blessun sína yfir stefnu Arafats sem var að viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis á nærri 80% upphaflegrar Palestínu og sætta sig við orðinn hlut.

Í stríðinu frá 1948-1949 bættu gyðingar við sig meira en fjórðungi landsins til viðbótar þeim helmingi sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu ætlað þeim með samþykkt Allsherjarþingsins um skiptingu Palestínu 29. nóvember 1947. Þá voru 22% landsins eftir, Gaza og Vesturbakkinn að meðtalinni A-Jerúsalem.

Ísraelsmenn hernámu fimmtunginn sem eftir var í Sex daga stríðinu 1967 og þrátt fyrir allar heitstrengingar og margendurteknar ályktanir Sameinuðu þjóðanna, bæði Öryggisráðs og Allsherjarþings, hefur Ísraelsríki enn ekki skilað landinu og nú eru 45 ár liðin. En landamærin frá því fyrir hernámið 1967 eru einu alþjóðlega viðurkenndu landamærin.

Árið 1987 brutust út friðsöm mótmæli Palestínumanna gegn hernáminu, Intifada hin fyrri. Þrátt fyrir friðsemd máttu hundruð Palestínumanna láta lífið og fleiri hljóta örkuml.

Sjálfstæðisyfirlýsingin 15. nóvember vísaði til Palestínu innan 1967 landamæranna. Það var ekki lítil eftirgjöf af hálfu þeirrar þjóðar sem byggt hafði Palestínu frá örófi alda, en Arafat tókst að sannfæra þjóð sína um að þessi eftirgjöf væri söguleg nauðsyn og allar stjórnmálafylkingar Palestínumanna hafa síðan fallist á þessa niðurstöðu, þar á meðal Hamassamtökin.

Árið 1991 hófust friðarviðræður í Madrid fyrir tilstuðlan Bandaríkjanna en áður en þeim lauk var gerður samningur á laun, sem kallaður var Óslóar-yfirlýsingin og var hún undirrituð í Washington í september 1993. Rabin forsætisráðherra var nokkru síðar myrtur af öfgamönnum úr eigin röðum sem engan frið vilja semja.

Síðan hafa slíkir verið við völd í Ísrael, frá Sharon til Netanyahu, stjórnmálamenn sem látast stundum vilja ræða frið og tala um friðarferli, en verkin tala og segja aðra sögu. Árásir á íbúa herteknu svæðanna halda stöðugt áfram, landránið verður æ umfangsmeira og nú hefur hálf milljón landtökufólks verið flutt inn á Vesturbakkann, þvert á Genfarsáttmála.

Forysta Palestínumanna hefur leitað leiða til að styrkja stöðu þjóðarinnar með því að fá alþjóðlega viðurkenningu í von um að það gæti aukið möguleika á raunverulegum friðarviðræðum.

> Hlutur utanríkisráðherra okkar, Össurar Skarphéðinssonar, er slíkur í þessu máli að hans mun lengi minnst…

Meirihluti þjóða heims viðurkenndi Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki strax eftir sjálfstæðisyfirlýsinguna 1988 en í þeim hópi voru hvorki Vesturveldin né hin svokölluðu Vestrænu ríki. Þegar Suður-Ameríka fór að losa sig undan oki bandarísku heimsvaldastefnunnar á síðustu árum viðurkenndu ríkin hvert af öðru Palestínu.

Síðan gerðist það fyrir ári síðan, að Alþingi Íslendinga ályktaði samhljóða að viðurkenna bæri Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki og áréttaði jafnframt rétt palestínsks flóttafólks til að snúa heim aftur. Þessi ályktun sem var gerð 29. nóvember er söguleg fyrir margra hluta sakir og því miður er hún enn einstæð í röðum vestrænna ríkja sem hafa ekki viðurkennt sjálfsagðan rétt palestínsku þjóðarinnar til sjálfsákvörðunar og sjálfstæðis. Viðurkenningin varð síðan formlega að veruleika á fundi íslenska og palestínska utanríkisráðherrans í Reykjavík þann 15. desember 2011. Hlutur utanríkisráðherra okkar, Össurar Skarphéðinssonar, er slíkur í þessu máli, að hans mun lengi minnst, jafnt í Palestínu sem hérlendis og víðar. Framganga Össurar í Palestínumálinu hefur verið þessari þjóð til mikils sóma og ekki að ástæðulausu hve oft undirritaður fékk að heyra orð sem þessi í tengslum við viðurkenninguna; mikið er ég stolt af Alþingi og utanríkisráðherra. Margir sögðu líka, nú er ég stoltur yfir því að vera Íslendingur. Þetta var mjög á skjön við hið litla traust sem mældist þá almennt á stjórnmálamönnum.

En þessi stefnumótun varð ekki til í tómarúmi. Hún var rökrétt framhald af stefnu Alþingis sem mótuð var árið 1989, og annar ógleymanlegur atburður á þeim ferli var heimsókn Steingríms Hermannssonar, þáverandi forsætisráðherra, til Arafats forseta í maí 1990 sem hafði aðsetur með útlagastjórn í Túnis. Steingrímur varð fyrstur vestrænna þjóðarleiðtoga til að rjúfa múrinn. Össur leiðir okkur í þau fótspor.

Í dag minnumst við sjálfstæðisyfirlýsingar Palestínu og eftir tvær vikur, þann 29. nóvember, munum við halda upp á eins árs afmæli samþykktar Alþingis og 25 ára afmæli Félagsins Ísland-Palestína. Þennan dag munu samstöðufundir með Palestínu haldnir víðs vegar um heim að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna og vonir eru bundnar við að á þeim degi samþykki Allsherjarþingið tillögu sem felur í sér viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, þótt full aðild fáist ekki strax.

Þetta mun auðvelda Palestínu aðild að alþjóðastofnunum eins og Alþjóða stríðsglæpadómstólnum, þannig að hægt verður að draga ráðamenn til ábyrgðar fyrir stríðsglæpi Ísraels. Bandaríkjastjórn og Ísrael hamast gegn þessu og þegar eru hafnar efnahagslegar refsiaðgerðir gegn Palestínu fyrir þá sök að framfylgja sínum sjálfsagða rétti. Evrópuríkin standa mörg hikandi hjá.

Mikið má okkur þykja vænt að geta borið höfuðið hátt í þessu réttlætismáli. Þökk sé Alþingi og utanríkisráðherra. Heill sé þjóð og ríkisstjórn sem eru samhuga í góðu máli.

# Þrjú hjól undir bílnum – staða heimila með lánsveð

Fjármál

**Elín Sigurðardóttir**
félagsfræðingur með lánsveð



Þetta er í vinnslu", „Verið er að ræða þetta" og „Nefnd hefur verið skipuð til að skoða þessi mál" eru frasar sem oft heyrast við úrlausn samfélagslegra vandamála. Stundum skilar slík vinna einhverjum árangri og stundum ekki, þannig er lífið. Staða húsnæðisskuldara eftir efnahagshrunið 2008 er eitt slíkt vandamál. Nefndir voru skipaðar og leiðir fundnar á borð við 110% leiðina. Þær leiðir hafa nú verið framkvæmdar fyrir stóran hóp húsnæðisskuldara. Einn hópur skuldara situr þó eftir með sárt ennið, sá hópur sem tók húsnæðislán með lánsveði í annarri eign, oftast vandamanna. Þessar skuldir eru skiljanlega í litlum vanskilum enda fæstir sem vilja láta selja ofan af foreldrum sínum eða tengdaforeldrum og greiða þessar skuldir fyrst allra skulda heimilisins. Miklu hefur verið lofað en ekkert gert til að leiðrétta stöðu þessa hóps.

Jafna verður stöðu skuldara með lánsveð þannig að hún verði sambærileg stöðu annarra húsnæðisskuldara. Það er bæði brýnt út frá sanngirnis- og réttlætissjónarmiðum. Skýrsla nefndar efnahagsráðherra sem tók út framkvæmd á 110% leiðinni kom út í september 2011. Þar kom meðal annars fram að það voru einna helst þeir sem vildu sýna aðhald og varkárni við húsnæðiskaup sem tóku lánsveð. Önnur niðurstaða var sú að sá hópur hefði setið eftir við framkvæmd 110% leiðarinnar og standi því nú verr að vígi en þeir sem tóku 100% lán hjá viðskiptabönkunum. Margir hafa reynt að vekja athygli á þessari stöðu lánsveðsskuldara og því óréttlæti sem skuldarar með lánsveð hafa verið beittir við framkvæmd 110% leiðarinnar fram til þessa.

> Einn hópur skuldara situr þó eftir með sárt ennið, sá hópur sem tók húsnæðislán með lánsveði í annarri eign, oftast vandamanna.

Rúmt ár er nú liðið frá því að skýrslan kom út og enn þá hefur ekkert gerst og staða skuldara með lánsveð verri en staða annarra húsnæðisskuldara. „Þrjú hjól undir bílnum en áfram skröltir hann þó…" segir í gömlum texta. Ég hef þó áhyggjur af því að hjólin undir bílnum hjá fjölskyldum með lánsveð séu orðin mun færri en þrjú og að bíllinn fari að stöðvast hjá ansi mörgum, sem nú eru fangar með fjölskyldur sínar í mikið yfirveðsettu húsnæði og komast ekkert, frekar en bíll sem vantar öll hjólin undir.

## Dr. Daniel Mitchell, skattasérfræðingur
## Rökin gegn stighækkandi skatti

Fyrirlestur í Háskólatorgi í Háskóla Íslands, stofu HT-102, föstudag 16. nóvember kl. 12–13

Dr. Mitchell, skattasérfræðingur rannsóknarstofnunarinnar Cato Institute í Washington-borg, hefur skrifað fjölda bóka og ritgerða um skattamál. Hann mun gagnrýna þá þróun, sem varð í skattamálum á Íslandi eftir 2009 með því að setja á stighækkandi tekjuskatt og auðlegðarskatt, og ræða almenn rök fyrir einfaldri, gagnsærri og réttlátri skattlagningu.



Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis.

RNH, Rannsóknarsetur um nýsköpun og hagvöxt, í samstarfi við Samtök skattgreiðenda

RNH

# Kastljósinu beint að Sigmari

Menning

**Gunnar Hrafnsson**
tónlistarmaður og stjórnarmaður í FÍH



Ég er knúinn til að svara orðum Sigmars Guðmundssonar varðandi tónlistarflutning í þættinum Kastljósi sem birt voru í Fréttablaðinu 13. nóvember. Samkvæmt greininni segir hann: „Þetta er skrítin staða að vera með óánægða tónlistarmenn sem vilja spila. Við viljum fá þá en það er ekki hægt. Það eru allir að tapa á þessu ástandi" og síðar: „Ástæðan er sú að þátturinn getur ekki lengur borgað tónlistarmönnum fyrir að koma þar fram…"

Forsaga málsins er að í gildi hefur verið kjarasamningur milli Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og RÚV um greiðslur fyrir framkomu í útvarpi og sjónvarpi. Fyrir nokkrum árum komum við til móts við þau sjónarmið RÚV-manna að framkoma í Kastljósi hefði ákveðið kynningargildi fyrir viðkomandi listamann/menn og samið var um svokallaðan „kynningartaxta" sem gilt hefur síðan og kveður á um töluverða lækkun frá taxta.

### Er í lagi að tónlistarmenn vinni ókeypis?

Þetta sömdum við um með hálfum huga af því að með framkomu tónlistarmannanna í Kastljósi er að verða til sjónvarpsefni sem nýtur mikils áhorfs og vinsælda og á auðvitað að vera metið sem slíkt í endurgjaldi. Af hverju að semja sig niður í launum? Svarið liggur annars vegar í þrýstingi frá hluta tónlistarmanna, sem telja hagsmunum sínum vegna útgáfu hljóðrita best borgið með því að koma fram í Kastljósi þó engin laun séu í boði. Hins vegar var fallist á af okkar hálfu að létta undir með RÚV í fjársvelti þess svo þessar upptökur og útsendingar héldu þó áfram. Kjarni málsins er þó alltaf af okkar hálfu, að tónlistarmenn skapa mikil verðmæti með „Kastljósspilamennskunni" og eiga að fá borgað fyrir þau.

Rétt er að benda á að aðeins hluti þeirra sem koma fram í flestum útsendingum hafa beina hagsmuni af „kynningunni" sem Sigmar er svo rausnarlegur að bjóða. Fyrst og fremst eru það þeir sem eru útgefendur og/eða höfundar og telja sig þá „ná inn fyrir kostnaði" annars staðar. Eftir sitja hinir sem taka oft þátt vegna félagslegs þrýstings og bera ekkert úr býtum.

### Er hægt að tala svona í forsvari fyrir opinbert fyrirtæki?

Verst í þessu máli er að opinber starfsmaður skuli leyfa sér að tala á þeim nótum sem hér eru raktar. RÚV er rekið fyrir opinbert fé, ætlar stofnunin að ganga fram fyrir skjöldu með að byggja útsendingar á ókeypis vinnuframlagi annarra, þvert gegn gerðum samningum? Ég efa að starfsmenn RÚV fáist til að vinna launalaust við þáttagerð og útsendingar, er hægt að ætlast til þess af öðrum utanaðkomandi?

Reyndar dettur mér í hug í því samhengi: Nú mælir göturnar mikill fjöldi ungs og vel menntaðs fólks í fjölmiðlafræði sem ekki hefur enn fengið vinnu við sitt hæfi. Leyfa mætti þeim að koma fram ókeypis í svo sem eitt sinn sem stjórnendur Kastljóss. Þau fengju kynningu til að fleyta þeim áfram í störf sem jafnvel væru launuð og spara mætti laun Sigmars. Eru ekki allir að tapa á að þetta er ekki gert?

### Ef við berum ekki virðingu fyrir störfum okkar, hver gerir það þá?

Tónlistarlíf á Íslandi vekur um þessar mundir heimsathygli. Nýafstaðin Iceland Airwaves-hátíð ber því vitni, þegar þúsundir útlendinga flykkjast hingað til að upplifa hvað er að gerast. Grunnur þessarar öflugu tónlistarflóru er vel menntað fólk á öllum aldri sem hefur til að bera hæfileika og metnað. Ég skora á allt þetta fólk að bera nægilega virðingu fyrir sjálfu sér og starfi sínu til að beygja ekki af og láta stundarhagsmuni grafa undan framtíðartilveru sinni. Enn fremur skora ég á forráðamenn RÚV að láta ekki raddir af þessu tagi tala í sínu nafni, þeim er það ekki sæmandi.

# KONUKVÖLD

## Á SMÁRATORGI Í KVÖLD FRÁ 18-21

### DAGSRKÁ

OSTAKYNNING FRÁ MS

SÆLGÆTISGERÐIN FREYJA

KYNNING Á NÝJUM MASKARA FRÁ MEDICO

EVUKLÆÐI SÝNIR HÖNNUN SÍNA

HÓPUR ÚR KVENNAKÓR KÓPAVOGS TEKUR LAGIÐ

HANDNUDD MEÐ VÖRUM FRÁ PURE

AÐSTOÐ VIÐ VAL Á AÐVENTUSKREYTINGUM

LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI

FREYJA

evuklæði

MAXFACTOR
THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

**30%** AF JÓLAVÖRU

**30%** AF BÚSÁHÖLDUM

**20%** AF STÖKUM STÓLUM

**40%** AF KERTUM

ALLAR KONUR VELKOMNAR!

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# Svona vinna vísindin

Vísindi



Hans Guttormur Þormar
framkvæmdastjóri Lífeindar ehf.

Undanfarna áratugi hafa endurtekið komið fram vísindagreinar sem vekja athygli og fá mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Nýleg dæmi er t.d. grein frá NASA sem birtist í hinu virta ritrýnda tímariti Science. Þar var sagt frá bakteríu sem nýtti sér arsenik í umhverfi með takmörkuðum næringarefnum.[1] NASA hélt blaðamannafund í beinni útsendingu, vegna mikilvægi þessarar uppgötvunar fyrir möguleikanum á lífi á öðrum hnöttum. Sumir vísindamenn efuðust frá fyrsta degi um þessar niðurstöður og nú hafa verið gerðar fjölmargar athugasemdir og birtar niðurstöður í mótsögn við þessa grein til dæmis.[2]

Árið 2006 birtist vísindagrein í PLoS Pathogens sem greindi frá tilvist gammaretróvírussins XMRV og tengslum hans við blöðruhálskirtilskrabbamein.[3] Önnur grein sem vakti líka mikla athygli fjölmiðla birtist í Science árið 2009.[4] Þar var greint frá því að sami vírus (XMRV) hefði einnig tengsl við síþreytu eða síþreytufár (e. chronic fatigue syndrome (CFS)). Þetta vakti að sjálfsögðu vonir hjá CFS-sjúklingum um að lækning væri í sjónmáli.

> Einungis ítrekaðar tilraunir óháðra rannsóknarhópa geta komið okkur nær „réttri“ niðurstöðu. Ef niðurstöðurnar eru rangar mun vísindasamfélagið ýta þeim út af borðinu hægt, en örugglega.

Allar rannsóknir hafa bent til þess að niðurstöður þessarar greinar frá 2009 væru rangar. Aðalhöfundur greinarinnar reyndi í fyrstu að mótmæla þessu harðlega, dró niðurstöðurnar ekki sjálfviljug til baka og var eins og guð í augum sumra sjúklinga, að berjast gegn öllum vísindaheiminum fyrir nýrri lækningu. Ritstjórn Science tók þá ákvörðun í lok árs 2011 að draga greinina til baka.[5] Endahnútinn á söguna batt síðan 10 sinnum stærri rannsókn sem staðfesti að niðurstöður 2009 greinarinnar væru rangar.[6] Aðalhöfundur greinarinnar frá 2009 er meðhöfundur þessarar greinar og segist vera ævinlega þakklát fyrir að fá tækifæri til að taka þátt í að afsanna fyrri niðurstöður. Varðandi greinina frá 2006, þá höfðu höfundar hennar neitað að draga hana til baka þótt nánast öllum niðurstöðum hennar hefði líka verið hafnað af vísindasamfélaginu. Í september 2012 tók ritstjórn PLoS Pathogens þá ákvörðun að draga greinina til baka og um leið birtist grein eftir sömu höfunda sem fjallar um hvað hafi farið úrskeiðis.[7] Árið 2011 hafði birst grein um að XMRV-vírusinn hefði líklega orðið til við samruna tveggja annarra vírusa í rannsóknarstofu á 10. áratug síðustu aldar, væri ekki náttúrulegur og hefði litla möguleika á að sýkja fólk.[8] Sjá nánar á vef Science.[9]

Ofangreind dæmi sýna vel hvernig vísindin vinna og hvernig niðurstöðum sem ekki standast skoðun er ýtt út af borðinu, jafnvel þótt það taki mörg ár eða áratugi. Viðkomandi vísindamenn munu alltaf eiga erfitt með að viðurkenna mistök og draga niðurstöður sínar til baka. Mistök eða mengun við framkvæmd tilrauna og oftúlkun rannsóknaniðurstaðna geta valdið röngum ályktunum. Fjárhagslegir hagsmunir, möguleikar á styrkjum frá rannsóknarsjóðum, samtökum sjúklinga/áhugamanna til áframhaldandi rannsókna og pólitísk rétthugsun eiga það til að valda þrýstingi á vísindamenn, rannsóknarstofur og fyrirtæki að birta niðurstöður sem ekki eru nógu vandaðar eða fullgerðar.

Þess vegna er mikilvægt að vísindamenn, fjölmiðlafólk og leikmenn efist alltaf um niðurstöður, hvort sem það er í ritrýndum vísindatímaritum, á blaðamannafundum eða í fréttatilkynningum. Sérstaklega þegar niðurstöður ganga gegn núverandi þekkingu eða valda straumhvörfum. Einungis ítrekaðar tilraunir óháðra rannsóknarhópa geta komið okkur nær „réttri“ niðurstöðu. Ef niðurstöðurnar eru rangar mun vísindasamfélagið ýta þeim út af borðinu hægt, en örugglega.

Eins og einhver orðaði það: „Ef eitthvað er of gott til að vera satt, þá er það oftast of gott til að vera satt“ og það gildir um vísindi líka.

**Heimildir**

1. Wolfe-Simon F, et al. A Bacterium That Can Grow by Using Arsenic Instead of Phosphorus. Science. 2011;332(6034):1163-6.
2. Reaves ML, et al. Absence of Detectable Arsenate in DNA from Arsenate-Grown GFAJ-1 Cells. Science. 2012;337(6093):470-3.
3. Urisman A, et al. Identification of a novel Gammaretrovirus in prostate tumors of patients homozygous for R462Q RNASEL variant. PLoS pathogens. 2006;2(3):e25.
4. Lombardi VC, et al. Detection of an Infectious Retrovirus, XMRV, in Blood Cells of Patients with Chronic Fatigue Syndrome. Science. 2009;326(5952):585-9.
5. Alberts B. Retraction. Science. 2011;334(6063):1636.
6. Alter HJ, et al. A Multicenter Blinded Analysis Indicates No Association between Chronic Fatigue Syndrome/Myalgic Encephalomyelitis and either Xenotropic Murine Leukemia Virus-Related Virus or Polytropic Murine Leukemia Virus. mBio. 2012;3(5).
7. Lee D, et al. In-Depth Investigation of Archival and Prospectively Collected Samples Reveals No Evidence for XMRV Infection in Prostate Cancer. PLoS ONE. 2012;7(9):e44954.
8. Paprotka T, et al. Recombinant Origin of the Retrovirus XMRV. Science. 2011;333(6038):97-101.
9. Cohen J, Enserink M. False Positive. Science. 2011;333(6050):1694-701.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GLÆSIKJÓLL Í PÓSTI

**Glæsikjólar eru mikið notaðir á þessum árstíma þegar jólahlaðborð, árshátíðir, jól, nýársfagnaði og fleira ber við. Á vefnum Newyorkdress.com er mikið úrval glæsilegra kjóla sem hægt er að panta til Íslands. Þetta eru síðir ballkjólar, brúðarkjólar, stuttir kjólar og fylgihlutir.**














# HÁLFT KÍLÓ Á HÖND

**GLÆSILEGUR GRIPUR** *Þeir Kjartan Örn Kjartansson og Ástþór Helgason hönnuðu hring sem vegur hátt í hálft kíló og er settur áttatíu steinum.*

Gullsmiðirnir Ástþór Helgason og Kjartan Örn Kjartansson í Orr hönnuðu hring sem er nú ásamt fleiri gripum frá þeim félögum til sýnis á skartgripasýningunni Láði og legi (Water and Earth) í Finnlandi. Hringurinn vegur næstum hálft kíló og er með áttatíu steinum. „Í hönnun okkar leggjum við upp með að gera það sem okkur langar til,“ segir Ástþór. „Þessi tiltekni hringur stækkaði í smíðinni. Hann átti aldrei að verða svona stór en við leyfum okkur að breyta hönnuninni þó við séum byrjaðir að smíða. Þegar við byrjum á einhverjum grip vitum við ekki hvernig útkoman verður. Okkur finnst það koma best út, að vera ekki niðurnjörvaðir. Þegar við stofnuðum Orr fyrir tíu árum var það eiginlega inni í stofnsamningnum að við myndum aðeins gera það sem okkur langaði til. Ef það gengur ekki upp þá hættum við frekar.“

Hringurinn stóri er hluti af línu sem byrjaði sem hálsmen. Steinarnir í hringnum eru allir lausir og það er erfitt að átta sig á hvernig hann lítur út í raun þegar hann er skoðaður á mynd. „Við viljum að fólk fái að koma við hönnunina okkar. Allir gripirnir sem eru á sýningunni í Finnlandi núna eru hreyfanlegir á einhvern hátt og það er mikilvægt að koma við þá og prófa þá til að skilja hvernig þeir virka.“

Þegar Ástþór er spurður hvort ekki sé þreytandi að vera með svo stóran og þungan hring segir hann að það venjist. „Sumar konur ganga alltaf á háhæluðum skóm og það venst líka. Við höfum smíðað fullt af gripum sem við héldum að myndu aldrei seljast en hafa svo gert það. Við smíðuðum til dæmis átján karata gullhring fyrir átta árum sem var skreyttur með nammi í stað steins. Hringurinn kostaði milljón og fylgdu fimm þúsund nammistykki með sem var svo hægt að skipta út. Mjög góður „díll“,“ segir Ástþór og hlær.

**GULLSMIÐIR**
Ástþór Helgason og Kjartan Örn Kjartansson í Orr fara eigin leiðir í skartgripasmíðinni og er skartið þeirra fjölbreytilegt.
MYND/GVA



**SÁ STÓRI**
Stóri hringurinn frá Orr sem er nú til sýnis í Finnlandi. Hann vegur næstum hálft kíló og steinarnir eru áttatíu.









# ELM HÆTTIR

**NÝTT Á TEIKNIBORÐINU** *Verslunin ELM, sem hefur verið starfrækt á Laugavegi 1 í tólf ár, hefur hætt starfsemi en hún var eftirlætisverslun margra kvenna. Á næsta ári verður nýr og spennandi rekstur í húsinu.*

Lísbet Sveinsdóttir, myndlistarmaður og einn eigenda ELM, segir að hönnun ELM hafi verið seld um allan heim. Fyrirtækið hafi vaxið mikið og orðið flókið í rekstri. „Þegar upphafsfólkið er ekki lengur með puttana í öllu vill starfsemin fljóta en fatabransinn er margslunginn,“ útskýrir Lísbet. „Við fundum ekki mikið fyrir kreppunni, hún kom hægt til okkar. Íslenskar konur voru tilbúnar til að kaupa íslenska hönnun og búðin hér á landi gekk ágætlega,“ segir Lísbet sem telur að þær þrjár sem ráku ELM, það er Erna Steina Guðmundsdóttir, Matthildur Halldórsdóttir og hún sjálf, muni hasla sér völl, hver á sínu sviði. „Ég ætla að sinna myndlistinni en mun hafa fatahönnunina með fram en það verður ekki svona stórt. Ég sé það fyrir mér minna og hagkvæmara en ELM,“ segir hún.

Lísbet segir að íslenskar konur standi sig ákaflega vel varðandi hérlenda hönnun og séu duglegar að kaupa hana. „Það mætti vera meiri stuðningur við þessi litlu hönnunarfyrirtæki því hann mundi skila sér aftur til þjóðfélagsins. Það er margt klárt fólk að útskrifast í þessari grein,“ bætir hún við. „Það hefur verið jákvæð samkeppni á þessum markaði og margir ungir hönnuðir hafa verið að skapa sér atvinnutækifæri. Ég býst við að nýja hönnunarhúsið í gamla Sautján-húsinu muni ýta undir frekari listsköpun.“

Lísbet segist ekki vita hvar hægt verði að nálgast fatahönnun sína í framtíðinni en það komi í ljós. „Við Erna Steina eigum húsið við Laugaveg og ég geri ráð fyrir að við munum gera eitthvað skemmtilegt í þessu húsi þótt það verði ekki fyrr en eftir eitt ár. Við erum að teikna og draga upp eitthvað nýtt sem verður örugglega skemmtilegt og hluti af þeirri hönnun sem við einblínum á í framíðinni. Ég var ein af þeim sem komu að Sólon á sínum tíma og sé fyrir mér músík í ELM-húsinu. Þar er góður bakgarður sem býður upp á að njóta listarinnar. Maður á að endurskapa sig og breyta til á tíu til tólf ára fresti.“

■ elin@365.is

**LISTAKONA** Lísbet Sveinsdóttir hefur rekið ELM í tólf ár ásamt tveimur öðrum konum. Reksturinn var flókinn og nú hefur hann verið lagður niður.

**TÆKIFÆRI**
„Maður á að endurskapa sig og breyta til á tíu til tólf ára fresti.“




# LÚKA VERÐUR MEÐ Í ATMÓ

„Það er allt á fullu hérna núna við undirbúning en húsið verður opnað klukkan 16 á morgun,“ sagði Brynhildur Þórðardóttir fatahönnuður þegar Fólk sló á þráðinn til hennar í gær, en hún er ein þeirra 60 hönnuða sem selja vörur sínar í ATMÓ hönnunarhúsi á Laugavegi 89. Dyrnar verða opnaðar á ATMÓ klukkan 16 í dag og því var handagangur í öskjunni.

„Það verður klippt á borðann klukkan 16.30 með viðhöfn og opnunarhófið stendur til klukkan 19. Þetta verður staðurinn til að hanga á og njóta góðrar hönnunar og fá sér eitthvað í gogginn í leiðinni,“ segir Brynhildur en veitingastaðurinn Gló verður einnig þarna til húsa.

Brynhildur hannar prjónafatnað undir merkinu Lúka og hefur fyrirtækið vaxið jafnt og þétt frá því hún stofnaði það ásamt Gunnhildi systur sinni árið 2009. Síðustu tæp tvö ár hefur Brynhildur rekið fyrirtækið ein og er hún að taka það í gegn þessa dagana.



„Ég notaði tækifærið núna og lét gera nýtt lógó og einnig er ég að setja upp vefverslun sem fer í loftið í desember. Þá var ég að fá nýjar peysur og kjóla í haust- og vetrarlínuna sem verða hér í ATMÓ og hér verða einnig herravörur Lúka,“ segir Brynhildur.

Vörur Lúka eru framleiddar hér á landi en Brynhildur segir mikilvægt að vera í tengslum við framleiðsluferli eigin vöru. „Ég vil halda því þannig eins lengi og ég get. Ég vil þekkja þann sem framleiðir vöruna mína. Þannig tekur maður ákveðna ábyrgð á því sem kemur frá manni.“

Nánar má forvitnast um hönnun Brynhildar á www.lukaartdesign.is og á Facebook.



**OPNAR Í ATMÓ** Brynhildur Þórðardóttir fatahönnuður er ein þeirra 60 íslensku hönnuða sem selja vörur sínar í nýrri verslun á Laugavegi. Öll hönnun Brynhildar er framleidd á Íslandi.
MYND/ANTON




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# NÝ SENDING AF SKÓM!

## Frá 10,800kr. til 14,800kr.

GYLLTI KÖTTURINN





**OPIÐ ALLA DAGA**























AUSTURSTRÆTI 8 / 101 REYKJAVÍK / 534-0005

# DEKKJA-TILBOÐ

SVÖRUM SAMKEPPNI OG LÆKKUM VERÐ ENN MEIRA!

TOYO TIRES Harðskeljadekk · HERCULES The strong silent type · SAILUN High Performance Tires · IRONMAN TIRES

## HEILSÁRSDEKK

TILBOÐIÐ MIÐAST VIÐ FJÖGUR DEKK & UMFELGUN

| TILBOÐ NR. | STÆRÐ | |
|---|---|---|
| 1 | 175/70 R 13 | VERÐDÆMI: TILBOÐ: 41.720 KR. |
| 2 | 175/65 R 14 | VERÐDÆMI: TILBOÐ: 43.525 KR. |
| 3 | 195/65 R 15 | VERÐDÆMI: TILBOÐ: 52.717 KR. |
| 4 | 205/55 R 16 | VERÐDÆMI: TILBOÐ: 59.943 KR. |

Bjóðum einnig allar aðrar stærðir á frábæru verði

## JEPPASDEKK

TILBOÐIÐ MIÐAST VIÐ FJÖGUR DEKK & UMFELGUN

| TILBOÐ NR. | STÆRÐ | |
|---|---|---|
| 1 | 215/60 R 16 | VERÐDÆMI: TILBOÐ: 80.601 KR. |
| 2 | 235/70 R 16 | VERÐDÆMI: TILBOÐ: 93.078 KR. |
| 3 | 235/65 R 17 | VERÐDÆMI: TILBOÐ: 109.078 KR. |
| 4 | 255/55 R 18 | VERÐDÆMI: TILBOÐ: 156.441 KR. |

Bjóðum einnig allar aðrar stærðir á frábæru verði

## SMURSTÖÐ

20% AFSLÁTTUR AF VINNU

Einn aðal þáttur í reglulegu viðhaldi bíls er að passa að **vélin sé smurð á réttum tíma**. Láttu okkur um að smyrja bílinn, -notum aðeins hágæða olíu frá Olís. Tökum Olískort.

olís · Havoline · Castrol · STAÐGREIÐSLUKORT · Tökum Olískort.

TILBOÐ

## BREMSUKLOSSAR

20% AFSLÁTTUR AF VINNU

Bremsuklossaskipti á réttum tíma er gríðarlega mikilvægur þáttur í öryggismálum bifreiðar. Skipti á réttum tíma tryggja endingu bremsudiska og veita ökumanni og farþegum aukið öryggi í umferðinni og við notkun bifreiðar.

mintex · TILBOÐ

## TOYO TIRES

driven to perform

OVERALL #1 IN CONSUMER AND MEDIUM TRUCK TIRES

FRÁBÆRT VERÐ! Bjóðum nú Toyo harðskeljadekkin á frábæru verði.

**Komdu núna og fáðu fría vetrarskoðun í leiðinni!**

Í vetrarskoðun pössum við að frostlögur sé í lagi, perur og rúðuþurrkur í toppstandi. Að auki álagsprófum við rafgeyma

FRÍTT

# BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

GRAFIKER.is

# KRAKKAR

**Kynningarblað**
**Krakkamatur, barnatryggingar, leikföng, afþreying og bækur.**

FIMMTUDAGUR **15. NÓVEMBER 2012**



# Kerrupúl og foreldramorgnar

Margir foreldrar hafa áhyggjur af því að þeim eigi eftir að leiðast í fæðingarorlofinu. Mikilvægt er að halda sambandi við annað fullorðið fólk og einangrast ekki inni á heimilinu, þá eru líkur á að tíminn verði lengi að líða. Margt er hægt að gera á meðan á orlofinu stendur.

Foreldrar eiga rétt á að taka að minnsta kosti þriggja mánaða langt fæðingarorlof þegar börn þeirra koma í heiminn. Misjafnt er hversu langt orlof fólk tekur en margir eru allt upp í heilt ár heima með barninu sínu. Einhverjir hafa eflaust áhyggjur af því að þeim leiðist á meðan á þessum tíma með litla krílinu stendur. Algengt er að konur sem eiga börn á svipuðum tíma kynnist innbyrðis á netinu á meðan á meðgöngu stendur. Þá hafa þær tekið þátt í lokuðum spjallhópum á hinum ýmsu vefsvæðum og tengst þannig. Þegar börnin eru fædd halda þær svo sambandinu áfram og hittast jafnvel með þau.



Ýmislegt er hægt að gera sér og barninu til afþreyingar meðan á orlofi stendur og margir sem bjóða upp á ýmiss konar námskeið.

## Foreldramorgnar

Fjölmargar kirkjur bjóða foreldrum að koma með börn sín og hitta aðra foreldra einu sinni í viku á virkum dögum. Margt er þar gert sér til skemmtunar, boðið er upp á alls kyns námskeið og fyrirlestra og fólk kynnist öðrum sem eru í sömu sporum.

## Ungbarnasund

Ungbarnasund er notaleg hreyfing í vatni sem örvar hreyfiþroska barna. Tilgangur þess og markmið er að veita markvissa örvun og aðlögun barnanna í vatni. Þar geta foreldrar hist og kynnst öðrum foreldrum með áþekk áhugamál, það er uppeldi og velferð barna sinna. Ungbarnasund er kennt á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Flestir kennarar bjóða upp á námskeið einu sinni til tvisvar sinnum í viku og er ráðlagt að börn séu þriggja til sex mánaða þegar þau byrja. Lista yfir þá staði sem bjóða upp á ungbarnasund má til dæmis finna á Ungbarnasund.is.

## Ungbarnanudd

Fjöldi námskeiða er í boði þar sem foreldrar geta lært að nudda börn sín. Talið er að nudd geti bætt svefn og myndað sterk tengsl milli barns og þess sem nuddar.

## Kerrupúl

Kerrupúl er útivistar- og líkamsræktarnámskeið fyrir foreldra og börn þeirra í vögnum eða kerrum. Kerrupúl er alhliða æfingakerfi byggt á þol- og styrktarþjálfun, fyrir mæður sem vilja rækta líkama og sál eftir barnsburð. Barnið fær að koma með og njóta útiverunnar og samverunnar við móður og önnur börn.

## Mömmuleikfimi

Margar líkamsræktarstöðvar bjóða upp á námskeið fyrir nýbakaðar mæður og geta þær þá tekið börnin sín með sér. Þetta er ágæt leið til að kynnast öðrum mömmum því oft skapast góð stemning á þessum námskeiðum og tengsl skapast út frá þeim.



Kerrupúl er hentug leið fyrir mæður til að hitta aðrar mæður með börn sín og stunda líkamsrækt um leið. NORDIC PHOTO/GETTY



Í ungbarnasundi geta foreldrar hist og kynnst öðrum foreldrum sem hafa áþekk áhugamál.



Í ungbarnanuddi styrkjast tengslin milli barnsins og þess sem nuddar það.

20% afsláttur af öllum leikföngum



Móðurást

Hamraborg 9 • Kópavogi • s. 564 1451 • www.modurast.is



Orri Huginn Ágústsson fer með öll hlutverkin í sýningunni Ævintýrið um Augastein. MYND/PJETUR

## *Ævintýrið um Augastein*

Jólaleikritið Ævintýrið um Augastein verður sýnt í Tjarnarbíói í Reykjavík á aðventunni. Fyrsta sýning verður sunnudaginn 25. nóvember. Leikhópurinn Á senunni setur leikritið upp. Leikritið byggir á söguninni um jólasveinana og Grýlu og Leppalúða en drengurinn Augasteinn er söguhetja verksins. Hann lendir í höndum jólasveinanna hrekkjóttu sem vilja taka hann að sér en Grýla verður ekki hrifin af því. Leikarnir æsast þegar jólasveinarnir reyna að bjarga Augasteini úr klóm Grýlu og jólakattarins áður en jólin ganga í garð.

„Þetta er frábær leiksýning fyrir alla fjölskylduna," segir Orri Huginn Ágústsson leikari, en hann fer með öll hlutverkin í sýningunni. Brúður og leikmynd eru eftir Helgu Arnalds en Kolbrún Halldórsdóttir leikstýrir.

Felix Bergsson skrifaði Ævintýrið um Augastein í samstarfi við Kolbrúnu Halldórsdóttur leikstjóra og Helgu Arnalds brúðulistamann. Hann frumsýndi verkið fyrir tíu árum á ensku í Drill Hall-leikhúsinu í London en svo í Tjarnarbíói ári síðar á íslensku.

*25. nóvember klukkan 14.*
*2. desember klukkan 14 og klukkan 16.*
*9. desember klukkan 14 og klukkan 16.*
*16. desember klukkan 14.*

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s.512-5427
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Íslenskt grænmeti fyrir litla kroppa

**Kátir kroppar er nýr íslenskur barnamatur sem kom á markaðinn í sumar ætlaður fyrir börn sex mánaða og eldri. Barnamaturinn er úr íslensku grænmeti og framleiddur af dótturfélagi Sölufélags garðyrkjumanna á Íslandi, Í einum grænum.**

Við erum afar stolt af þessari vöru en í Kátum kroppum er eingöngu hreint íslenskt grænmeti og engin aukaefni,“ segir Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna, en félagið hefur hafið framleiðslu á barnamat. Hún segir neytendur lengi hafa beðið eftir barnamat unnum úr íslensku grænmeti enda um hágæða hráefni að ræða.

„Fólk veit hvaðan íslenskt grænmeti kemur. Íslenskir garðyrkjubændur nota engin eiturefni við sína ræktun, því geta neytendur ávallt treyst. Íslenskt grænmeti vex hægar sökum lægra hitastigs hér á landi sem leiðir til þess að grænmetið tekur meira bragð til sín og næringu. Það er einn af kostunum við grænmetisræktun á Íslandi,“ segir Kristín.

„Þórdís Jóhannsdóttir verkfræðingur og Guðrún Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur þróuðu hugmyndina og uppskriftina að Kátum kroppum í samvinnu við Matís. Sölufélagið hafði lengi haft áhuga á að mæta óskum neytenda og þegar þær leituðu til okkar um framleiðslu á barnamatnum tókum við því fagnandi. Við þróuðum vöruna áfram fyrir stórframleiðslu og hönnuðum nýjar umbúðir. Í dag er framleiðslan alfarið í höndum dótturfélags Sölufélags garðyrkjumanna, Í einum grænum. Í einum grænum sérhæfir sig í ýmiss konar framleiðslu á íslensku grænmeti og hefur gert það síðan 2005. Þar er mikil þekking og sérhæfing innanhúss,“ segir Kristín.

## Frosinn barnamatur nýjung

Í barnamatinn fer eingöngu besta hráefnið sem í boði er hverju sinni þegar uppskeran er í hámarki. Grænmetið er tekið beint af akrinum, snöggfryst og svo unnið jafnóðum inn á markaðinn. Barnamaturinn er frosinn, sem er nýjung á Íslandi.

„Við viljum meina að maturinn sé fersk vara þó hann sé frosinn og mælingar hjá Matís sýndu merkjanlegan mun á næringargildi þessa barnamatar og niðursoðins. Frosni maturinn er ekki eins mikið unninn. Hann er hvorki soðinn við jafn hátt hitastig né jafn lengi og niðursoðinn barnamatur og þess vegna tapast síður næringargildin. Frosinn barnamatur hefur verið að ryðja sér til rúms bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum undanfarið, einmitt vegna þessa.“

## Ekki bara fyrir smábörn

Fjórar bragðtegundir eru fáanlegar í dag, gulrætur, gulrófur, gulrætur og steinselja saman og spergilkál og blómkál saman. Maturinn er fulleldaður. Best er að láta maukið þiðna í umbúðunum í ísskáp fyrir notkun eða í volgu vatni. Barnamaturinn geymist tvo daga þiðnaður í ísskáp. Einnig má setja maukið frosið í pott og hita upp.

„Dósin þolir líka örbylgjuofn en við mælum ekki með því að hita barnamat í örbylgjuofni,“ segir Kristín. „Svo er mjög sniðugt að blanda Kátum kroppum við annan mat, til dæmis handa eldri krökkum til að fá þau til að borða grænmeti. Auðvitað kaupir fólk líka grænmeti, sýður og maukar sjálft sem er frábært, en það er gott að eiga kost á hollri tilbúinni vöru til að grípa til þegar fyrirvarinn er lítill.“




Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna, segir eingöngu besta hráefni notað í framleiðslu Kátra kroppa. MYND/GVA




Kátir kroppar fást í fjórum bragðtegundum fyrir börn sex mánaða og eldri.
MYND/SÖLUFÉLAG GARÐYRKJUMANNA



Grænmetið er tekið beint af akrinum, snöggfryst og svo unnið jafnóðum inn á markaðinn.
MYND/SÖLUFÉLAG GARÐYRKJUMANNA

Nýr íslenskur barnamatur
kátir kroppar
Barnamaturinn er fyrir 6 mánaða og eldri og alfarið unninn úr íslensku grænmeti, ræktað af íslenskum garðyrkjubændum.
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti
Nánari upplýsingar og fróðleikur á www.islenskt.is

Þú finnur Káta kroppa í frystinum í matvöruverslunum

# Elskar að smíða barnagull

Fyrir 28 árum smíðaði hagleikskonan Jóhanna Haraldsdóttir frá Haga í Þjórsárdal falleg tréleikföng handa börnum sínum. Með tímanum varð úr heimilisiðnaður þar sem Jóhanna nostrar við handgerð og traust barnagull sem alltaf standast tímans tönn.

Mér hefur alltaf fundist óskaplega gaman að smíða,“ segir Jóhanna sem var áður svínabóndi í Haga þar sem hún fæddist, ólst upp og bjó sín fyrstu þrjátíu hjúskaparár. Síðastliðinn áratug hefur hún búið á Selfossi þar sem leikfangasmíðin kallar enn á hana úti í vinnuskúr.

„Í barnaskóla linnti ég ekki látum fyrr en mér var leyft að sækja smíðatíma með strákunum. Á sama tíma hafði ég mikið yndi af handavinnu og var iðin við sauma og prjónaskap,“ segir Jóhanna innan um handsmíðuð leikföng sem bera handverki hennar fagurt vitni.

„Fyrstu handsmíðuðu leikföngin voru hús og bílar fyrir strákinn minn. Síðar bættust við húsdýrin sem eru alfarið mín hönnun og seinna dúkkuvagn, vagga og fleira skemmtilegt,“ segir Jóhanna sem á í fórum sínum dásamleg leikföng sem minna á gamla og saklausari tíma.

„Dag einn fékk ég stráknum mínum trékubb í hendur og hvatti hann til að skapa eitthvað úr honum. Úr varð traktor sem hann hannaði einn og óstuddur og er ótrúleg smíð,“ segir Jóhanna og handfjatlar stæðilegan traktor með kerru í eftirdragi.

Leikföng Jóhönnu eru vistvæn og á ómáluð húsdýrin og bíla ber hún eingöngu dökkgræna ólífuolíu svo börn geti að skaðlausu nagað leikföngin. „Nú er ég að athuga hvort ég geti líka notað repjuolíu frá Þorvaldseyri sem er einnig kaldpressuð og vistvæn og þránar aldrei.“

Á þremur áratugum hefur heimilisiðnaður Jóhönnu undið jafnt og þétt upp á sig.

„Orðsporið breiddist smám saman út og fólk tók eftir því hvað börnin undu sér vel með tréleikföngin. Ég man hvað það gladdi mig þegar kaupstaðarkrakki kom í Haga og tók tréhúsdýrin fram yfir hrúgu af plastdýrum sem börnin mín áttu,“ segir Jóhanna og brosir.

„Ég legg ofurkapp á mjúkar línur því börnum þykir notalegt að meðhöndla mjúkan efnivið og það er staðreynd að þau verða rólegri ef þau eiga ekki á hættu að lenda á hvössum hornum. Tréleikföng eru líka níðsterk og endast barn frá barni,“ segir Jóhanna.

Hinn 8. desember tekur Jóhanna þátt í jólamarkaði í Perlunni en annars má nálgast leikföng hennar á Facebook undir Jóhanna Haralds – Tré Leikföng eða heima í Grashaga 1a á Selfossi. Síminn er 694-5282. Handverk Jóhönnu fæst einnig í Varmahlíð, á Sveitamarkaðnum á Hvolsvelli, í Gestastofu Þorvaldseyrar, í Þingborg austan við Selfoss og Atmo við Laugaveg.



Jóhanna lætur ekki einungis duga að smíða leikföngin sjálf heldur málar þau með fögru rósamunstri og saumar í sængurföt. Á Facebook-síðu Jóhönnu má einnig sjá forkunnarfögur pennasett sem hún rennir og gullfalleg sköft á ýmis eldhúsáhöld. MYND/SIGURÐUR SIGMUNDSSON

**„Ég man hvað það gladdi mig þegar kaupstaðarkrakki kom í Haga og tók tréhúsdýrin fram yfir hrúgu af plastdýrum sem börnin mín áttu.“**










MARGVERÐLAUNUÐ BARNAGLERAUGU FRÁ

LINDBERG

3 ára ábyrgð

SILMO Award France

iF Award Germany

Red Dot Award Germany

Good Design Award USA

Good Design Award Japan

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Ný barnatrygging og tryggingaráðgjafi á netinu

**Tryggingamiðstöðin** býður upp á nýja þjónustu á heimasíðu sinni. Ráðgjafinn er reiknivél þar sem hægt er að slá inn ýmsar forsendur eins og tekjur, skuldir og fjölskylduhag og fá tillögur að líf- og heilsutryggingum fyrir alla fjölskylduna og hugmynd um iðgjöld.

Ráðgjafinn á heimasíðu okkar, www.bornogforeldrar.tm.is, er nýjung á Íslandi," segir Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir, framkvæmdastjóri einstaklingsþjónustu hjá Tryggingamiðstöðinni. „Hann er reiknivél þar sem þú getur slegið inn ýmsar forsendur varðandi tekjur þínar, skuldir og fjölskylduhagi og fengið strax tillögu að líf- og heilsutryggingum fyrir alla fjölskylduna, þar með talið barnatryggingum, svo og hugmynd um mánaðarlegt iðgjald. Þetta er hægt án þess að vera í sambandi við ráðgjafa hjá okkur en við erum að sjálfsögðu til taks ef þú vilt fara betur yfir málin, til dæmis að skoða aðrar útfærslur."

En hvað er barnatrygging; er virkilega nauðsynlegt að kaupa tryggingar fyrir börn? Því svarar Vigfús M. Vigfússon, vörustjóri persónutrygginga hjá TM: „Slys og sjúkdómar hafa ekki síður áhrif á börn en fullorðna, því þau geta haft í för með sér sjúkrahúsvist eða krafist sérstakrar umönnunar á heimili og ekki síst geta varanlegar afleiðingar þeirra skert möguleika barnsins á að afla sér tekna í framtíðinni. Við hleyptum Barnatryggingu TM af stokkunum í byrjun október og við þróun hennar lögðum við áherslu á þessa þætti. Tryggingin greiðir dagpeninga í allt að eitt ár ef barnið þarf að liggja á sjúkrahúsi í fimm daga eða lengur. Hún tryggir þeim sem eiga rétt á umönnunarbótum frá almannatryggingum vegna veikinda barna mánaðarlegar bætur í allt að tíu ár. Þá innifelur hún bætur vegna læknisfræðilegrar örorku hvort sem er af völdum sjúkdóma og slysa. Hægt er að kaupa barnatryggingu fyrir börn frá þriggja mánaða aldri til 15 ára en hún gildir lengur, sjúkrahúsdagpeningar og örorkubætur að 18 ára aldri barnsins auk þess sem það nýtur örorkuverndar þar til það verður 25 ára."



Vigfús og Ragnheiður segja slys og sjúkdóma ekki síður hafa áhrif á börn en fullorðna, því þau geta haft í för með sér sjúkrahúsvist eða krafist sérstakrar umönnunar á heimili og ekki síst geta varanlegar afleiðingar þeirra skert möguleika barnsins á að afla sér tekna í framtíðinni. MYND/GVA

Er dýrt að tryggja börnin? „Nei, það er alls ekki svo dýrt, ekki miðað við þá hagsmuni sem eru í húfi. Við bjóðum Barnatryggingu í tveimur útfærslum þar sem munurinn liggur í misháum vátryggingarfjárhæðum og er iðgjaldið um 1.000 til 1.500 krónur á mánuði, allt eftir því hvaða leið er valin og umfangi viðskipta hjá TM."

## MIKILVÆGT AÐ ÞEKKJA RÉTT SINN

**Mikilvægt er** að hver og einn miði við sínar aðstæður þegar ákvörðun er tekin um tryggingavernd. TM mælir líka með að fólk kynni sér réttindi sín hjá vinnuveitanda, stéttarfélagi eða lífeyrissjóði og miði tryggingarnar að því að brúa bilið á milli tekna sinna og áðurnefndra réttinda.

**Alvarleg veikindi** barna geta sett strik í reikninginn fyrir foreldra þeirra og skert hæfni þeirra til að afla tekna síðar á lífsleiðinni. Þessir þættir voru fyrst og fremst hafðir í huga þegar Barnatrygging TM var þróuð.

**Sjúkdómatrygging TM** innifelur líka vernd fyrir börn vátryggðs frá þriggja mánaða aldri til 18 ára. Bætur eru greiddar vátryggðum sem síðan getur varið þeim ýmist til að bregðast við tekjumissi eða auknum útgjöldum eða jafnvel lagt það inn á bankareikning til ráðstöfunar fyrir barnið síðar.

**Sjúkdómatryggingar ná** til tiltekinna sjúkdóma og greiða bætur við staðfesta greiningu þeirra eins og nánar er tilgreint í skilmálum. Nú hefur færst í vöxt að fólk kaupi örorkutryggingu vegna sjúkdóma og/eða slysa til að fá fyllri vernd.





**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is **tm.is**

# BARNALEIKSÝNING ÁRSINS 2012



# Skrímslið litla systir mín

## SÝNINGAR Í NORRÆNA HÚSINU Í NÓVEMBER OG DESEMBER 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. | 10. nóv. | kl. 14.00 | U | 16.00 | U | |
| Sun. | 11. nóv. | kl. 14.00 | U | 16.00 | U | |
| Lau. | 24. nóv. | kl. 14.00 | U | 16.00 | U | |
| Sun. | 25. nóv. | kl. 14.00 | U | 16.00 | U | |
| Lau. | 1. des. | kl. 12.00 aukas. | 14.00 | Ö | 16.00 | |
| Sun. | 2. des. | kl. 12.00 aukas. | 14.00 | Ö | 16.00 | |

Ath. aðeins þessar 3 sýningarhelgar!

★★★★★

„Skrímslið litla systir mín er ein magnaðasta leiksýning sem ég hef séð." I.G. Mbl

★★★★★

„Það er varla hægt að tala um að takast betur en þegar börnin lifa áfram í ævintýrinu að sýningu lokinni...." E.B. Fbl



★★★★½

„Það sem kemur frá hjartanu fer til hjartans"
J.V.J. DV

„...töfrum líkast, mikil upplifun og ein flottasta sýning sem við höfum séð fyrir börn. Fimmstjörnu sýning sem skilur mikið eftir sig."
Skólastjórar leikskólans Laufásborg

LEIKHÚSIÐ 10 FINGUR NORRÆNA HÚSIÐ

Miðasala hafin á midi.is Nánari upplýsingar á tiufingur.is

# Vekur gömul ævintýri til lífsins

Huginn Þór Grétarsson, barnabókahöfundur og útgefandi hjá Óðinsauga, hefur mikinn metnað í að koma gömlum, þekktum ævintýrum til nútímabarna.

Allir sem komnir eru til vits og ára þekkja söguna um Búkollu en ömmur þessa lands hafa sagt hana kynslóð eftir kynslóð. Huginn Þór hefur nú gefið söguna út með fallegum teikningum á nútímamáli sem börn skilja. Hann segist hafa farið í leikskóla til að ræða við börnin um söguna en fæst höfðu heyrt hana. „Það var ástæða til að rifja þetta ævintýri upp," segir hann. Auk Búkollu gefur hann einnig út ævintýrið um Naglasúpuna sem sömuleiðis var þekkt hjá eldri kynslóðum.

„Mér finnst svo mikið til af gömlum, góðum ævintýrum sem hafa ekki verið gefin út lengi. Á sínum tíma var notað annað orðalag en við þekkjum í dag og þessar bækur hafa ekki verið aðgengilegar lengi. Ég breyti sögunni ekki en geri hana auðveldari fyrir yngstu kynslóðirnar svo þær megi kynnast henni," segir Huginn. „Ég leik mér kannski meira með Naglasúpuna en í þeirri bók eru tvær sögur um súpuna, sagðar á mismunandi hátt en tengdar saman."

Huginn er með metnaðarfulla barnabókaútgáfu og hefur gert bók sem nefnist Jólalögin okkar en með henni fylgir geisladiskur þar sem kór Öldutúnsskóla syngur lögin. „Ég bjó til sögur í kringum gömlu, góðu jólalögin og lét myndskreyta þau fyrir börnin," segir Huginn sem hefur fengist við barnabókaskrif frá árinu 2006. „Ég á fimm



Huginn Þór Grétarsson vill gjarnan koma gömlum munnmælasögum í bók en hann hefur mjög gaman af ævintýrum.

ára dóttur og við lesum mikið saman. Mér finnst gaman að segja henni ævintýri en meðal bóka sem ég hef gefið út á þessu ári er Myrkfælna tröllið. Ég vil að börnin geti dregið lærdóm af sögunum án þess að gera þau hrædd og að þær hafi fræðslugildi. Ein bókin mín fjallar til dæmis um að kúka í kopp og er ætluð ungum börnum sem eru að hætta á bleiu," segir Huginn.

„Í gamla daga sagði fólk hvert öðru sögur og afi minn var alltaf að segja brandara. Þetta sagnaform hefur haft áhrif á mig. Ég er líka að leita að fólki sem getur sagt mér gamlar munnmælasögur því ég vil gjarnan koma þeim á blað. Öllum er velkomið að







## *Jólabasar í Lækjarbotnum*

Waldorfleikskólinn Ylur og Waldorfskólinn í Lækjarbotnum halda sinn árlega jólabasar á laugardag frá 12 til 17.
Margir fallegir hlutir og skemmtilegheit verða á boðstólum, þar á meðal brúðuleikhús, barnakaffihús, veiðitjörn, eldbakaðar pitsur, jurtaapótek, tónlist á vegum nemenda, tívolí og munir þar sem hugur mætir sköpunarkrafti handanna. Þeir eru allir unnir af nemendum skólans og foreldrum þeirra.

**Nánari dagskrá er sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| 12-17 | Kaffi og kökur, handverk og jurtaapótek |
| 13 og 15 | Brúðuleikhús |
| 12-15 | Eldbakaðar pitsur og tónlist |

**1.-2. bekkur** sér um veiðitjörn þar sem börn veiða pakka úr hafinu.

**3.-4. bekkur** sér um barnakaffihús en þar fá fullorðnir einungis að versla í fylgd með börnum.

**5.-6. bekkur** sér um tívolí.

**7.-8. bekkur** verður með happdrætti.

**9.-10. bekkur** matreiðir eldbakaðar pitsur í Skemmunni.

*Menningaratriði nemenda verða í Skemmunni en Brúðuleikhúsið er í höndum kennara skólans. Þar verður blandað saman brúðum, sögustund og tónlist.*





## *Heimatilbúin listaverk*

Flestum börnum finnst gaman að leira og skapa alls kyns listaverk. Í leiðinni þjálfa þau fínhreyfingarnar. Hér er uppskrift að góðu leikdegi sem er eiturefnalaust og því er enginn skaði skeður þó örlítill hluti þess slæðist upp í munn og ofan í maga. Efnið í deigið er að finna á flestum heimilum og það geymist í lokuðu íláti eða poka í eina til tvær vikur.

**Efni**

2 bollar hveiti
1 bolli salt
1 bolli volgt vatn
matarlitur ef vill

**Aðferð**

Blandið saman hveiti og salti og hellið volgu vatni út í. Ef ætlunin er að hafa nokkra liti þarf að skipta efninu í nokkra parta og hella síðan mismunandi matarlit út í. Hnoðið deigið og bætið við hveiti ef það er of blautt. Látið börnin endilega taka þátt í að útbúa deigið. Tínið svo til hættulaus eldhúsáhöld eins og kökukefli, hvítlaukspressu, piparkökumót og bitlausa hnífa til að nota við listsköpunina. Ef börnin vilja varðveita verkin og gefa jafnvel í gjafir má láta þau standa við stofuhita í nokkra daga þar til þau hafa þornað. Eins má baka þau í ofni við lágt hitastig þar til þau eru orðin hörð. Þá má mála listaverkið og skreyta að vild.






## GÆÐASTUNDIR Á BÓKASÖFNUM

**Laugardagar** og sunnudagar eru barnadagar í Gerðubergssafni og Aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur og þá er alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera fyrir börn og fjölskyldur. Næsta sunnudag mun félagið Origami Ísland kenna japönsk pappírsbrot í Aðalsafni og í Gerðubergi verður fjölmenningarleg sögustund.

Fjölmargt annað er í boði fyrir börn og unglinga í söfnum Borgarbókasafns Reykjavíkur og má þar nefna fjölskyldumorgna fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 0-6 ára. Þeir eru á miðvikudögum milli kl. 10.30 og 11.30 í Gerðubergi og á fimmtudögum í Aðalsafni á sama tíma. Þar er boðið er upp á óformlega dagskrá auk þess sem leikföng og bækur eru á staðnum.

Þá geta nemendur í 5-10. bekk fengið aðstoð við heimanám á söfnunum auk þess sem notaleg aðstaða er í sérstökum barna- og unglingadeildum þar sem hægt er að setjast niður, lesa bækur og tímarit og láta fara vel um sig. Börn yngri en 18 ára fá frítt skírteini og mega hafa fimmtán gögn að láni í einu.

## FRÆÐSLUNÁMSKEIÐ FYRIR UNGLINGA SEM ANNAST YNGRI BÖRN

**Rauði Kross** Íslands býður reglulega upp á fræðslunámskeið fyrir unglinga 12 ára og eldri sem gæta yngri barna.

Námskeiðið heitir Börn og umhverfi og þar er farið yfir ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun, leiki og leikföng. Einnig er lögð áhersla á slysavarnir og algengar slysahættur í umhverfinu. Aðalmarkmið námskeiðsins er að þátttakendur læri að umgangast börn á ýmsum aldri, þekki helstu slysavarnir og gildi þeirra og geti brugðist við algengum áverkum og veikindum barna. Námskeiðið er bæði gefandi og þroskandi og til þess fallið að auka ábyrgðartilfinningu gagnvart yngri börnum. Eftir að hafa setið námskeiðið fá þátttakendur viðurkenningu frá Rauða krossinum. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Rauða krossins www.raudikross-inn.is



## SMÁFORRIT FYRIR BÖRNIN

**Nokkur íslensk** snjallforrit (öpp) eru til sem ætluð eru til að kenna ungum börnum fyrstu skrefin í reikningi og íslenska stafrófinu. Eftirtalin smáforrit eru til fyrir Android-síma. Þau eru ókeypis og sérstaklega hentug til að nýta í bílnum, í búðarferðinni eða bara í rólegheitunum heima við.

ReikniLeikni er ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í reikningi. Þar eru reikningsdæmi í samlagningu, frádrætti og margföldun sett upp á einfaldan og skemmtilegan hátt. Auðvelt er að skrá svörin og um leið að óska eftir erfiðari eða léttari dæmum. Einnig má finna alla margföldunartöfluna í forritinu. Guðröður Atli Jónsson skrifaði forritið upphaflega með dóttur sína í huga en rödd hennar hljómar í forritinu þar sem hún leiðbeinir notendum áfram.

Stafrófið er einfalt forrit eftir Soffíu Gísladóttur sem ætlað er ungum börnum sem vilja læra að þekkja íslensku stafina. Farið er í gegnum stafrófið þar sem stafir og myndir eru pöruð saman undir leiðsögn leiðbeinanda.

Stafaleit er einfaldur leikur frá Appverksmiðjunni fyrir börn sem vilja þjálfa sig í að læra stafina. Markmið leiksins er að finna pör af stöfum úr íslenska stafrófinu. Þegar búið er að finna pörin kemst spilari á næsta borð.










## BÍLL DAGSINS

**TOYOTA RAV4 langur**
Nýskráður 07/2003, ekinn 108 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.390.000**

**Tilboð dagsins kr. 990.000**



MITSUBISHI
**LANCER COMFORT**
Nýskráður 2/2004, ekinn 136 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 680.000**



HONDA
**JAZZ ELEGANCE**
Nýskráður 5/2011, ekinn 31 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.690.000**



HONDA
**ACCORD SPORT**
Nýskráður 8/2005, ekinn 97 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.690.000**



HONDA
**CR-V ES**
Nýskráður 6/2005, ekinn 77 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**



HONDA
**CR-V EXECUTIVE**
Nýskráður 9/2012, ekinn -1 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.190.000**



JEEP
**LIBERTY SPORT 4X4**
Nýskráður 9/2005, ekinn 108 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 990.000**



KIA
**SORENTO III EX LUXURY**
Nýskráður 6/2012, ekinn 28 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.850.000**



NISSAN
**QASHQAI LE**
Nýskráður 7/2007, ekinn 97 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.590.000**



PEUGEOT
**207 1.6 HDi**
Nýskráður 8/2011, ekinn 9 þ.km, dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 2.590.000**



PEUGEOT
**407 1.8 SW**
Nýskráður 8/2005, ekinn 116 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.190.000**



TOYOTA
**HILUX DOUBLE CAB SR**
Nýskráður 3/2006, ekinn 139 þ.km, dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 2.690.000**



VOLKSWAGEN
**GOLF V 1.6 PLUS**
Nýskráður 7/2005, ekinn 78 þ.km, bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 1.260.000**



VOLKSWAGEN
**PASSAT COMFORT TURBO**
Nýskráður 6/2004, ekinn 129 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.180.000**



CHEVROLET
**LACETTI SEDAN**
Nýskráður 11/2009, ekinn 28 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.790.000**



BMW
**118I H/B E87**
Nýskráður 8/2007, ekinn 72 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.890.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Garðyrkja

Áralöng reynsla í uppsetningu og sölu jólasería, fáið tilboð það er ódýrara enn fólk heldur.
SÍMI 577 4444
GARÐÁLFARNIR
GARÐAÞJÓNUSTA

GARÐLIST
ALLT FYRIR GARÐINN Á EINUM STAÐ
23 ÁRA
Setjum upp og seljum hágæða jólaseríur.
2 ÁRA ÁBYRGÐ!
Fáðu tilboð ... 554 1989

HreinirGarðar
Jólaskreytingar
Við seljum og setjum upp jólaskreytingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

## Málarar

**Málarameistari**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Tek að mér alla málningavinnu. Góður afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Hringdu og við semjum. Jón s. 843 9856.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Nudd

Gott nudd í 101 Reykjavík. Opið frá 08 - 23. Kristina Jóhannsson 849 8179.

## Spádómar

**Talnaspá send á e-mail**
**Við fæðingu fengum við nafn, alheimurinn gaf okkur númer. Hringdu og ég sendi þér það sem þínar tölur segja þér um möguleika þína í lífinu.**
**Erla S: 587 4517 / 897 0812**




## Múrarar

**MÚRVERK**
Tökum að okkur múrviðgerðir og flísalagnir. 40 ára reynsla. Björn sími 896-3035.

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð í raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Viðgerðir

**Viðgerðir smurstöð**
Olís smurstöð. Bremsuviðgerðir. Rafgeymar. Hjólbarðaviðgerðir. Allar perur. Smur-, bón og Dekkjaþjónustan Sætúni 4. S. 562 6066

## Önnur þjónusta



**Valdís Árnadóttir**
**Dáleiðslutæknir**
**(Clinical Hypnotherapist)**
**veitir dáleiðslumeðferð.**
**Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.**
**Tímapantanir í síma 864-1273**

iBus.is
Fyrir góða ferð.
S. 846 5985

Blekhylki.is
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

## Óskast keypt

Óska eftir 20ft gámi. S. 867 7753.

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

---

ILMVATN.NET
Vefverslun með ilmvötn og rakspíra

TAXFREE VIKA
20% afsláttur
10. nóv - 17. nóv

---

MIRANDA'S SNYRTIVÖRUR

Náttúrulegar snyrtivörur
Opið þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 14:00-18:00

**Netverslun skincare.is**

Verslun að Lækjargötu 34, Hafnarfirði Sími 565-0500

---

Nýjar vörur frá
**Vanity Fair**
og nýir litir

Ynja UNDIRFATAVERSLUN
Erum á Facebook
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

## Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is**

---

**Vorum að fá nýja sendingu af dekkjum, felgum, hjálmum, brettaköntum, upphækkunarsettum og LED ljós á fjórhjól.**

www.4h.is

**Fjórhjólalagerinn**
Stapahrauni 7 • 220 Hfj • Sími 588 3355

---

## IVECO

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

---

## SPARAÐU BENSÍN!

**Metan uppfærðu bílinn þinn**

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða

bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

---

## VARAHLUTIR

**Iveco • Benz • Man • Renault**

***Varahlutaþjónusta***

VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

---

## PALLAR.IS

Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar

SALA LEIGA
altrex
KVARNIR Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

---

BRIMRÁS

Ál tröppur / Ál stigar
Ál búkkar og ástönd
Sérsmíðum stiga og tröppur ef óskað er

KVARNIR Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

---

## TRÉ & MÁLUN

Smíða og málningarþjónusta

Kristján 692 5735 • Málarameistari
Sverrir 847 7425 • Húsasmiður

**treogmalun@gmail.com**

---

## Allt á einum stað

| | |
|---|---|
| BREMSUVIÐGERÐIR | HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA |
| BREMSUKLOSSAR | RAFGEYMAÞJÓNUSTA |
| SPINDILKÚLUR | OLÍS SMURSTÖÐ |
| ALLAR PERUR | BÓN OG ÞVOTTUR |

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**
**SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066**

---

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS

**Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510**
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

---

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar

LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
**698 6738**
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

---

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn- verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

---

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

**S. 587 1350**

---

www.gottbon.is

## GOTT BÓN

ÓDÝRT EN GOTT

Sækjum • Bónum Skilum

Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

---

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540

viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

---

## Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT
Gólflist
Bona

---

# Alla fimmtudaga og laugardaga

**steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is**

## Fasteignir

ÞINGHOLT FASTEIGNASALA

*Jónas Örn Jónasson hdl og löggiltur fasteignasali.*

### Baugakór 28

**OPIÐ HÚS - FIMMTUDAG 15. NÓV Á MILLI 17:30 og 18:00**




Falleg og vel skipulögð 130,2 fm. 4 herb. íbúð á annarri hæð í vinsælu fjölskylduhverfi. Sérinngagnur og stórar svalir. Frábær staðsetning og stutt í alla þjónustu. **V. 37,9 m**

**Nánari uppl. Gylfi S. 822-0700 - gylfi@tingholt.is**

**Bæjarlind 4 Kópavogi • Sími 512 3600 • Fax 512 3601**
**tingholt@tingholt.is • www.tingholt.is**

## Tilkynningar

Domusinfo

Ókeypis heimasíða fyrir húsfélagið

Ný heimasíða fyrir húsfélagið á örfáum mínútum

www.domusinfo.is • S. 659 4324

VESTURBYGGÐ

## Skipulagsmál í Vesturbyggð

### Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna Krossholt/langholt á Barðaströnd

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. September 2012 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir Vesturbyggð.
Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna Krossholt/Langholt Barðaströnd. Skipulagsuppdrættir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 75, Patreksfirði og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík frá 21. Nóvember 2012 til 9. janúar 2013. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.vesturbyggd.is. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 9. Janúar 2013. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 63 eða á netfangið armann@vesturbyggd.is merkt "aðalskipulag Vesturbyggðar". Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

### Auglýsing um deiliskipulag Vesturbyggðar vegna Krossholt/langholt á Barðaströnd

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. september 2012 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturbyggð.
Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulags vegna Krossholt/langholt á Barðaströnd. Skipulagsuppdrættir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 75,og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík frá 21. nóvember 2012 til 9. febrúar 2013. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.vesturbyggd.is. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 9. janúar 2013. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 63 eða á netfangið armann@vesturbyggd.is merkt **„deiliskipulag Vesturbyggðar"**. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

*Patreksfjörður, 13 nóvember 2012*
*Ármann Halldórsson Byggingarfulltrúi*

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

MIKALOR



Ryðfríar hosuklemmur á frábæru verði.

ÁSAFL EHF
Hjallahraun 2 - 220 Hfj.
s. 562 3833
www.asafl.is - asafl@asafl.is

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd fyrir heilsuna auglýsir: hef flutt stofuna mína í Síðumúla 25, 3. hæð sími 659 9277.

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/ármúli S. 894 4817.

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475. Eftir klukkan 17.

## Húsnæði óskast

Ég er ungur reglusamur námsmaður og bráðvantar íbúð í 101, 105 eða 107. Greiðslugeta mín er frá 60 - 85 þús. Húsnæðið þarf að vera snyrtilegt og vel við haldið. Uppl. í s. 772 5770 Haraldur.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu.**
55 og 70 fm vinnustofur á 2. hæð við sund. Hentar listafólki, ljósmyndurum og undir léttan iðnað. leiguval.is sími 894 1022 og 553 9820.

**64,6 (51,6+13) m2 iðnaðarbil**
Þessi eftirsótta stærð er til sölu eða leigu. 13 m2 milliloft. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# ATVINNA

## Atvinna í boði

The Laundromat Cafe

**The Laundromat Cafe**
**Vantar Þjóna til starfa í kvöld og helgarvinnu 18+ Íslenskukunnátta Skilyrði Sendið ferilskrá á Laundromatcafe@gmail.com**

Óskum eftir öryggisvörðum í jólagæslu. Starfsmaður þarf að vera 20 ára. Umsóknir sendist á ncs@ncs.is eða í s. 770 4402

## Atvinna óskast

Óska eftir vinnu. Er vanur kranastj/járnsmíðav + vörubílaakstri. Uppl.s.8963331

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999



# Nýtt!

*Smakkaðu nýtt Lífskorn, brauðið í græna pokanum. Það inniheldur sólblómafræ og hörfræ. Leyfðu öðrum að smakka líka.*







*Kynntu þér gæði og hollustu Lífskorns frá Myllunni á* ***myllan.is***

# Prófaðu nýtt Lífskorn frá Myllunni

## Smakkaðu Lífskornið í græna pokanum í dag

Báðar tegundir Lífskorns eru trefjarík heilkornabrauð og innihalda hýði, mjölva og kím kornsins sem eru rík af andoxunar- og jurtaefnum og líkamanum því heilnæm. Kauptu Lífskorn í dag. Mundu að umbúðirnar á nýja brauðinu eru grænar.

*Báðar tegundirnar af Lífskorni uppfylla skilyrði Skráargatsins fyrir hollustu vörur í sínum flokki. Lífskornið inniheldur prótein, flókin kolvetni og heilnæm plöntuefni. Gerðu eitthvað nýtt í dag. Smakkaðu nýja Lífskornið.*




**Lífskorn**
**Sólblómafræ & hörfræ**

**Lífskorn**
**Heil hveitikorn & rúgur**

*Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörunum í sínum flokki.*

*Taktu þátt í umræðunni á* ***facebook.com/Myllubraud***



## Myllan á netinu

Kiktu á vefsíðuna okkar www.myllan.is. Þar eru upplýsingar um vörurnar okkar. Þar má líka finna heilsustefnuna okkar auk fróðleiks, greina og uppskrifta. Einnig má finna þar greinargóðar upplýsingar um orku- og næringarefni. Myllan er líka á Facebook - láttu þér líka við okkur!

www.myllan.is

MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JONNY LEE MILLER** leikari fæddist þennan dag árið 1972.

*„Ef ég liti á sjálfan mig sem kvikmyndastjörnu væri ég kjáni. Ég þekki engan sem hugsar þannig. Ég þekki ekki einu sinni kvikmyndastjörnur sem hugsa þannig.“*

---

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og dóttir,

**KRISTÍN STEINARSDÓTTIR**
**kennari,**
**Bleikjukvísl 11, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum mánudaginn 12. nóvember.

**Sigurbjörn Magnússon**
**Magnús Sigurbjörnsson**
**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**
**Nína Kristín Sigurbjörnsdóttir**
**Steinarr Guðjónsson**
**Elsa Pétursdóttir**

---

†



Okkar ástkæri

**HREINN HERMANNSSON**
**Bólstaðarhlíð 56,**

lést á krabbameinsdeild Landspítala við Hringbraut þriðjudaginn 6. nóvember. Útför fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 15.00.

**Hrefna Haraldsdóttir**
**Hermann Kr. Hreinsson**
**Haraldur Guðmundsson** **Helen Nilsen Guðjónsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabarn**
**og systkini hins látna.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir og tengdamóðir,

**LAUFEY KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Flétturima 4, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum 10. nóvember. Jarðsungið verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 19. nóvember klukkan 13.00. Blessuð sé minning hennar.

**Sigurður Guðmundsson**
**Hafdís Engilbertsdóttir** **Baldvin Steindórsson**
**Kristján Eggert Engilbertsson**
**Sif Jónsdóttir** **Jón Arnar Sigurjónsson**
**Eva Mjöll Ingólfsdóttir** **Kristinn S. Helgason**
**Andri Már Ingólfsson** **Valgerður Franklínsdóttir**

---

†



Ástkær frænka okkar og mágkona,

**RAGNHEIÐUR ÁSBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR**
**Sólheimum 23, Reykjavík,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 4. nóvember, verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 15. nóvember kl. 15.00.

**Guðjón Ásbjörn Ríkharðsson**
**Kristján Björn Ríkharðsson** **Þórunn Björg Einarsdóttir**
**Adólf Adólfsson** **Monika Magnúsdóttir**
**Vilborg Inga Kristjánsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR EYJÓLFSSON**
**verkfræðingur,**
**Lundi 88, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 9. nóvember. Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju þann 16. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið eða önnur líknarfélög.

**Margrét Petersen**
**Eyjólfur Sigurðsson** **Kristín Þorgeirsdóttir**
**Inga Lára Sigurðardóttir** **Arnfinnur Jónasson**
**Ævar Páll Sigurðsson** **Jenny Hansen**
**og barnabörn.**

---

Lokað verður föstudaginn 16. nóvember frá kl. 12.00 vegna jarðarfarar Ólafs Angantýssonar.

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**

---



**GLEÐILEG STUND** Ingvar Hákon Ólafsson og Aron Björnsson, læknar á deildinni, ásamt foreldrum Jakobs, Herdísi Þorláksdóttur og Sigurði Jónssyni, og Rafnari Erni, bróður Jakobs. Á myndinni er einnig Valgerður Hrund Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa.

HERDÍS ÞORLÁKSDÓTTIR: HEFUR MIKLA ÞÝÐINGU FYRIR OKKUR

## Mikilvæg gjöf í minningu barns

Heila- og taugaskurðlækningadeild Landspítalans í Fossvogi hefur fengið að gjöf ómskoðunartæki til að mæla blóðflæði í æðum við skurðaðgerðir. Gjöfin er til minningar um Jakob Örn Sigurðarson sem lést þann 9. mars 2008 af völdum heilablæðingar. Foreldrar og einn af þremur bræðrum Jakobs Arnar afhentu deildinni gjöfina á föstudaginn fyrir viku.

Aðdragandi gjafarinnar var sá að fyrirtækið Sensa ehf. varð tíu ára fyrr á árinu og í tilefni afmælisins, og þess að að Jakob Örn var 10 ára þegar hann lést, færði fyrirtækið fjölskyldunni peningagjöf til minningar um drenginn, en faðir Jakobs hefur starfað þar frá árinu 2003. Herdís Þorláksdóttir, móðir Jakobs Arnar, segir gjöfina hafa komið fjölskyldunni þægilega á óvart. „Starfsmenn fyrirtækisins þekktu Jakob mjög vel og við vissum að þau hugsuðu hlýtt til hans og vildu halda minningu hans á lofti. Það sem kom okkur hins vegar á óvart var hversu vegleg gjöfin var.“

> Það er gott að geta gefið í minningu barnsins síns og haldið minningu þess lifandi.

Fjölskyldunni var falið að gefa gjöfina áfram þangað sem hún kæmi að góðum notum og ráðfærði sig því við Ólaf Thorarensen lækni. Þau fengu þær upplýsingar að á innkaupalista heila- og taugaskurðlækningadeildarinnar væri ómskoðunartæki sem mældi blóðflæði og því var ákveðið að verja peningunum til kaupa á slíku tæki.

„Við máttum velja málstaðinn og ákváðum strax að við vildum gefa gjöf sem mundi hjálpa fólki sem hafði fengið heilablæðingu. Ólafur hefur alltaf reynst okkur mjög vel og við leituðum því til hans, nefndum upphæðina og spurðum hvort það væri eitthvað sem deildina vantaði. Tækið gerir læknum kleift að greina hvar æð liggur í höfðinu þegar millimetri skiptir máli og er því gríðarlega mikilvægt þó það hafi hingað til ekki verið til á deildinni sökum fjárskorts.“

Herdís segir það góða tilfinningu að geta komið færandi hendi. „Þetta hefur mikla þýðingu fyrir okkur og þetta var gleðileg stund þó barnmissir fylgi manni alltaf. Það er gott að geta gefið í minningu barnsins síns og haldið minningu þess lifandi. Gjöfin minnir fólk líka á að Jakob er hluti af okkur, sem skiptir máli, og minnir á hvernig lífið getur breyst á einu augnabliki. Tækið er því ekki eins og hvert annað tæki sem er keypt heldur er það minning um barn,“ segir hún að lokum.

sara@frettabladid.is

---

**ÞETTA GERÐIST: 15. NÓVEMBER 1985**

## Veðurofsi á Suðurlandi



Á þessum degi árið 1985 gekk mikið óveður yfir landið sunnan- og vestanvert. Þakplötur fuku meðal annars af húsum í Reykjavík og rúður fuku inn í heilu lagi eða brotnuðu. Þó nokkrir íbúar í Breiðholti yfirgáfu íbúðir sínar meðan veðrið gekk yfir í öryggisskyni.

Vindhraðinn í verstu hviðunum fór upp í 83 hnúta og í Hvalfirði mældust vindhviðurnar mest 105 hnútar. Lögreglan og björgunarsveitarmenn aðstoðuðu fólk við að komast á milli staða og á mörgum stöðum þurfti aðstoð við að festa lausa hluti niður. Þá slasaðist kona á Kleppsvegi er hún varð fyrir fjúkandi járnplötu.

Veðurofsinn olli ekki aðeins tjóni í Reykjavík heldur skemmdust mannvirki á Snæfellsnesi, á Húsafelli og trégólf á brúnni yfir Geirdalsá í Reykhólasveit fauk af í heilu lagi.

---

†



Ástkær faðir okkar og afi,

**KÁRI GUÐMUNDSSON**
**loftskeytamaður,**
**Barónsstíg 57, Reykjavík,**

lést mánudaginn 5. nóvember. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 15. nóvember kl. 15.00.

**Margrét Káradóttir** **Jón B. Eysteinsson**
**Sigrún Káradóttir** **Erlendur Magnússon**
**Katrín María Káradóttir**
**og afabörn.**

---

†



**KARL MARÍUS JENSSON CARLO**
**áður til heimilis í íbúðum aldraðra að Hlaðhömrum í Mosfellsbæ,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 9. nóvember 2012. Útför hans fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 15.00.

**Vinir og vandamenn.**


Góða veislu gjöra skal
Hátíða kaffi
Kaffitár
Hátíðakaffið er ómissandi yfir jólahátíðina.
Í ár kemur það frá Kostaríku og Kólumbíu
og bragðið minnir á dökk ber og kryddvönd.
Með kertaljósi, kökum og eftirréttum er
Hátíðakaffið mikið nammi.
www.kaffitar.is
Jólagjöfin mín í ár ...
Kaffitár

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** stagl, **6.** skóli, **8.** tæki, **9.** hrós, **11.** nesoddi, **12.** einkennis, **14.** hopp, **16.** hvað, **17.** skammst., **18.** hætta, **20.** tveir eins, **21.** halda brott.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ávinna, **3.** strit, **4.** skemill, **5.** slagbrandur, **7.** þjóðsaga, **10.** ílát, **13.** hjör, **15.** ögn, **16.** samkvæmi, **19.** númer.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** tafs, **6.** fg, **8.** tól, **9.** lof, **11.** tá, **12.** aðals, **14.** stökk, **16.** ha, **17.** möo, **18.** ógn, **20.** rr, **21.** fara.
**LÓÐRÉTT: 1.** afla, **3.** at, **4.** fótskör, **5.** slá, **7.** goðsaga, **10.** fat, **13.** löm, **15.** korn, **16.** hóf, **19.** nr.




# Mannkynið og kvenkynið

**BAKÞANKAR**
**Friðriku Benónýs**



Það er bara ein mynd af konu á forsíðunni. Guð hjálpi okkur. Við verðum að finna fleiri." Upphrópanir eins og þessa er ekki óalgengt að heyra á ritstjórninni seinnipartinn á föstudögum. Helgarforsíða með tómum körlum væri nefnilega stórslys. Brot á fjölmiðlalögum og hvað veit ég. Hins vegar virðast þau lög einungis virka í aðra áttina því engar slíkar upphrópanir heyrast þegar konur einoka forsíðuna. Það er bara flott og æðislegt. Klapp á bakið móment: Vel gert hjá okkur. Við erum sko aldeilis að standa okkur.

**ÁÐUR** en þið farið að froðufella er rétt að taka fram að ég skil ósköp vel að konur skuli vera orðnar langþreyttar á því að bera skarðan hlut frá borði í fjölmiðlaumfjöllun. En – og það er stórt en – það helgast að miklu leyti af því að fjölmiðlar eltast við það sem fréttnæmt þykir og í þeim greinum þar sem mest gengur á eru karlmenn einfaldlega í meirihluta. Hundfúlt ástand, vissulega, en engu að síður staðreynd. Varla er krafan sú að fjölmiðlar skrumskæli veruleikann í nafni jafnréttis. Eða hvað?

**TÖKUM** bókmenntaumfjöllun sem dæmi. Í hverri einustu viku má lesa langar runur skammaryrða á Facebook eftir útsendingu Kiljunnar. „Alltaf talað við kalla!" „Óþolandi karlremba!" „Hvar eru konurnar?" Fyrirgefið, en þær eru þarna. Í stærra hlutfalli en efni standa til meira að segja. Konur skrifa innan við þrjátíu prósent af skáldverkum sem koma út á Íslandi. Er þá raunhæft að krefjast þess að þær fái fimmtíu prósent af umfjöllun um bókmenntir? Á hvaða forsendum? Þau rök að ljóðabókin sem langamma skrifaði hafi verið þöguð í hel virka ekki lengur. Hellingur af ljóðabókum eftir langafa voru líka þagaðar í hel. Það eru nefnilega oftast gæði verkanna sem ráða því hvort bókmenntaverk lifa eða deyja. Ekki kynfæri höfundarins. Konur hafa fengið Hin íslensku bókmenntaverðlaun oftar en hlutfall kvenrithöfunda gefur tilefni til en engu að síður er enn veitt sérstök bókmenntaverðlaun kvenna. Getið þið ímyndað ykkur darraðardansinn sem yrði stiginn ef sett yrðu á fót sérstök bókmenntaverðlaun karla? Það væri nú aldeilis mismunun og brot á öllum jafnréttislögum.

**KYNJAKVÓTAKÚGUN** virkar ekki sem jafnréttistæki. Og þetta langdregna ramakvein er því miður ekki hugverkum og afrekum kvenna til framdráttar. Í bakgrunninum leynist enn sú hugsun að karlar tali fyrir hönd mannkynsins alls, konur einungis fyrir hönd kynsystra sinna. Eru það þau skilaboð sem við viljum senda dætrum okkar?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott




NÝR 4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
33% AFSLÁTTUR
4GB MINNISLYKILL
Glæsilegt úrval skemmtilegra minnislykla frá Satzuma nú á ótrúlegu tilboðsverði!
1.990
HENTUGT Í ALLA PAKKA
10 ÞÚSUND AF ÖLLUM 10" FISTÖLVUM
ASUS 10" FISTÖLVA
Þessi er fislétt og frábær í skólann með örþunnum 10,1" LED skjá, 320GB disk og Windows 7 Starter
39.900
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
30 ÞÚSUND AF ÖLLUM IPAD SPJALDTÖLVUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA



# ALVÖRU STEAK
## á diskinn minn!

100%
FULLMEYRNAÐ
GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR

**DRIE AGED**

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*






TILBOÐ
**3.994** kr/kg.
Verð áður 4.699.-

Ribeye - hægmeyrnuð
*úr framhrygg*



TILBOÐ
**2.794** kr/kg.
Verð áður 4.299.-

T-bone
*úr spjaldhrygg*



TILBOÐ
**3.439** kr/kg.
Verð áður 4.299.-

Entrecote
*úr spjaldhrygg*



NÝTT
**1.199** kr/kg.
Kynningarverð

Bringa (brisket)
*úr framhluta*



*Pylsur að hætti Ameríkana*



Slim Jim´s snakkpylsur
Steikarpylsur
BBQ grillpylsur
Morgunverðarpylsur

*kúvip...*



**Jamba smoothies**
– gerðu þinn eigin jambajuice



**Ekki ís, ekki rjómi en æðislegt**
– frábær með kökum og ávöxtum



**Lender´s beyglur**
– ekta amerískar beyglur



**Amy´s kitchen**
– enchiladas og mac´n´cheese



**Mrs. Renfro´s sósur**
– ekta USA salsasósur



**Smucker´s íssósur**
– enn meira úrval



**Pringles**
– 4 tegundir



**Sweet Baby Ray´s**
– BBQ sósa

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 25. nóvember á meðan birgðir endast.

# AMERÍSKIR EFTIRRÉTTIR

AMERÍSKIR DAGAR





**Eggo**
Vöfflur



**Cheesecake Factory**
Ostkakökur



**Aunt Jemima**
Vöfflur og pönnukökur



**Edwards**
Sælkerakökur 5 teg.

úrval af drykkum





**Fridays forréttir**
– yumm yumm

gamla góða!



**Amerískt morgunkorn**
– gott á morgnana



**Wise cheez doodles**
– ekta ostasnakk frá USA



**Boca sojaréttir**
– bara gott...



**Gatorade**
– fruit punch og lemon/lime



**Frappuccino frá Starbucks**
– vanillu og mocha



**Arizona ice-tea**
– sætt og grænt te



**Jif hnetusmjör**
– creamy og crunchy

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# menntun
menntun@frettabladid.is



**NÁMSKEIÐ Í KVEÐSKAP OG SÖNG** verður haldið í gömlu kirkjunni á Blönduósi 17. nóvember. Kennari er Bára Grímsdóttir og mun hún kenna þátttakendum að kveða og syngja kvæða- og tvísöngslög sem tengjast Húnavatnssýslum.



**UPPLESTUR** Einar Kárason skemmtir gestum í Árnagarði á föstudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hátíðardagskrá Mímis

Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, stendur fyrir hátíðardagskrá í tilefni af degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember næstkomandi.

Málþingið verður haldið í Árnagarði við Suðurgötu, í stofu 301 og hefst kl. 17. Dagskráin inniheldur fjölbreytt fræðileg erindi, fjallað verður um málvernd innan fjölmiðla frá degi til dags, nýyrðasmíð, tökusagnir, íslenska tungu á stafrænni öld og málnotkun í dægurlagatextum. Einar Kárason og Dagur Hjartarson munu lesa upp úr verkum sínum auk þess sem Svavar Knútur tekur lagið fyrir hátíðargesti. Boðið verður upp á léttar veitingar og eru allir velkomnir.

## Yndislestur á Akureyri

Barnabókasetur, rannsóknarsetur um barnabókmenntir og lestur barna, ásamt menningarhúsinu Hofi bjóða upp á yndislestur – lokkandi lestur barnabóka fyrir börn á öllum aldri í Hofi laugardaginn 17. nóvember kl. 13-16. Barnabókahöfundarnir Kristín Helga Gunnarsdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir, Þorgrímur Þráinsson og Kristjana Friðbjörnsdóttir lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum og rifja upp bernskulestur sinn.

Freyvangsleikhúsið býður upp á atriði úr leikritinu Skilaboðaskjóðunni. Leikarar munu skemmta og syngja með börnum og fullorðnum í notalegri kaffihúsastemningu sem ríkja mun í Hömrum í Hofi. Áhugasamir gestir geta skoðað sýninguna Yndislestur æsku minnar sem var fyrsta verkefni Barnabókasetursins.

# BÖRN ÞURFA RÆTUR OG VÆNGI

**Breski skólastjórinn John Morris hefur í nokkur ár miðlað af reynslu sinni til reykvískra kennara. Morris sem hefur náð góðum árangri í kennslu drengja segir ekki vænlegt að skilja kynin að í skólum, strákar og stelpur þurfi að læra að vinna saman í skólum eins og í samfélaginu.**



**Í GÓÐRA KRAKKA HÓPI** John Morris sótti meðal annars Sæmundarskóla í Grafarholti heim í heimsókn sinni til Reykjavíkur á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Upphaf samstarfs Johns Morris, skólastjóra barnaskólans Ardleigh Green Junior í Essex á Bretlandi, við íslenska skóla hófst þegar kennarar í Vesturbæjarskóla sóttu skóla hans heim til þess að kynna sér aðferðir sem þróaðar höfðu verið í skólanum til að bæta námsárangur drengja. Í Ardleigh Green hafði náðst góður árangur í því að minnka mun á milli drengja og stúlkna í námi.

„Við höfum reyndar einblínt á bæði kynin og um leið og við höfum náð árangri með drengi hafa stúlkurnar líka bætt sig,“ segir Morris. „Það henta ekki endilega sömu aðferðir strákum og stelpum og það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því. Stundum þarf að brjóta niður lærdómsferlið til þess að ná betur til strákanna, gefa þeim tíma til að fanga hugtökin og þekkinguna, fagna lærdómsferlinu og einblína ekki bara á árangurinn. Strákar þurfa hvatningu rétt eins og stelpur.“ Þrátt fyrir að strákar og stelpur séu ólík og þurfi stundum ólíka nálgun á námsefni segir Morris að sitt mat sé að ekki sé vænlegt að skilja kynin að í námi: „Samfélagið snýst um að kynin vinni saman og skólinn þarf að endurspegla það. Ég vil ekki bara að börnin mín kunni að lesa og reikna, þau eiga líka að læra að verða góðir borgarar og lifa í samfélagi þar sem bæði kynin vinna saman,“ segir Morris og bætir við að miklu máli skipti að krakkar læri að læra.

„Meginþáttur lærdómsstefnunnar í mínum skóla er að leggja áherslu á grunnþættina, ensku og stærðfræði. Við viljum að börn séu skapandi og fái að njóta sín, en til þess að þau geri það þurfa þau að ná góðum tökum á þessum grunnþáttum. Og hér er mikilvægt að færa þeim hæfileikana til að læra. Við viljum að börnin okkar verði þrautseig, ábyrg, útsjónarsöm, hugsandi og tilbúin til að læra. Með því að flétta þessu öllu saman þá ná börn að blómstra. Ég tala gjarnan um að börn þurfi bæði rætur og vængi, þau þurfi traustan grunn til þess að geta flogið.“

Morris hefur miðlað sinni reynslu og þekkingu sem skólamaður til íslenskra kennara í nokkur ár. „Um 200 kennarar í reykvískum skólum hafa heimsótt okkur í Ardleigh Green og fjórtán skólastjórar. Við ræðum þá við kennarana um hina bresku nálgun á menntun og um leið fáum við tækifæri til að kynnast því sem hér er gert vel, og ég verð að segja að ég er fullur aðdáunar á skólastarfi hér á landi. Þrátt fyrir niðurskurð er geysilega mikill metnaður og það er einkar gaman að sækja íslenska skóla heim.“

Morris segist geta lært margt hér á landi um leið og hann miðlar sinni reynslu til íslenskra kennara. „Útikennslan hér þykir mér til að mynda til fyrirmyndar og kennsla skapandi greina er mjög langt komin, þar eruð þið framar okkur. Hins vegar má segja að við séum komin lengra með kennslu grunngreinanna, stærðfræði og móðurmáls.“

Morris segir athyglisvert fyrir hann að sækja íslenska skóla heim. „Byggingarnar hér eru margar svo nýjar og flottar. Það er líka gaman fyrir mig að upplifa hið óformlega andrúmsloft sem hér ræður ríkjum, hér er enginn í skólabúningum og fornöfnin eru notuð í samskiptum. Skólinn sem ég stýri er enn í sömu byggingu og hann var í þegar hann var reistur árið 1945. Við hins vegar stöndum mun betur í tækjakosti en íslenskir skólar. Og ég tel það mjög mikilvægt að skólar séu vel búnir tölvum. Við erum að mennta börn fyrir störf sem við þekkjum ekki enn, og því er það mikil áskorun að dragast ekki aftur úr í tæknimálum þannig að börnin okkar geti tekist á við framtíðina.“

sigridur@frettabladid.is

> Samfélagið snýst um að kynin vinni saman og skólinn þarf að endurspegla það. Ég vil ekki bara að börnin mín kunni að lesa og reikna, þau eiga líka að læra að verða góðir borgarar.

### SKÓLASTJÓRI ÁRSINS

John Morris var valinn skólastjóri ársins í London og Austur-Englandi á þessu ári. Hann segir heiðurinn hafa verið mikinn og óvæntan. „Ég var tilnefndur af fyrrverandi nemanda en kerfið hjá okkur er þannig að allir geta tilnefnt til verðlaunanna og svo er dómnefnd sem fer yfir tilnefningarnar.“ Morris er skólastjóri í skólanum Ardleigh Green Junior sem er fyrir börn á aldrinum sjö til ellefu ára. Skólinn, sem er í Essex, hefur náð afburða árangri eins og fram kemur í opinberu mati Ofsted. Hann er í hefðbundnu millistéttarhverfi en fjölmargir nemendur utan hverfis sækja líka í skólann, ekki síst þeir sem þarfnast sérstaks stuðnings.


vísir keldan.is




ÍSLENSKA/SIA.IS/KEL 61543 10/12

Ert þú fjárfestir framtíðarinnar?

Taktu þátt í spennandi Ávöxtunarleik Keldunnar

Ávöxtunarleikurinn
keldan NASDAQ OMX vísir Libra vib

Keldan vill stuðla að bættu fjármálalæsi þjóðarinnar og stendur fyrir keppni í ávöxtun sem er opin öllum landsmönnum, 15 ára og eldri, og þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram í gegnum visir.is og fær hver þátttakandi 10 milljónir Keldukróna til þess að fjárfesta í mismunandi flokkum.

Vegleg verðlaun

Þeir sem skila bestu ávöxtuninni þegar keppnin verður gerð upp næsta vor eiga kost á veglegum verðlaunum. **Meðal vinninga er flug fyrir 2 til New York með Icelandair og 200 þúsund kr. inneign í sjóði VÍB.**



Skráðu þig inn á visir.is

# METSÖLU BÆKUR




1.
07.10.12 - 13.11.12
**Metsölulisti Eymundsson**
Heildarlisti




1.
07.10.12 - 13.11.12
**Metsölulisti Eymundsson**
Barna- og unglingabækur




1.
07.10.12 - 13.11.12
**Metsölulisti Eymundsson**
Ævisögur




1.
07.10.12 - 13.11.12
**Metsölulisti Eymundsson**
Vasabrotsbækur - skáldverk

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# menning

menning@frettabladid.is



**YNDISLESTUR Á AKUREYRI** Barnabókasetur, rannsóknarsetur um barnabókmenntir og lestur barna, og Háskólinn á Akureyri standa fyrir málþinginu Yndislestur – aðlaðandi aðferðir til að auka áhuga barna á yndislestri í Háskólanum á Akureyri á Degi íslenskrar tungu á morgun. Fimm fyrirlesarar halda erindi, þar á meðal Kristín Helga Gunnarsdóttir barnabókahöfundur.

Bækur ★★★☆☆

**Kuðungasafnið**

Óskar Árni Óskarsson



**Bjartur**

## Þorparar í þykjustuheimi

Kuðungasafnið ber undirtitilinn 54 ljóð um undarleg pláss. Þar lýsir höfundur í örsögum/prósaljóðum alls kyns skringilegum plássum þar sem hversdagurinn er með töluvert öðrum blæ en í öðrum þorpum á Íslandi. Öll ljóðin hefjast á orðunum Í þorpinu (…) er… nema síðasta ljóðið þar sem sögunni víkur til borgarinnar Víkur sem er raunar í síðustu línu ljóðsins einnig orðin að þorpi.

Þorpin eru eins ólík og þau eru mörg. Í þorpinu Klifi ganga allir aftur á bak, í þorpinu Ósi brosa allir út að eyrum, í þorpinu Hruna búa níu ljóðskáld með störu og svo framvegis. Góðlátlegir orðaleikir með vísun í heim bókmennta og orðtaka eru algengir, til dæmis falla allir í þorpinu Vör í stafi, í þorpinu Þröm er ekkert lesefni að hafa og í þorpinu Þúfu sígur allt á ógæfuhliðina, svo nokkur dæmi séu tekin.

Ljóðin eru mjög mislöng og hitta misjafnlega vel í mark. Sá kynjaheimur sem skáldið bregður upp örmyndum af á sér mismikla samsvörun/andstæðu í okkar raunverulegu þorpum en þótt fantasían sé allsráðandi má yfirleitt finna brodd sem beint er að ýmsum samfélagsmeinum. Sá broddur er þó varla nógu hvass til að stinga á nokkrum kýlum.

Óskar Árni er sjóað ljóðskáld sem þekkir slagkraft orðanna og beitir þeim af list. Góðlátleg kímnin sem undir kraumar gerir lesturinn skemmtilegan en um leið eru ljóðin spéspeglar þar sem alls kyns undarlegheit samfélagsins eru skoðuð eins og til dæmis hinar ýmsu bæjarhátíðir sem haldnar eru í þorpum landsins:

*Í þorpinu Skálum eru fleiri dónar en í nokkru öðru þorpi á landinu. Á hverju ári eru haldnir þar svokallaðir Dónadagar sem laða til sín ferðamenn alls staðar að…* bls. 31.

Yfirleitt er töluvert kaos ríkjandi í hinum ímynduðu þorpum en skáldið virðist þó eygja von um betri daga því í eina þorpinu sem kemur fyrir í tveimur ljóðum, þorpinu Gerði, er í fyrra ljóðinu „allt á suðupunkti“ og ríkir hálfgert stríðsástand í samskiptum fólks (bls. 32) en í seinna ljóðinu um þorpið Gerði er „allt dottið í dúnalogn“ og allir lifa í sátt og samlyndi (bls. 57). Nú er bara að vona að það verði áhrínsorð.

Í heild er Kuðungasafnið vel heppnað ljóða/örsögusafn og hugmyndaauðgi skáldsins virðast lítil takmörk sett. Það er vel þess virði að kíkja á safnið og skoða samfélagið og sjálfan sig í spéspeglunum.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel heppnað safn prósaljóða um ólík fantasíuþorp sem sýna lesendum samfélagið í spéspegli.









# Bókaþjóð á breytingaskeiði

**Aldrei hafa jafnmargar bækur verið skráðar í Bókatíðindi og í ár, alls um 840 titlar. Aukningin skýrist meðal annars af nýjum formum í útgáfu, svo sem hljóðbókum og rafbókum fremur en fjölgun á stökum titlum. Hátt í sextíu skáldsögur eru frumútgefnar á árinu en innlendar ævisögur hafa ekki verið jafn fáar síðan á 9. áratugnum.**

Bókatíðindi streyma inn um lúgur landsmanna um þessar mundir með yfirlit um þau verk sem skolar á fjörur okkar í jólabókaflóðinu. Um 840 skráningar eru í Bókatíðindum í ár, sem er met, en Kristján B. Jónasson segir það helst helgast af því að bækur koma nú út á fleiri formum, svo sem hljóðbókum og rafbókum, sem gerir að verkum að ófáir titlar eru skráðir oftar en einu sinni og jafnvel oftar en tvisvar.

„Bókatíðindi í ár endurspegla að bókaútgáfan er að færast yfir í sama horf og í nágrannalöndunum, að útgefendur verða að gefa út bækur í mörgum formum.“ segir hann. „Heildarfjöldi titla er svipaður og í fyrra en mörg form þýða að það er metskráning í Bókatíðindi.“

Alls kemur út 101 íslenskt skáldverk á árinu, 57 í frumútgáfu en 44 í endurútgáfu (inni í þeirri tölu eru ekki ljóð og leikrit sem fá sinn eigin flokk í Bókatíðindum). Í fyrra komu út 93 íslensk skáldverk, þar af 55 í frumútgáfu, en fyrir tveimur árum komu alls út 85 skáldsögur. Langsamlega flestar skáldsögur koma út á vegum Forlagsins, Uppheimar og Bjartur/Veröld blanda sér einnig í þann slag en aðrir varla svo heitið geti.

Athygli vekur hversu margir nafntogaðir skáldsagnahöfundar gefa út bók í ár; hátt í tuttugu rithöfundar sem segja má að hafi verið í fararbroddi í íslenskri skáldsagnagerð undanfarin ár og áratugi senda frá sér verk fyrir jólin auk ljóðskálda á borð við Gerði Kristnýju og Sigurð Pálsson, sem bæði senda frá sér ljóðabók. Þetta er hátt hlutfall ekki síst í ljósi þess hversu mörg „stór“ nöfn voru á útgáfulistanum í fyrra, á Frankfurtarárinu mikla. Þetta gæti hins vegar gert róðurinn þyngri fyrir minna þekkta höfunda.

Annars er lítið sem ekkert um nýliðun í skáldsagnagerð fyrir jólin, að minnsta kosti af hálfu stærri forlaganna. Það helgast hugsanlega af því að færst hefur í aukana gefa út frumraunir höfunda utan vertíðarinnar, til dæmis gáfu Forlagið og Bjartur út þrjár skáldsögur í sumar sem allar voru fyrstu bækur höfunda.

Alls koma út 64 íslenskar barnabækur og 133 þýddar sem er með mesta móti. Athygli vekur hversu fáar íslenskar ævisögur og endurminningar koma út fyrir jól í ár. Alls eru 28 rit skráð í flokki ævisagna, þar af eru um tíu íslenskar og kvað þetta vera ein dræmustu ævisagnajól hvað fjölda titla varðar síðan um miðjan 9. áratuginn.

bergsteinn@frettabladid.is

### NOKKRIR NAFNTOGAÐIR SKÁLDSAGNAHÖFUNDAR OG LJÓÐSKÁLD Í JÓLABÓKAFLÓÐINU Í ÁR

- Arnaldur Indriðason
- Auður Ava Ólafsdóttir
- Auður Jónsdóttir
- Álfrún Gunnlaugsdóttir
- Bragi Ólafsson
- Böðvar Guðmundsson
- Einar Már Guðmundsson
- Einar Kárason
- Guðbergur Bergsson
- Gyrðir Elíasson
- Kristín Marja Baldursdóttir
- Kristín Steinsdóttir
- Kristín Ómarsdóttir
- Ólafur Gunnarsson
- Pétur Gunnarsson
- Sigurður Pálsson
- Steinunn Sigurðardóttir
- Yrsa Sigurðardóttir
- Þórarinn Eldjárn

### HEILDARFJÖLDI SKRÁNINGA Í BÓKATÍÐINDUM 1991 TIL 2012



# Android 4.0
# 10" SPJALDTÖLVA

## LÆGSTA VERÐIÐ Á 10" SPJALDTÖLVU MEÐ ANDROID 4.0 HJÁ OKKUR !

**Spjaldtölvur eru skemmtilegasta leiktækið fyrir börn og unglinga og frábær gjöf. Þær eru einfaldar í notkun og börnin geta nálgast þúsundir ókeypis leikja og skemmtilegra smáforrita, farið á netið, horft á bíómyndir, hlustað á tónlist, tekið ljósmyndir eða myndbönd og lesið rafbækur. Allt í einu tæki sem hægt er að taka með sér hvert sem er.**






Google play

## SÉRSTAKT
## MAGNKAUPAVERÐ
# 19.990

**VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI**

**AÐEINS KR. 2.064 Á MÁNUÐI**

3,5% lántökugjald og 340 kr. mánaðarlegt færslugjald.

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**The Sharper Image M18A**

**10" Sharper Image spjaldtölva með 1.2GHz Cortex A8 örgjörva og 8GB minni, 4GB innbyggt Flash minni og 4GB MicroSD minniskort fylgir. 16:9 snertiskjár með 1024x600 punkta upplausn og Capacitive multi-touch snertitækni. Android 4.0 Ice Cream Sandwich sem gefur aðgang að þúsundum ókeypis leikja og smáforrita. Myndavél að framan og aftan. Allt að 10 tíma rafhlöðuending. Vegleg taska og heyrnartól fylgja.**

### Stórlækkað verð
Spjaldtölvur hafa aldrei verið hagkvæmari kostur. Bæði vegna mikillar eftirspurnar og aukinnar framleiðslu auk þess sem við náum mikilli verðlækkun með magninnkaupum fyrir jólin. Sambærileg 10" spjaldtölva fyrir jólin í fyrra var á tvöfalt hærra verði.

### Google Play
Aðgangur að þúsundum ókeypis og ódýrra smáforrita opnast með Google Play. Það er gæðastimpill að hafa aðgang að Google Play þar sem það gerir ríkar kröfur til vélbúnaðarins í spjaldtölvunni. Með Google Play stóreykst úrvalið af skemmtilegum leikjum og forritum.

### Android 4.0 Ice Cream Sandwich
Nýleg uppfærsla Android stýrikerfisins frá Google. Hraðvirkari og skemmtilegri valmyndir.

### 8GB minni stækkanlegt í 32GB
Kemur með 4GB innbyggðu Flash minni auk þess sem 4GB MicroSD minniskort fylgir. Hægt er að stækka minni í 32 GB með MicroSD minniskorti.

### Capacitive skjátækni
Tækni sem tryggir að spjaldtölvan er næmari á snertingu og hraðvirkari. 1024x600 punkta upplausn. 16:9 skjáhlutföll.

### Myndavél og löng rafhlöðuending
Myndavél til að taka ljósmyndir eða myndbönd bæði að framan og aftan. 2MP myndavél að framan. Allt að 10 tíma rafhlöðuending.

### HDMI og mini USB2
Með HDMI er hægt að tengja spjaldtölvuna í bestu gæðum við sjónvarp eða hljómtæki.

### Taska og heyrnartól fylgja
Vegleg taska fylgir með sem hlífir henni við hnjaski og gerir kleift að nota tölvuna í töskunni í mismunandi halla. Heyrnartól fylgja einnig.

### 2 ára traust ábyrgð
Sharper Image kemur frá traustum framleiðanda sem Tölvulistinn hefur áralanga góða reynslu af. 2 ára traust ábyrgð er af öllum tölvum hjá Tölvulistanum.

tl.is

## STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS




**OPIÐ**
**Virka daga 10-18**
**Laugardaga 11-16**

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 15. nóvember**

### → Uppákomur

**20.00** Hagyrðingakvöld verður haldið í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### → Leikrit



**21.00** Brynja Þorgeirsdóttir og Sverrir Sverrisson (Sveppi) verða gestir leiksýningarinnar Orð skulu standa. Sýnt er í Þjóðleikhúskjallaranum.

### → Tónlist

**20.00** Tónleikar Karlakórs KFUM og KFUK verða haldnir í húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28. Stjórnandi er Laufey Geirlaugsdóttir. Miðaverð er kr. 1.500.

**20.00** Dufl og daður er yfirskriftin á tónleikum á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju. Ophópurinn kemur þar fram. Miðaverð er kr. 1.500.

**20.00** Hljómsveitirnar Fine Intelligible Gentlemen, Pardus og trúbadorinn Daníel Agueda úr Bakkus leiða hesta sína saman á Fimmtudagsforleik Hins Hússins, Pósthússtræti. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Söngfuglar, Jana María Guðmundsdóttir og hljómsveit halda tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

**21.00** Svavar Knútur verður með tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Andrea Gylfadóttir og vinir halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### → Fyrirlestrar

**16.00** Páll Skúlason heldur erindi um Siðferðilega köllun háskóla. Erindið er haldið í tilefni af Heimspekidegi UNESCO og fer fram í stofu 101 í Lögbergi Háskóla Íslands.

**16.00** Gunnella Þorgeirsdóttir, greinarformaður og aðjunkt í japönsku við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Fyrirlesturinn fjallar um félagslegt mikilvægi hátíða í japönsku samfélagi og fer hann fram í stofu 101 í Odda, Háskóla Íslands.

**20.00** David Ross, sýningarstjóri og fyrrum safnstjóri verður með fyrirlestur í Hafnarhúsi. Hann mun fjalla um þróun skjálistar og nýrra miðla í samtímalist síðustu áratuga og viðbrögð og vilja safna til að laga sig að og mótast með nýrri tækni. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er öllum opinn án endurgjalds.

**20.00** Jónína Ben heldur fund að Hverfisgötu 33 undir yfirskriftinnni Hvað er að gerast á Íslandi í dag? Er Ísland byggilegt fyrir almennan launþega. Fundurinn er öllum opinn.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**






# OG LÝKUR HÉR STURLUNGA SÖGU HINNI NÝJU

Bækur ★★★☆☆

**Skáld**

Einar Kárason

**Mál og menning 2012**




Með Skáldi, nýjustu sögu Einars Kárasonar, lýkur þríleik sem hófst með Óvinafagnaði árið 2001 og hélt áfram í Ofsa árið 2008. Sem fyrr eru atburðir og persónur úr Sturlungu undir. Í fyrsta bindinu var aðalpersónan Þórður kakali, Eyjólfur ofsi var í sögumiðju í Ofsa en í lokabindinu er það skáldið sjálft, Sturla Þórðarson, höfundur Íslendingasögu, sem er viðfangsefnið.

Þegar sagan hefst hefur Sturla verið kallaður á fund Magnúsar lagabætis konungs. Hann leggur í þá ferð nauðugur ásamt tveimur öðrum íslenskum höfðingjum sem honum er mislýtt til, en þeir verða skipreka í Færeyjum og þar dvelst skáldið lengi sögu. Saga Einars fylgir Sturlu frá þessari ferð og allt til æviloka. Á þessu tímabili ævinnar er hann að mestu laus við illdeilur og algerlega laus við bardaga og manndráp. Sturla er kominn á efri ár og liggur á að skrifa þær bækur sem hann hefur dreymt um allt frá því hann sat við fótskör Snorra frænda síns í Reykholti og nam af honum ritlist og fræði. Lýsingarnar á rithöfundaskóla Snorra eru bráðsnjallar og skemmtilegar, gamli maðurinn verður í meðförum Einars að frumkvöðli í kennslu skapandi skrifa á Íslandi.

Einar hefur lagt í miklar rannsóknir á Sturlungu, Íslendingasögum og skrifum fræðimanna um höfunda þeirra til undirbúnings sögunni. Sumt af niðurstöðum hans má lesa í nýjasta hefti Skírnis, meðal annars ítarlegan rökstuðning fyrir því að Sturla Þórðarson sé höfundur Brennu-Njáls sögu og fleiri Íslendingasagna. Ályktanir Einars um höfundskap einstakra Íslendingasagna eru haganlega ofnar inn í þessa sögu, sumar eru sannfærandi, aðrar síður eins og gengur.

Einar breytir að nokkru leyti um frásagnaraðferð í þessari síðustu bók þríleiksins. Í fyrri bókunum tveimur valdi hann þá leið að eftirláta einstökum persónum orðið og láta þær lýsa öllum atburðum frá sínu sjónarhorni, oft á býsna ólíkan hátt eftir því hvaðan var horft. Þessi aðferð birtist líka í Skáldi, en þar er henni blandað saman við frásögn sögumanns í þriðju persónu, sögumanns sem stendur býsna nálægt höfundi sjálfum, að minnsta kosti í tíma. Raddir sögupersóna í þessari síðustu bók eru líka færri og einsleitari en áður, það fer minna fyrir sjónarhorni kvenna og aukapersóna sem oft dýpkuðu harminn í fyrri bókum þríleiksins. Þessar breytingar eru ekki alltaf vel heppnaðar og langflestir fegurstu og áhrifaríkustu kaflar bókarinnar eru einræður persóna. Hér verður þó að undanskilja lokakaflann sem er gullfallegur í einfaldleik sínum.

Og fallegu kaflarnir eru fleiri. Myndin sem dregin er upp af Sturlu er sannfærandi og margslungin rétt eins og mynd bókanna allra af Sturlungaöldinni. Við sjáum hvernig mestu menn aldarinnar flækjast í net deilna, svika og hefnda, menn geta lent í fylkingu andspænis bestu vinum sínum og jafnvel fóstbræðrum og í þeim flókna hildarleik er enginn alsaklaus. Skáldið Sturla er einn þessara manna og skáldskapurinn er leið hans til að sættast við sjálfan sig og öldina sem fóstraði hann.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**Niðurstaða:** Skáld er verðugur lokapunktur hinnar nýju Sturlungu Einars Kárasonar, sagan er sundurleitari en fyrri bækurnar tvær en bestu kaflarnir eru gerðir af meistarahöndum.








**HRÆÐA NORÐLENDINGA** Jón Svavar Jósefsson og Guðrún Dalía Salómonsdóttir flytja íslensk sönglög við ljóð stórskáldanna í Hofi annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Markmiðið er að nýta dramatíkina

Draugar, dauði, drykkja, vonleysi, vitfirring og volæði eru einkunnarorð tónleika þeirra Jóns Svavars Jósefssonar bass-barítónsöngvara og Guðrúnar Dalíu Salómonsdóttur píanóleikara í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í kvöld. Eru þau að reyna að koma Norðlendingum í þunglyndiskast? „Já, ætli það sé ekki bara markmiðið,“ segir Jón Svavar. „Allavega að hræða þá svolítið. Við erum að leika okkur með svolítið þung ljóð sem mörg hver fjalla um dauðann, eða drauga, eða drykkju og almennt bara um alls konar vonleysi. Markmiðið er að nýta dramatíkina sem einmitt gerir þessi lög og ljóð svo flott.“

Á dagskránni eru sönglög eftir Karl O. Runólfsson, Sigvalda Kaldalóns, Árna Thorsteinson, Jón Leifs, Jón Ásgeirsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og fleiri við ljóð stórskálda á borð við Davíð Stefánsson, Jóhann Sigurjónsson og Grím Thomsen. „Þetta er eldfjörugt prógramm,“ fullyrðir Jón Svavar. „Við sköpum stemningu með ljósum og segjum sögur sem tengjast lögunum og höfundum þeirra. Nú eða segjum bara einhverja lélega brandara á milli laga, það fer eftir því hvernig stemningin verður.“

Tónleikarnir fara eins og áður sagði fram í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í kvöld klukkan átta.

**- fsb**

# ÓDÝRASTI VALKOSTURINN Í NETTÓ




## GERÐU ÞÍNA EIGIN VERÐKÖNNUN!

**VERÐDÆMI**




KAFFI
400 G
**398** KR PK




HVÍTLAUKSBRAUÐ
175 G
**99** KR PK




HVEITI
2 KG
**239** KR PK

**nettó**
*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# JÓLABÆKURNAR

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM





24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg


Gildir 15.-18. nóvember.

*Venjulegt verð er það verð sem bókin mun kosta að loknu kynningarverði.



Á BETRA VERÐI
Í HAGKAUP
NÝTT VISATÍMABIL
MATS STRANDBERG SARA BERGMARK ELFGREN
HRINGURINN
KYNNINGARVERÐ 3.140KR.
VENJULEGT VERÐ* 4.489KR.
Reynslusaga Borghildar Guðmundsdóttur
ég gefst aldrei upp
KYNNINGARVERÐ 4.190KR.
VENJULEGT VERÐ* 5.990KR.
Ljúfmeti úr lækningajurtum
- Albert og Anna Rósa elda
30% afsláttur
3.499KR.
UPPHAFLEGT VERÐ 4.999KR.
FRÁBÆRT HÁR
ÓMISSANDI HOLLRÁÐ & GREIÐSLUR FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI
ÍRIS SVEINSDÓTTIR
30% afsláttur
3.270KR.
UPPHAFLEGT VERÐ 4.699KR.
KANTATA
KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR
30% afsláttur
4.540KR.
UPPHAFLEGT VERÐ 6.499KR.
4.390KR.
AUÐUR AVA ÓLAFSDÓTTIR
UNDANTEKNINGIN
Böðvar Guðmundsson
TÖFRAHÖLLIN
KYNNINGARVERÐ 4.400KR.
VENJULEGT VERÐ* 6.290KR.
GYRÐIR ELÍASSON
Suðurglugginn
30% afsláttur
3.980KR.
UPPHAFLEGT VERÐ 5.699KR.
SUNNUDAGINN 18. NÓV. MUN ÍRIS SVEINSDÓTTIR KYNNA BÓK SÍNA *FRÁBÆRT HÁR* FYRIR FRAMAN HAGKAUP Í KRINGLUNNI KL. 14.
ÍRIS MUN SÝNA NOKKRAR GREIÐSLUR ÚR BÓKINNI OG GEFA VIÐSKIPTAVINUM GÓÐ RÁÐ
Stóra Disney
2.990KR.
KYNNINGARVERÐ 2.260KR.
VENJULEGT VERÐ* 3.490KR.
FERÐA ATLAS
1 : 200 000
KYNNINGARVERÐ 4.890KR.
VENJULEGT VERÐ* 6.990KR.
UPPHAFIÐ
30% afsláttur
9.790KR.
UPPHAFLEGT VERÐ 13.999KR.
Skagfirskar skemmtisögur
Meira fjör! 2
32% afsláttur
1.999KR.
UPPHAFLEGT VERÐ 2.980KR.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

tonlist@frettabladid.is




**UM STUND með Valdimar er plata vikunnar ★★★★**
*„Valdimar klárar plötu númer tvö með stæl.“* - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Sálartónlistarplata ársins*

Bandaríski tónlistarmaðurinn Cody ChesnuTT vakti mikla athygli árið 2002 þegar hann sendi frá plötuna The Headphone Masterpiece. Þetta var tvöföld 36 laga plata, tekin upp á fjögurra rása segulbandstæki í heimahljóðverinu hans sem hann kallaði The Sonic Promiseland. Platan seldist ekki mikið en fékk frábæra dóma, enda ferskt og „lo-fi“ sambland af sálartónlist, blús, fönki, rokki og hipphoppi. Platan var meðal annars tilnefnd til Shortlist-verðlaunanna. Á meðal aðdáenda Codys voru meðlimir hipphoppstórsveitarinnar The Roots, en þeir félagar fengu hann með sér í hljóðver og gerðu nýja útgáfu af einu laganna á plötunni, The Seed, og settu á plötuna sína Phrenology.


**LÖNG MEÐGANGA** Eftir 10 ár er komin ný plata frá Cody ChesnuTT.

Eftir þessa velgengni fór frekar lítið fyrir Cody ChesnuTT. Hann tók upp nýja plötu árið 2006 og spilaði efni af henni á tónleikum, en hún er enn óútgefin. 2010 gaf hann út fimm laga EP-plötuna Black Skin No Value. Í októberlok kom svo loksins ný plata í fullri lengd, Landing On A Hundred.

Á Landing On A Hundred eru 12 lög eftir Cody. Í þetta skipti voru lögin ekki tekin upp í heimahljóðverinu, heldur fór Cody til Memphis í gamla hljóðverið hans Willies Mitchell og tók þau upp þar. Þetta er hljóðverið sem þekktustu plötur Al Green voru teknar upp í. Tónlistin á Landing On A Hundred er hreinræktaðri sálartónlist heldur en á fyrri plötunni. Þetta er frábær sálartónlistarplata. Laga- og textasmíðarnar eru flottar og Cody syngur af mikilli innlifun. Það er engu líkara en galdurinn sem einkennir bestu plötur Al Green hafi skilað sér inn í upptökurnar hjá Cody.

## Í SPILARANUM


Egill Ólafsson
**Vetur**


Ómar Guðjónsson
**Út í geim**


Donald Fagen
**Sunken Condons**

KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**Meðal efnis í blaðinu:** Jólaljósin, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasiðir og venjur.

**Bókið auglýsingar tímanlega:**

Atli Bergmann
atlib@365.is
512 5457

Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
512 5473

Benedikt Freyr Jónsson
benni@365.is
512 5411

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is
512 5432

Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is
512 5427

# Fimm fræknir í jólaskapi

**Jólaplötur eru órjúfanlegur hluti af jólahátíðinni. Meðal fimm erlendra flytjenda sem eru í sérstöku jólaskapi í ár eru Rod Stewart, Sufjan Stevens og Cee-Lo.**



### Sufjan Stevens - Silver & Gold: Songs for Christmas, Volumes 6-10

Þetta er safn af fimm EP-jólaplötum sem sérvitringurinn Stevens hefur tekið upp frá 2006 til 2012. Meðal laga í boxinu er hið epíska, þrettán mínútna Christmas Unicorn sem fjallar um hversu markaðsmennskan í kringum jólin hefur farið illa með okkur. Sex ár eru liðin síðan Stevens gaf út jólaplötuna Songs For Christmas.



### Rod Stewart - Merry Christmas, Baby

Gamli refurinn Rod Stewart er að senda frá sér sína fyrstu jólaplötu. Meðal gestasöngvara eru Mary J. Blige, Michael Buble og Cee-Lo Green. Eitt nýtt lag er á plötunni, Red-Suited Super Man, en hin eru sígild jólalög í nýjum búningi Stewart. Upptökustjóri er David Foster sem hefur áður tekið upp vinsælar jólaplötur með Josh Groban og Andrea Bocelli.



### Cee-Lo Green - Magic Moment

Þetta er fyrsta jólaplata rapparans Cee-Lo. Hann virðist hafa gert sérstakan jólasamning við Rod Stewart því söngvarinn kemur fram sem gestur á plötunni, rétt eins og Cee-Lo gerir á jólaplötu Stewart. Aðrir gestir eru Christina Aguilera, Prúðuleikararnir og fleiri. Engin ný lög eru á plötunni, heldur gömul og góð jólalög.



### Lady Antebellum - On This Winter´s Night

Þetta er fyrsta jólaplata Lady Antebellum í fullri lengd. Þessi kántrípoppsveit, sem sankaði að sér Grammy-verðlaunum í fyrra, gaf fyrir tveimur árum út EP-jólaplötuna A Merry Little Christmas. Lady Antebellum nýtur mikilla vinsælda í Bandaríkjunum og hefur náð tveimur breiðskífum í efsta sæti bandaríska listans.

### Olivia Newton-John og John Travolta - This Christmas

Olivia Newton-John hefur gefið út þrjár jólapötur á ferli sínum. Í þetta sinn er John Travolta henni við hlið en þau léku einmitt saman í söngvamyndinni Grease. Eitt lagið á This Christmas, I Think You Might Like It, mun einmitt vera framhald af You´re the One That I Want. Allur ágóði plötunnar rennur til góðgerðarmála og á meðal gesta eru Barbra Streisand og James Taylor.




## LAGALISTINN

Vikuna 8. - 14. nóvember 2012

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▶ 2 | Retro Stefson | *Glow* |
| ▶ 3 | Valdimar | *Sýn* |
| ▶ 4 | Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson | *Froðan* |
| ▲ 5 | Rihanna | *Diamonds* |
| ▲ 6 | Adele | *Skyfall* |
| ▲ 7 | Jónas Sigurðsson | *Hafið er svart* |
| ▼ 8 | Mumford & Sons | *I Will Wait* |
| ▲ 9 | Bruno Mars | *Locked Out Of Heaven* |
| ▲ 10 | Of Monsters And Men | *Mountain Sounds* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 8. - 14. nóvember 2012

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▲ 2 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |
| ▲ 3 | Valdimar | *Um stund* |
| ▲ 4 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▼ 5 | Skálmöld | *Börn Loka* |
| ▲ 6 | Jónas Sigurðsson | *Þar sem himin ber við haf* |
| ▲ 7 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▲ 8 | Bjarni Arason | *Elvis Gospel* |
| ✱ 9 | Friðrik Ómar | *Outside The Ring* |
| ▲ 10 | Úr kvikmynd | *Ávaxtakarfan* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Visir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is




## HEIMSINS MESTA ÚRVAL AF ÍSLENSKRI HÖNNUN

Opnum formlega kl. **16:00** í dag, opið til kl. **19:00**

**Allir hjartanlega velkomnir**

ALRUN
AS WE GROW
ATIKIN
BILITY
BIRNA
BOAS KRISTJANSON
CINTAMANI
DEAD
DEMO
EGF
EGGERT FELDSKERI
EMBRACING FAITH
FÆRIÐ
GLÓ
GO WITH JAN
GUST
HANNA FELTING
HELICOPTER
HENDRIKKA WAAGE
HILDUR YEOMAN
HLÍN REYKDAL
HRINGA
HUGINN MUNINN
ÍGLÓ
TRÉLEIKFÖNG JÓHÖNNU
LÍBER
LÚKA
MARTA JÓNSSON
MUNDI
NIKITA
POSTULÍNA
REY
REYKJAVÍK LETTER PRESS
SÁPUSMIÐJAN
SCINTILLA
SKAPARINN
SKYN ICELAND
SÓLEY
SONJA BENT
SPAKSMANNSSPJARIR
SPÍRAL
STAKA
STÁSS
STEINUNN
SUNBIRD
TULIPOP
UMEMI
UNA SKINCARE
VARMA
VÍK PRJÓNSDÓTTIR
VILLIMEY

**LAUGAVEGUR 91, 101 RVK | ATMO.IS**

bio@frettabladid.is



**LEIKUR Í POMPEII** Leikarinn Kit Harington, sem er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Jon Snow í Game of Thrones, fer með hlutverk í kvikmyndinni Pompeii. Myndinni er leikstýrt af Paul W.S. Anderson og er ástarsaga sem er tvinnuð saman við náttúruhamfarirnar sem áttu sér stað í Pompei árið 79 e.Kr. Tökur hefjast á næsta ári.




**BOÐIÐ Í BÍÓ** Í tilefni Evrópsku kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík er þjóðinni boðið í bíó. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þjóðinni boðið í bíó

Evrópsk kvikmyndahátíð hefst í Bíó Paradís annað kvöld. Hátíðinni er ætlað að gefa áhorfendum þverskurð af því besta sem Evrópa hefur upp á að bjóða í kvikmyndagerð.

Í tilefni hátíðarinnar er almenningi boðið í bíó annað kvöld. Hægt verður að velja um fjórar myndir; Alpana eftir Giorgos Lanthimos, Strák á hjóli eftir Dardenne-bræður, Hafið djúpa bláa eftir Terence Davies og Gaurana eftir Olivier Dahan. Húsið opnar klukkan 19 og hefjast sýningar klukkustund síðar. Einnig verður boðið upp á veitingar og gildir boðið á meðan húsrúm leyfir.

Hátíðin skiptist í fjóra hluta og á henni verða meðal annars sýndar myndir sem tilnefndar eru til Lux-verðlauna Evrópuþingsins, nýjar evrópskar myndir og myndir sem fjalla um kynbundið ofbeldi. Hátíðin stendur til 25. nóvember og er almennt miðaverð 500 krónur. Einnig er hægt að kaupa passa fyrir 2.000 krónur.

# Nær fram hefndum

Leikkonan Cameron Diaz mun að öllum líkindum fara með hlutverk í gamanmyndinni The Other Woman ásamt gamanleikkonunni Kristen Wiig. Myndin segir frá konu sem uppgötvar einn dag að hún er hluti af ástarþríhyrning. Hún ákveður að taka höndum saman með eiginkonu ástmannsins og ná fram hefndum. Enn er ekki ljóst hvort hlutverkið Diaz mun fara með.

Handritið er eftir Melissu Stack og er það sagt minna um margt á handrit kvikmyndarinnar The First Wives' Club frá árinu 1996. Sú mynd skartaði Bette Midler, Goldie Hawn og Diane Keaton í aðalhlutverkum.



**GAMANHLUTVERK** Cameron Diaz fer með hlutverk í gamanmyndinni The Other Woman. NORDICPHOTOS/GETTY


JEPPADEKK

fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga

ARCTIC TRUCKS

Dick CEPEK

Vönduð amerísk heilsársdekk
- stærðir 31- 44 tommur
- slitsterk
- neglanleg
- má míkróskera
- frábært veggrip

Gott verð!



Skjót og góð þjónusta!

Dekkjaverkstæði á staðnum. Bjóðum alla almenna dekkjaþjónustu.

Arctic Trucks | Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á hvíld, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra




**NÝTT LÍF** Bella Swan er orðin að vampíru og berst fyrir lífi sínu í kvikmyndinni The Twilight Saga: Breaking Dawn Part 2.

# LOKABARDAGINN HÁÐUR

**Twilight-myndaflokkunum lýkur með frumsýningu Breaking Dawn Part 2 annað kvöld. Myndin skartar Kristen Stewart og Robert Pattinson í aðalhlutverkum.**

Fimmta og síðasta kvikmyndin í Twilight-kvikmyndaröðinni verður heimsfrumsýnd hér á landi annað kvöld. Líkt og fyrri kvikmyndirnar í Twilight-röðinni fjallar Breaking Dawn Part 2 um líf og ástir stúlkunnar Bellu Swan og vampírunnar Edward Cullen. Parið er nú gift og á saman barn, dótturina Renesmee, auk þess sem Bella er orðin að vampíru. Þegar Irina, sem er meðlimur Denali-fjölskyldunnar, segir Renesmee vera dauðlegt barn sem breytt hafi verið í vampíru verður uppi fótur og fit innan vampírusamfélagsins. Í kjölfarið neyðast Bella og Edward til að verja líf sitt og Renesmee og fá vini sína til að berjast sér við hlið.

**12** ára gamla Mackenzie Foy setti blót-bann á meðleikara sína á meðan á tökum stóð. Hver sá sem blótaði fyrir framan stúlkuna þurfti að setja pening í krukku sem hún nefndi „blótsyrðakrukkuna". Upphæðin sem safnaðist var afhent St. Jude's barnaspítalanum.

**3ja** vikna gamalt kornabarn sést í kvikmyndinni. Kristen Stewart þótti betra að halda á raunverulegu kornabarni en brúðu við tökur. Henni þótti leikur sinn meira sannfærandi þegar hún hélt á lifandi barni.

**5** mánuðir fóru í tökur á báðum hlutum Breaking Dawn. Tökur stóðu frá nóvember 2010 og lauk að mestu þann 15. apríl 2011.

Með hlutverk Bellu og Edwards fara Kristen Stewart og Robert Pattinson og með hlutverk Renesmee fer hin unga Mackenzie Foy. Leikararnir Kellan Lutz, Ashley Greene, Peter Facinelli og Elizabeth Reaser bregða sér aftur í hlutverk Cullen-fjölskyldumeðlima og Taylor Lautner fer enn á ný með hlutverk varúlfsins Jacobs Black.

Leikstjóri myndarinnar er Bill Condon en sá hefur einnig leikstýrt kvikmyndunum Chicago, Kinsey og Dreamgirls sem skartaði söngkonunum Beyoncé Knowles og Jennifer Hudson í aðalhlutverkum.

Myndin verður frumsýnd sama dag á Íslandi og Bandaríkjunum og því liggja ekki fyrir dómar um myndina. Næsta víst er að aðdáendur Twilight-kvikmyndanna munu flykkjast á Breaking Dawn Part 2 óháð gagnrýnisröddum enda hefur myndarinnar verið beðið með mikilli eftirvæntingu.

Fyrri hluti Breaking Dawn fékk heldur slaka dóma og hlaut aðeins 25 prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes.com.

# Hver er Renesmee Cullen?

Mackenzie Foy er nafn sem reikna má með að verði á margra vörum eftir helgina. Stúlkan hélt upp á tólf ára afmælið sitt á laugardaginn og tveimur dögum síðar var hún mætt á rauða dregilinn á frumsýningu sinnar fyrstu bíómyndar, The Twilight Saga: Breaking Dawn Part 2. Mackenzie fer þar með hlutverk fallegasta barns sem fæðst hefur inn í þennan heim, dóttur Edwards og Bellu, Renesmee Cullen.

Foy hefur nú þegar öðlast aðdáendahópa um allan heim og þykir líkjast þeim Robert Pattinson og Kristen Stewart, sem fara með hlutverk Edwards og Bellu eins og þekkt er, svo mjög að hún gæti auðveldlega verið dóttir þeirra.

Mackenzie Christine Foy byrjaði að vinna sem fyrirsæta þegar hún var fjögurra ára gömul og sat meðal annars fyrir hjá Ralph Lauren, Guess, The Walt Disney Company og Gap. Þaðan lá leiðin í sjónvarpsauglýsingar þar sem hún auglýsti meðal annars Burger King. Hún hefur komið fram í nokkrum sjónvarpsþáttum á undanförnum árum, þeir helstu eru Til Death og Hawaii Five-O. Eftir að hafa landað hlutverki Renesmee Cullen hafa vinsældir hennar þó aukist til muna og hefur hún nú lokið upptökum á tveimur bíómyndum sem eru væntanlegar á næsta ári.

- trs



**GÆTU VERIÐ FJÖLSKYLDA** Mackenzie þykir líkjast þeim Robert Pattinson og Kristen Stewart það mikið að hún gæti í raun verið dóttir þeirra. NORDICPHOTOS/GETTY

20.000 HAFA NÚ NÁÐ SÉR Í DOMINO'S APPIÐ

# 50%
# AFSLÁTTUR

Í tilefni þess ætlum við að gefa **50% afslátt** af öllum pizzum af matseðli sem fara í gegnum appið. Gildir aðeins í dag! Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með Domino's appinu. Með appinu geturðu skoðað matseðilinn, pantað og fylgst með pöntuninni auk þess að fá fréttir af tilboðum.

## NÁÐU Í APPIÐ OG PRÓFAÐU AÐ PANTA!




Gildir fyrir sóttar pantanir í dag, fimmtudaginn 15. nóvember 2012. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Available on the App Store

Google play

FÍTON / SÍA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL Í BÓNUS NÝTT KORTATÍMABIL Í BÓNUS

**398 KR.**
BÓNUS PIPARKÖKUR
400 GR

**795 KR. KASSINN**
JÓLAKLEMENTÍNURNAR KOMNAR **ROBIN KLEMENTÍNUR 2,3 KG.**

FORKRYDDAÐ TILBÚIÐ Í OFNINN
**1398 KR. KG**
KF ÍSLENSKT HEIÐALAMB JURTAKRYDDAÐ

NÝ REYKT
**1598 KR. KG**
KF KOFAREYKT LAMBALÆRI MEÐ BEINI

REYKT OG SALTAÐ
**FOLALDAKJÖT MEÐ BEINI**
**598 KR. KG** SALTAÐ FOLALDAKJÖT
**598 KR. KG** REYKT FOLALDAKJÖT

EUROSHOPPER FROSNAR
**KJÚKLINGABRINGUR**
BESTU KAUPIN Í KJÚKLINGABRINGUM Í BÓNUS
**1498 KR. 900 GR**

BLANDAÐ HAKK
**NAUT-LAMB-GRÍS**
**998 KR.KG**

SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS
**1259 KR KG.**

**1398 KR. KG**
SS SALTAÐIR LAMBALEGGIR

**1279 KR. KG**
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR

DÖNSK KJÚKLINGALÆRI
FROSIN OG ÚRBEINUÐ
700 GRÖMM
**1398 KR.**

**198 KR.**
AMERÍSKAR PASTASÓSUR 680 GR

**98 KR. 500 ML**
EGILS APPELSÍN - PEPSI - PEPSI MAX

**149 KR.**
KOLSÝRT VATN 2 LTR.

ALI GRÍSASKANKAR
SALTAÐIR
**398 KR.KG**
REYKTIR
**598 KR.KG**

VETURINN ER KOMINN
ERTU VIÐBÚINN ?
5 LTR. RÚÐUVÖKVI ÞOLIR 9 GRÁÐU FROST
**498 KR.**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Tökum höndum saman

**Bónus** og **Kaupfélag skagfirðinga** hafa ákveðið að leggja þeim bændum lið sem urðu hvað verst úti í hamförunum fyrr í haust.

Nú um helgina munu **200 kr.** af hverju seldu kílói af frosnu lambakjöti frá Kaupfélagi skagfirðinga í verslunum Bónus renna óskipt til styrktar þessum bændum.



K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT I.FL.
**798 KR.KG.**



K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR
**1879 KR.KG.**



K.S FROSINN LAMBABÓGUR
**898 KR.KG.**



K.S FROSIN LAMBAHJÖRTU
**298 KR.KG.**



K.S FROSIN LAMBASVIÐ
**229 KR.KG.**



K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
**1359 KR.KG.**



K.S FROSIÐ LAMBAFILLET
**3798 KR.KG.**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**22** **MÍNÚTUM** styttri verður ævi þín ef þú eyðir klukkutíma í að horfa á sjónvarpið. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem gerð var í Háskólanum í Queensland. Auk þess eykur of mikið sjónvarpsgláp líkurnar á Alzheimer.

## Komdu í veg fyrir síþreytu



**HEILSA** **1. Hugsaðu um mataræðið:** Of mikið koffín og sykur getur leitt til meiri þreytu. Borðaðu reglulega ávexti, grænmeti og prótín til að halda þér hressum út daginn.
**2. Nægur svefn:** Slepptu áfengi og koffíni í lok dags til að koma í veg fyrir andvökunætur. Ekki horfa sjónvarp uppi í rúmi og búðu til ákveðna ró í svefnherberginu.
**3. Líkamsrækt:** Regluleg líkamsrækt skiptir miklu máli og gerir mann ekki of þreyttan. Þvert á móti auka reglulegar æfingar bæði úthald og orku yfir daginn. Mælt er með um 40 mínútna hreyfingu fjórum sinnum í viku.






**TVÍHNEPPT** Tvíhnepptir jakkar líkt og þessi frá Salvatore Ferragamo verða vinsælir í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

**HLÝLEGT** Hlý og þægileg úlpa frá Burberry Prorsum. Dökkblái liturinn verður áberandi í vetur.

**KLASSÍSKT** Blazerjakkinn í ólíkum stærðum og gerðum verður áfram vinsæll. Isabel Marant hannaði þennan.

## Hlýtt og herralegt

**TÍSKA Tvíhneppt, dökkblátt og vítt. Tískan í yfirhöfnum er herraleg og þægileg í vetur. Yfirhafnir eru háðar tískustraumum líkt og margt annað. Í vetur verða hlýjar úlpur og víðar kápur áberandi. Litaflóran er mikil og skemmtileg; dökkblár, vínrauður, brúnn og ljósari pastellitir.**

## *Kelerí er hluti af kynlífi*

**?** Ég er sautján ára gutti og á við smá vandamál að stríða (að mér finnst). Eins og flestir á þessum aldri er ég byrjaður að sofa hjá en vandamálið er að ég fæ það svo alltof, alltof fljótt! Það er bara í svona þrjár mínútur og mér finnst það bara allt of stutt! Ég var þess vegna að velta því fyrir mér hvort þú gætir gefið mér einhver góð ráð?



**KELERÍ HLUTI AF KYNLÍFI** Kelerí getur verið jafn fullnægjandi fyrir báða aðila og beinar samfarir. NORDICPHOTOS/GETTY

**SVAR:** Mér þykir það óendanlega áhugavert hversu mikið karlmenn eiga það til að spá í endingu. Ég fæ þessa spurningu gjarnan frá jafnöldrum þínum svo ekki hafa miklar áhyggjur, þú ert ekki aleinn í heiminum, það eru margir að pæla í þessu. Ætli það megi ekki skrifast á kynfræðsluna (eins og svo margt annað) enda ómögulegt að sjá út frá bíómyndum hversu lengi samfarir standa og fáir sem tala af hreinskilni um endingu. Bara eitt áður en við höldum lengra; í kynlífi þýðir lengri ending ekki endilega betri gæði. Annað sem gleymist stundum er hvar kynlífið byrjar og hvar það endar. Kynlíf er meira en bara inn-út og þá má alveg vera heillengi í sleik og að putta, runka, sleikja og sjúga. Oftar en ekki er mikil áhersla lögð á þetta inn-út og það látið skilgreina gæði kynlífsins þegar það er minnsti hlutinn af því. Forleikur er kjörinn tími til að fá sína fyrstu fullnægingu. Svo má hvíla sig aðeins og byrja aftur eða jafnvel láta keleríið nægja, það getur verið jafn fullnægjandi fyrir báða aðila. Fæstar konur fá fullnægingu í beinum samförum án beinnar örvunar snípsins svo ef þú ert að stunda kynlíf með konu þá er gott að gefa henni nægt kelerí fyrir samfarir og í samförum.

Spurningin um að endast lengur er spurning um æfingu og að fara sér hægt. Ef þú finnur að þú ert að fara að fá fullnægingu, hægðu þá á þér, jafnvel taktu hann út og farðu að kela við bólfélagann. Endingin byggist svo smám saman upp en það er gott að hafa í huga að samfarir endast sjaldnast lengur en 10 mínútur, hafðu það endilega á bak við eyrað á meðan. Passaðu að sinna bólfélaganum í forleiknum og á meðan samförum stendur og ekki gleyma að tala saman. Finnið út hvað hentar ykkur og ef báðir aðilar óska eftir lengri endingu í samförum þá getið þið þjálfað það í sameiningu.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



**Shiatsu nuddsessa** 26%
með infrarauðum hita og fjarstýringu
Verð áður 22.980
Tilboðsverð 16.980
Þú sparar 6.000
# 58120215

**POPPVÉL** 25%
LOFTVÉL • ENGIN TRANSFITA
Verð áður 4.999
Tilboðsverð 3.749
# 65002658

**GEORGE FOREMAN**
HEILSUGRILLIN
Loksins komin aftur

**HEILSUGRILL** 20%
Verð áður 16.999
Tilboðsverð 13.599
Þú sparar 3.400
# 65085056

**HEILSUGRILL** fjölskyldustærð 20%
Verð áður 22.999
Tilboðsverð 18.399
Þú sparar 4.600
# 65087056

**2 STK TRISTAR** 20%
SALT & PIPARKVÖRN
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 4.790
Þú sparar 1.200
# 65004005

# NÝ
• VEFVERSLUN •
BYGGTOGBUID.IS
KAUPAUKI FYLGIR HVERJUM KAUPUM

iRobot®

**IROBOT 555**
Verð áður 84.900
Tilboðsverð 78.533
Þú sparar 6.367
# 65742555

**IROBOT 770**
Verð áður 96.900
Tilboðsverð 89.633
Þú sparar 7.267
# 65777004

**BABYLISS** 50%
SLÉTTU- OG KRULLUJÁRN
Mini-Sléttujárn á 5.990 kr. í kaupauka
Verð áður 15.999
Tilboðsverð 7.999
Þú sparar 8.000
# 67024717

Nýtt kortatímabil

# Öll heimilistæki á allt að 64% afslætti

... LÝKUR Á SUNNUDAG

## byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

**Bosch** 20%
MATVINNSLUVÉL 450W
Verð áður 14.999
Tilboðsverð 11.999
Þú sparar 3.000
# 66002054

**GARMIN** 20%
LEIÐSÖGUTÆKI
Lífstíðar-uppfærsla á V-Evrópukorti
Verð áður 42.900
Tilboðsverð 34.320
Þú sparar 8.580
# 54080025

**Saeco** Intelia kaffikerfi
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð áður 99.990
Tilboðsverð 79.990
Þú sparar 20.000
# 65008751

**TRISTAR VÖFFLUJÁRN** 40%
BELGÍSKAR VÖFFLUR
Verð áður 9.999
Tilboðsverð 5.999
Þú sparar 4.000
# 65002141

KAUPAUKI 8.541

**FRANCIS FRANCIS X7**
ESPRESSOVÉL
Verð áður 36.900
Tilboðsverð 29.900
Þú sparar 7.000
# 45341160

**KITCHENAID blandari**
ÞÚ SPARAR 5.000
Verð áður 39.990
Tilboðsverð 34.990
Þú sparar 5.000
# 69002001

**KitchenAid tilboð** 23%
+ áhaldasett & matreiðslubók

| HVÍT | | LITUÐ | |
|---|---|---|---|
| Verð áður | 102.870 | Verð áður | 105.870 |
| Tilboðsverð | 78.840 | Tilboðsverð | 81.690 |
| Þú sparar | 24.030 | Þú sparar | 24.180 |
| # 69001001 | | # 69001003 | |

**ÓDÝRI HEIMILISTÆKJA MARKAÐURINN**
ALLT Á 2.990

HRAÐSUÐUKANNA 40%
2JA BOLLA KAFFIVÉL 40%
ELDHÚSVOG 40%
BRAUÐRIST 25%
HANDÞEYTARI 25%

**Seríutilboð** 50%
kauptu tvær og fáðu þá ódýrari á 50%

**TRISTAR RYKSUGA** 2400W 20%
Verð áður 14.990
Tilboðsverð 11.990
Þú sparar 3.000
# 65001909

**DOMO TAPPATOGARI** 20%
RAFMAGNS
Verð áður 4.999
Tilboðsverð 3.999
Þú sparar 1.000
# 66000302

**TRISTAR BAÐVOG** 50%
ÞUNN • RAFHLÖÐUR FYLGJA
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 2.995
Þú sparar 2.995
# 43902419

**TRISTAR BLANDARI** 500W 20%
Verð áður 9.990
Tilboðsverð 7.990
Þú sparar 2.000
# 65004430

**Tristar** 30%
STÁL TÖFRASPROTI
Verð áður 6.999
Tilboðsverð 4.999
Þú sparar 2.000
# 65004146

**Cuisinart** 64%
jógúrt & ostavél
Verð áður 13.999
Tilboðsverð 4.999
Þú sparar 9.000
# 65004146



**21 ÁRS ER LEIKKONAN** unga og efnilega Shailene Woodley. Leikkonan vakti athygli fyrir frammistöðu sína í myndinni The Descendants þar sem hún lék á móti George Clooney.

# Maður hefur ekki allan tímann í heiminum

**Hreimur Örn Heimisson gaf út sína fyrstu sólóplötu, Eftir langa bið, í síðustu viku. Platan hefur verið í vinnslu í átta ár.**

„Ég er afskaplega stoltur af þessari plötu og trúi því að fólk eigi eftir að fíla hana ágætlega. Hún er upprunaleg og einlæg og að minnstu leyti tekin upp í hljóðveri, sem ég vona að skili sér til hlustenda,“ segir söngvarinn Hreimur Örn Heimisson.

Hreimur sló í gegn í lok síðustu aldar með sunnlensku hljómsveitinni Landi og sonum. Með sveitinni gaf hann út fimm plötur en þetta er hans fyrsta sólóplata. Hún ber heitið Eftir langa bið og dregur nafn sitt af því hvað hún hefur verið lengi í vinnslu.

„Flest lögin eru samin á árunum 2000 til 2006 og platan sjálf hefur verið á teikniborðinu frá 2004,“ segir Hreimur. Tvö laganna á plötunni eru samin sama dag og lagið Lífið er yndislegt, en það lag er tvímælalaust vinsælasta lag Hreims til þessa og eitt vinsælasta lagið á Íslandi síðustu ellefu árin. „Ég var í svaka gír heima hjá ömmu minni þann dag. Þar var ég að fletta gömlum bókum og fann ljóð eftir afa minn frá 1970 sem greip mig algjörlega. Ég samdi lag við það og úr varð lagið Góða nótt. Bak við það fann ég svo ljóðið Gamlárskveðja sem Hannes Hafstein samdi um 1890 og ákvað að semja lag við það líka,“ rifjar Hreimur upp.

Öll lögin á plötunni eru samin af honum sjálfum og spurður hvort mikill Lands-og-sona-fílingur sé á henni hlær hann við. „Ég samdi flest lögin sem Land og synir gáfu út, svo melódíurnar eru kannski ekki ókunnuglegar. Mér finnst nálgunin og áferðin samt alls ekki vera Lands-og-sona-leg,“ segir hann.

Gestasöngvarar á plötunni eru Færeyingurinn Jógvan Hansen og ung stúlka að nafni Hildur Vala Baldursdóttir. „Ekki sú sama og vann Idol heldur Hildur Vala júníor,“ segir Hreimur og hlær.

Það var í kjölfar þátttöku Hreims í Eurovision 2011 með Vinum Sjonna að hann ákvað að láta loks af plötunni verða.

„Það koma svona áminningar af og til um að maður hefur ekki allan tíma í heiminum. Ég ákvað þá að þessi plata skyldi koma út árið 2012 svo ég rétt næ að standa við það,“ segir Hreimur sem fylgir plötunni eftir með útgáfutónleikum í Austurbæ 22. nóvember.

tinnaros@frettabladid.is



**LÍFIÐ ER YNDISLEGT** Hreimur samdi tvö af lögunum á nýju plötunni sama dag og hann samdi lagið Lífið er yndislegt, sem er tvímælalaust vinsælasta lag hljómsveitarinnar Lands og sona.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## AFTUR Í EUROVISION 2014

Hreimur Örn keppti í Eurovision fyrir Íslands hönd árið 2011 þegar Vinir Sjonna fóru til Þýskalands með lagið Aftur heim, eða Coming Home. Auk þess hefur hann tekið þátt í undankeppninni hérna heima nokkrum sinnum. Færeyingurinn Jógvan Hansen er keppninni ekki ókunnur heldur og tók þátt í undankeppninni árin 2010 og 2011. Þeir hafa nú ákveðið að sameina krafta sína og hyggjast senda inn tvö lög fyrir keppnina 2014. „Við ákváðum að láta Svíþjóð eiga sig en ætlum upp í sumarbústað eftir áramót og leggja drög að tveimur lögum til að senda til keppni 2014. Við erum búnir að handsala þetta og allt saman. Það er samt nokkuð ljóst að við gerum ekki neitt án þess að hafa Vigni Snæ með okkur,“ segir Hreimur og hlær. „Eurovision er yndislegt fyrir íslenskt samfélag. Sama hvort þú elskar eða hatar keppnina gefur hún öllum tækifæri til að hittast í góðu partíi tvisvar sinnum á ári,“ bætir hann við.



# Í dálæti hjá Tiesto og David Guetta

Plötusnúðurinn Tim Mason er væntanlegur hingað á Frón um helgina og skemmtir landanum á Þýska barnum á laugardaginn. Uppgangur hans í plötusnúðaheiminum hefur verið hraður og er Tim Mason einn hinn vinsælasti sinnar stéttar í dag.

Steve Angello úr Swedish House Mafia uppgötvaði Mason og gaf hann út sitt fyrsta lag, The Moment, snemma árs 2011. Það sló í gegn um allan heim og boltinn byrjaði að rúlla.

Fleiri lög hans hafa notið mikilla vinsælda, meðal annarra endurhljóðblandanir á lögum á borð við Where Dem Girls At með David Guetta, Pass At Me með Timbaland og Otherside með Red Hot Chili Peppers. margir af helstu plötusnúðum heimsins í dag hafa lofað Mason í hástert, þar á meðal stórstjörnurnar Tiesto og David Guetta.

Það er umboðsskrifstofan Agent.is sem flytur Tim Mason til landsins, sú sama og flutti nýlega inn Hopsin og Adrian Lux. - trs



**SPILAR Á ÞÝSKA BARNUM** Uppgangur plötusnúðsins Tims Mason hefur verið hraður.

# Segir RIFF hafa öðlast nýtt líf

Danski blaðamaðurinn og kvikmyndasérfræðingurinn Bo Green Jensen segir hrokafulla bjartsýni hafa einkennt fyrstu RIFF-hátíðina sem fram fór árið 2004. Í grein í Weekendavisen segir hann hins vegar að hátíðin hafi öðlast nýtt líf í kjölfar kreppunnar og sé í raun tákn þess hversu Ísland hefur rétt úr kútnum eftir hrun.

Jenson var í hópi blaðamanna sem sóttu fyrstu RIFF-hátíðina árið 2004. Hann rekur breytingar til batnaðar eftir reynslu sína af hátíðinni í ár og segir meðal annars að hátíðin hafi nú skarpari fókus og einbeiti sér að fyrstu og öðrum myndum leikstjóra. Kreppan hafi verið eins konar lán í óláni því þjóðin hafi horfið aftur til fyrri gilda í kjölfar hennar.

Jensen fjallar að auki um nýjustu kvikmynd Baltasars Kormáks, Djúpið, og segir Ólaf Darra Ólafsson hafa sýnt stórleik í myndinni.



**STÓRLEIKUR** Bo Green Jensen hrósar Ólafi Darra fyrir hlutverk sitt í Djúpinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá segir Jensen að þær kvikmyndir sem hafi heillað hann hvað mest í ár hafi verið verið Starlet, Reformation og rúmenska kvikmyndin Everybody in Our Family. Þeirri síðastnefndu lýsir Jenson sem dramatískri kvikmynd þar sem gálgahúmor sé allsráðandi.




HUGARFAR ER LYKILLINN
Stilltu hugann áður en þú leggur af stað.
Í fyrirlestrinum mun Matti Ósvald, Heilsufræðingur og Markþjálfi skoða eftirfarandi atriði:
- Árangur þinn hefst í huganum.
- Áhrifamestu hugsunarmistökin og leiðrétting á þeim.
- „Frammistöðu mantran“ sem virkar.
- Aðdráttaraflið í sterkri framtíðarsýn.

Fyrirlesturinn fer fram í LIFANDI markaði, Borgartúni 24, fimmtudagur 15. nóvember, kl. 18:00-20:00. Skráning mattio@vortex.is

# Þórir til Þýskalands

Tónlistarmaðurinn Þórir Georg sendir frá sér plötuna I Will Die & You Will Die & It Will be Alright á morgun, föstudag, á vegum Kimi Records.

Í dag heldur Þórir hins vegar í tveggja vikna tónleikaferð um Þýskaland, en platan kemur út samtímis þar í landi hjá þýska útgáfufélaginu Stargazer Records.

I Will Die & You Will Die & It Will be Alright er persónuleg plata þar sem Þórir kemur einn að verkinu. Hann tekur upp og hljóðblandar, hljómjafnar og sér um hönnun á umslagi. Lögin flakka milli þess að vera þung og drungaleg rokktónlist yfir í glettna og persónulega tónlist þar sem rödd og gítarleikur Þóris fá að njóta sín.



**NÝ PLATA** Þórir Georg gefur á morgun út plötuna I Will Die & You Will Die & It Will be Alright.


Dömudagar
25% afsláttur
af öllu í dömudeild
Frá fimmtudegi
til sunnudags!
ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL
Opið:
Fim: 10-21 | Lau: 10-18
Fös: 10-19 | Sun: 13-18
next
KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200
Fylgstu með okkur á Facebook
Ráðandi - auglýsingastofa ehf

# FÍNASTA TÆKNÓPOPP

Tónlist ★★★★☆

**Friðrik Dór**
Vélrænn

**Sena**


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vélrænn er önnur plata Friðriks Dórs Jónssonar, en sú fyrri Allt sem þú átt kom út fyrir tveimur árum. Hún sýndi að Friðrik er ágætur söngvari og efnilegur laga- og textahöfundur.

Nýja platan hefst á frábæru lagi, Guðdómleg, sem Friðrik syngur með Janusi Rasmussen, söngvara Bloodgroup. Þetta er frekar hæggengt en grúví lag með flottum tæknóhljómi. Besta lag plötunnar. Næstu lög gefa því samt lítið eftir. Tónlistin á Vélrænn er, eins og nafnið bendir til, tæknópopp. Platan skiptist í raun í tvo hluta. Fyrstu sjö lögin vann Friðrik Dór með dúóinu Kiasmos, en það er skipað fyrrnefndum Janusi og Ólafi Arnalds. Seinni hluti plötunnar (lög 8-13) er hins vegar gerður með þremenningunum í Stop Wait Go.

Það er margt fínt á seinni hlutanum (t.d. Maður ársins og Al Thani), en mér finnst lögin sem eru gerð með Kiasmos samt enn þá betri. Hljómurinn í þeim er ferskari. Það er greinilegt að Janus og Ólafur ná vel saman sem rafpoppdúó og það verður gaman að sjá hvað fleira kemur út úr því samstarfi.

Á heildina litið er Vélrænn virkilega fín tæknópoppplata, töluvert betri en Allt sem þú átt.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Friðrik Dór fylgir Allt sem þú átt eftir með flottri plötu.





midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SKYFALL | 7, 9, 10(P) | 12 |
| WRECK-IT RALPH 3D | 6 | L |
| PITCH PERFECT | 8, 10.15 | 12 |
| TEDDI 2D | 6 | L |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ARGO | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| ARGO VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| WRECK IT RALPH ÍSL TAL Í 3D | KL. 5:50 | L |
| WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |
| WRECK IT RALPH ENSKT TAL | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| END OF WATCH | KL. 8 - 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ARGO | KL. 8 | 14 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL Í 3D | KL. 6 | L |
| WRECK-IT RALPH ENSK ENSKT TAL | KL. 10:20 | L |
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| ARGO | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| CLOUD ATLAS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL Í 3D | KL. 5:30 | L |
| WRECK-IT RALPH ENSKT TAL | KL. 8 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:40 | L |
| END OF WATCH | KL. 5:40 | 16 |
| HOUSE AT THE | KL. 10:20 | 14 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT BREAKING DAWN 2 | KL. 12:01 | 14 |
| WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |
| SKYFALL | KL. 6 - 7 - 8 - 9 - 10 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| ARGO | KL. 8 | 14 |
| SKYFALL | KL. 10:30 | 12 |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| CLOUD ATLAS | KL. 4.30 - 8 | 16 |
| PITCH PERFECT | KL. 5.30 - 8 - 11 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 3.40 - 5.50 | 7 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| TEDDI LANDKÖNNUÐUR | KL. 3.30 | L |
| DJÚPIÐ | KL. 11 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| SKYFALL | KL. 9 - 10.10 | 12 |
| TAKEN 2 | KL. 10.30 | 16 |
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 8 | L |
| DJÚPIÐ | KL. 6 - 8 | 10 |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| CLOUD ATLAS | KL. 8 | 16 |
| PITCH PERFECT | KL. 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5.20 - 10.10 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA | KL. 6 | 7 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




**FIMMTUDAGUR:** SHADOW DANCER 18:00, 20:00, 22:00 ■ BÍÓDOX: WONDER WOMEN (L) 18:00 ■ BÍÓDOX: WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 20:00 ■ BÍÓDOX: JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 22:00 ■ BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 4. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 22:15 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# MIÐNÆTUROPNUN
## SMÁRALINDAR

af því tilefni verður **2 fyrir 1 tilboð** í Smárabíó kl 23.00




**SKYFALL**




**SNABBA CASH 2** FORSÝNING




**PITCH PERFECT**

**Facebook**leikur
**Smáralindar**

Taktu þátt
og þú gætir
unnið bíómiða á Skyfall
í Lúxussal Smárabíós
kl. 23 í kvöld



Smáralind

SMÁRA BÍÓ - fullkomin gæði

# sport

sport@frettabladid.is



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** er ekki tilbúinn að gefa það út að hann sé hættur að spila handbolta þótt að hann sé orðinn 39 ára gamall og gefi ekki lengur kost á sér í íslenska A-landsliðið. Ólafur sagði í gær við Fréttablaðið að hann haldi því opnu að spila handbolta eftir áramót og hefur því haldið sér í formi frá því að hann spilaði sinn síðasta leik á móti Ungverjum á Ólympíuleikunum í London.

## ÚRSLIT Í GÆR

### Domino's-deild karla

**Þór Þorl. - KR 102-88 (53-46)**

**Þór Þ.:** Robert Diggs 20/8 fráköst, Guðmundur Jónsson 19, Benjamin Curtis Smith 14/6 fráköst/6 stoðsendingar, Grétar Ingi Erlendsson 13/5 fráköst, Baldur Þór Ragnarsson 13/6 stoðsendingar, Darri Hilmarsson 9/6 fráköst, Darrell Flake 8/4 fráköst/5 stoðsendingar, Emil Karel Einarsson 5, Vilhjálmur Atli Björnsson 1.

**KR:** Helgi Már Magnússon 20/8 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 17/4 fráköst/6 stoðsendingar, Martin Hermannsson 16, Finnur Atli Magnusson 12/6 fráköst, Danero Thomas 8/4 fráköst, Kristófer Acox 6/7 fráköst, Ágúst Angantýsson 4/4 fráköst, Keagan Bell 2, Jón Orri Kristjánsson 2, Darri Freyr Atlason 1.

### Domino's-deild kvenna

**Grindavík-Keflavík 65-71 (33-32)**

Grindavík: Crystal Smith 20, Berglind Anna Magnúsdóttir 14, Jóhanna Rún Styrmisdóttir 10, Helga Rut Hallgrímsdóttir 8/12 fráköst/5 stoðs., Petrúnella Skúladóttir 7/7 fráköst/5 stoðs., Harpa Rakel Hallgrímsdóttir 6/9 fráköst.

Keflavík: Jessica Ann Jenkins 16, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 14, Pálína Gunnlaugsdóttir 14, Bryndís Guðmundsdóttir 13, Sara Rún Hinriksdóttir 8/13 fráköst, Ingunn Embla Kristínardóttir 4, Sandra Lind Þrastardóttir 2.

**Haukar-Njarðvík 72-63 (32-21)**

**Haukar:** Siarre Evans 21/19 fráköst, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 20, Gunnhildur Gunnarsdóttir 17/11 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 5, Ína Salome Sturludóttir 3/4 fráköst, Lovísa Björt Henningsdóttir 2, Auður Íris Ólafsdóttir 2, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 2.

**Njarðvík:** Lele Hardy 21/14 fráköst/5 stolnir/4 varin skot, Salbjörg Sævarsdóttir 15/15 fráköst/5 varin skot, Svava Ósk Stefánsdóttir 9/8 fráköst, Aníta Carter Kristmundsdóttir 9, Emelía Ósk Grétarsdóttir 3, Eyrún Líf Sigurðardóttir 2, Sara Dögg Margeirsdóttir 2, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 2.

**Fjölnir-Snæfell 47-82 (25-47)**

**Fjölnir:** Britney Jones 18/7 fráköst/7 stoðs., Fanney Lind Guðmundsdóttir 12/6 fráköst, Bergdís Ragnarsdóttir 9/6 fráköst, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 6, Heiðrún Ríkharðsdóttir 2.

**Snæfell:** Hildur Sigurðardóttir 19/7 fráköst/6 stoðsendingar, Kieraah Marlow 18/14 fráköst, Hildur Björg Kjartansdóttir 17, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 13/10 fráköst, Rósa Indriðadóttir 7, Alda Leif Jónsdóttir 5/7 stoðs./5 stolnir, Ellen Alfa Högnadóttir 3.

**KR-Valur 65-64 (34-34)**

**KR:** Patechia Hartman 22, Helga Einarsdóttir 12, Hafrún Hálfdánardóttir 10, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 8, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 5, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 5, Björg Guðrún Einarsdóttir 3.

**Valur:** Kristrún Sigurjónsdóttir 25, Alberta Auguste 12/8 fráköst/8 stolnir, María Björnsdóttir 8, Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Ragnheiður Benónísdóttir 5, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 4, Hallveig Jónsdóttir 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **9** | **9** | **0** | **702-552** | **18** |
| Snæfell | 9 | 7 | 2 | 687-545 | 14 |
| **KR** | **9** | **6** | **3** | **603-586** | **12** |
| Valur | 9 | 5 | 4 | 592-574 | 10 |
| **Haukar** | **9** | **3** | **6** | **591-651** | **6** |
| Njarðvík | 9 | 3 | 6 | 602-669 | 6 |
| **Grindavík** | **9** | **2** | **7** | **576-663** | **4** |
| Fjölnir | 9 | 1 | 8 | 599-712 | 2 |

# Draumabyrjun hjá Rúnari

**Íslenska karlalandsliðið endaði landsleikjaárið á 2-0 sigri á Andorra í vináttulandsleik í gær. Rúnar Már Sigurjónsson skoraði í sínum fyrsta landsleik og Jóhann Berg Guðmundsson opnaði markareikning sinn hjá A-landsliðinu.**

**FÓTBOLTI** Rúnar Már Sigurjónsson minnti vel á sig í gærkvöldi þegar hann skoraði annað marka Íslands í 2-0 sigri á Andorra en hann var þá í byrjunarliðinu í sínum fyrsta landsleik.

„Þetta var svo sem fínt og ekkert verra að byrja svona," sagði Rúnar Már hógvær eftir leikinn. „Þetta var erfiður leikur og á mjög erfiðum velli. Við erum því ágætlega sáttir með 2-0 sigur," sagði Rúnar Már og landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck tók undir þetta. „Það var mikilvægt að við unnum leikinn og þetta var ágætis leikur. Við spiluðum ekki illa og stjórnuðum leiknum vel. Þeir fengu engin alvöru marktækifæri þannig að þetta var allt í lagi leikur," sagði Lagerbäck eftir sigurinn í Andorra í gær.

Jóhann Berg Guðmundsson skoraði fyrra markið á 10. mínútu eftir að hafa fengið stungusendingu frá Hirti Loga Valgarðssyni en Rúnar Már skoraði síðan seinna markið á 58. mínútu. Hann var kallaður inn í landsliðshópinn fyrir síðasta leik á móti Sviss en fór nú beint inn í byrjunarliðið. „Það er stórt stökk að komast í byrjunarliðið í A-landsliðið en þetta var ekkert sjokk fyrir mig. Ég var alveg tilbúinn í þetta og tel að ég hafi sýnt það. Ég er sáttur með þetta," sagði Rúnar og Lars var ánægður.

„Það var sérstaklega skemmtilegt fyrir Rúnar að skora í sínum fyrsta leik. Hann spilaði vel þannig að þetta var góð frumraun hjá honum," sagði Lagerbäck.

„Þetta var ágætt ár. Ég hefði viljað fá fleiri stig út úr leikjunum í undankeppninni en heilt yfir þá var þetta fínt ár. Við töpuðum á móti sterkum þjóðum í vináttulandsleikjunum í byrjun ársins en stóðum okkur vel í flestum leikjum. Í kvöld vantaði marga leikmenn en það komu menn sterkir inn í staðinn og þeir skiluðu traustri frammistöðu," sagði Lars.

Rúnar Már hefði getað skorað annað mark og jafnað þar með afrek Anthonys Karls Gregory frá 1990.

„Það skemmir ekki fyrir að hafa náð að skora en ég er ósáttur með að hafa ekki skorað jafnvel eitt í viðbót en maður má ekki vera of frekur," sagði Rúnar Már í léttum tón en hvernig var markið.

„Þetta var ágætis mark. Ég fékk boltann rétt fyrir framan miðju og ég held að ég hafi farið fram hjá tveimur varnarmönnum áður en ég setti hann með vinstri í hornið fjær," sagði Rúnar um markið.

„Þú verður að nýta tækifærin hvort sem það er í fótboltanum eða í lífinu. Ég ætlaði að nýta tækifærið og reyna að sýna það að ég ætti heima í liðinu og að ég geti spilað á þessu getustigi. Það er mjög gott að fá svona leik," sagði Rúnar Már sem er að reyna að komast í atvinnumennsku og markið í gær ætti að vekja athygli á honum. „Þetta var mjög ljúft og vonandi hjálpar þetta mér að komast að í atvinnumennskunni," sagði Rúnar Már. Sigur íslenska liðsins var annars öruggur þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

„Völlurinn var frekar slæmur en það hjálpaði mikið að við skoruðum snemma. Ég held að þeir hafi ekki skapað sér eitt færi í leiknum. Svo skoruðum við frekar snemma í seinni þannig að þetta var öruggt. Lars var bara sáttur þegar hann talaði við okkur eftir leikinn," sagði Rúnar.

ooj@frettabladid.is



**MARK Í FYRSTA LEIK** Rúnar Már Sigurjónsson kórónaði flott ár í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Síðastir til að skora í fyrsta landsleik

**Rúnar Már Sigurjónsson** varð í gær aðeins níundi leikmaðurinn á síðustu 25 árum sem nær því að skora í sínum fyrsta landsleik. Rúnar og Kolbeinn Sigþórsson eru þeir einu sem hafa byrjað svona vel með A-landsliðinu á síðasta áratug.



**Mörk í sínum fyrsta A-landsleik frá 1987:**

Rúnar Már Sigurjónsson á móti Andorra 2012
Kolbeinn Sigþórsson á móti Færeyjum 2010
Grétar Rafn Steinsson á móti Brasilíu 2002
Stefán Þór Þórðarson á móti Suður-Afríku 1998
Auðun Helgason á móti Lettlandi 1998
Tryggvi Guðmundsson á móti Færeyjum 1997
Guðmundur Benediktsson á móti Sam. arabísku furstad. 1994
Anthony Karl Gregory á móti Færeyjum 1990 (2 mörk)
Kjartan Einarsson á móti Bermúda 1990

## ÚRSLIT Í GÆR

### Vináttulandsleikir

**Andorra - Ísland 0-2 (0-1)**

0-1 Jóhann Berg Guðmundsson (10.), 0-2 Rúnar Már Sigurjónsson (58.),

**Lið Íslands:** Hannes Þór Halldórsson (46., Gunnleifur Vignir Gunnleifsson) - Birkir Már Sævarsson, Sölvi Geir Ottesen, Hjálmar Jónsson (46., Indriði Sigurðsson), Hjörtur Logi Valgarðsson (46., Arnór Sveinn Aðalsteinsson) - Aron Einar Gunnarsson (46., Helgi Valur Daníelsson), Ólafur Ingi Skúlason, Jóhann Berg Guðmundsson (62., Garðar Jóhannsson), Rúnar Már Sigurjónsson - Matthías Vilhjálmsson (80., Jón Daði Böðvarsson), Birkir Bjarnason.

**LIÐIN Í OKKAR RIÐLI**

**Ungverjaland-Noregur 0-2**
0-1 Håvard Nielsen (38.), 0-2 Mohammed Abdellaoue (79.).
**Túnis-Sviss 1-2**
0-1 Eren Derdiyok (40.), 1-1 Hamdi Harbaoui (59.), 1-2 Xherdan Shaqiri (90.).
**Kýpur-Finnland 0-3**
**Makedónía-Slóvenía 3-2**
**Albanía-Kamerún 0-0**

**AÐRIR LEIKIR**

**Rússland-Bandaríkin 2-2**
**Sádí-Arabía-Argentína 0-0**
**Holland-Þýskaland 0-0**
**Svíþjóð-England 4-2**
1-0 Zlatan Ibrahimovic (20.), 1-1 Danny Welbeck (35.), 1-2 Steven Caulker (38.), 2-2 Zlatan Ibrahimovic (77.), 3-2 1-0 Zlatan Ibrahimovic (84.), 4-2 1-0 Zlatan Ibrahimovic (90.+1).
**Tyrkland-Danmörk 1-1**
0-1 Nicklas Bendtner (65.), 1-1 Mevlut Erding (69.)
**Ítalía-Frakkland 1-2**
1-0 Stephan El Shaarawy (35.), 1-1 Matthieu Valbuena (37.), 2-1 Bafetimbi Gomis (67.)
**Gabon-Portúgal 2-2**
**Rúmenía-Belgía 2-1**
**Lúxemborg-Skotland 1-2**
0-1 Jordan Rhodes (11.), 0-2 Jordan Rhodes (24.), 1-2 Lars Christian Krogh Gerson (47.).
**Pólland-Úrúgvæ 1-3**
0-1 Sjálfsmark (22.), 0-2 Édinson Cavani (34.), 1-2 Ludovic Obraniak (64.), 1-3 Luis Suárez (66.)



**FERNA Á MÓTI ENGLANDI** Zlatan Ibrahimovic skoraði öll fjögur mörk Svía á móti Englandi í 100. landsleik Stevens Gerrard í gær en þetta var opnunarleikur Friends Arena í Solna. Fjórða og síðasta mark Zlatans var algjört augnakonfekt. NORDICPHOTOS/GETTY

FYLKIR

**Aðalfundur**
**Knattspyrnudeildar Fylkis 2012**

Aðalfundur Knattspyrnudeildar Fylkis verður haldinn í Fylkishöll fimmtudaginn 29. nóvember 2012 kl. 20.30.

**Dagskrá;**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

*Stjórn Knattspyrnudeildar Fylkis*

Stjarnan er búin að selja Danann Alexander Scholz til Lokeren í Belgíu:

# Lokeren virðist henta mér vel

**FÓTBOLTI** Pepsi-deildarlið Stjörnunnar þarf að horfa á bak góðum manni því samningar hafa tekist um söluna á Dananum Alexander Scholz til Lokeren. Leikmaðurinn heldur utan til Belgíu í dag og mun væntanlega skrifa undir samning við félagið um helgina.

„Ég fer í læknisskoðun á föstudag og svo skrifum við undir samning um helgina ef allt gengur að óskum," sagði Scholz í Boltanum á X-inu í gær en hann átti frábært sumar með Stjörnunni.

„Ég vildi fá nýja áskorun og Lokeren virðist henta mér vel. Ég fór til reynslu á dögunum og það gekk frábærlega. Ég gat ekki verið sáttari. Þetta lítur út fyrir að vera fjölskylduklúbbur eins og Stjarnan. Lið rétt fyrir aftan þau bestu og getur gert atlögu að titlinum."

Daninn káti hefur mikinn metnað og ætlar sér stóra hluti í framtíðinni. „Ég þarf að standa mig vel hjá Lokeren og þá veit maður aldrei hvað getur gerst í framtíðinni."



**GRIMMUR** Scholz er hér að vinna auðveldan slag um skallabolta gegn Fylki í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Scholz er aðeins tvítugur og tók sér frí frá knattspyrnu árið áður en hann kom til Stjörnunnar. Hann vildi ferðast og fór meðal annars til Indlands.

„Ég vissi að þetta gæti verið hættulegt fyrir ferilinn minn en þetta gekk allt upp. Það voru samt margir hissa þegar ég tók þessa ákvörðun," sagði Scholz sem er mikill ævintýramaður. Ein af ástæðum þess að hann kom til Íslands var til þess að upplifa landið samhliða knattspyrnunni.

„Þetta hentaði mér fullkomlega. Mér hefur liðið vel á Íslandi. Ég hef ferðast mikið og fór hringveginn meðal annars. Þetta er búinn að vera frábær tími sem ég sé ekki eftir. Ég á örugglega eftir að koma aftur til Íslands og hver veit nema ég ljúki ferlinum hér á landi. Ég myndi þá líklega spila með Stjörnunni." - hbg

Það getur verið stormasamt yfir háveturinn. Erfið færð og frost í bland við stjörnubjartan himininn verða mun skemmtilegri ef fararskjóti fjölskyldunnar er áreiðanlegur. Vertu tilbúin/n að njóta vetrarins. Skoðaðu sparneytna bíla. Prófaðu sídrifna bíla. Mátaðu rúmgóða bíla. Við eigum áreiðanlega eitthvað fyrir þig. Komdu við í Brimborg og gerðu góð kaup á notuðum bíl. Mættu vetrinum á notuðum bíl frá Brimborg.

**gott úrval**

## Gerðu góð bílakaup í dag!

# Tryggðu þér traustan bíl í vetur

Settu gamla bílinn uppí notaðan bíl frá Brimborg. Tökum allar tegundir bíla uppí.

**betri kaup**

**Ford Kuga Trend AWD** (JAT61)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 49.000 km.
Verð: 4.070.000 kr.

spyrðu um kjörin




**Citroën C5 SX** (LL625)
2,0i 143 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2006. Ek. 65.000 km.
Verð áður: 1.580.000 kr.

290.000 kr. vetrarafsláttur




**Ford Escape Limited AWD** (JLJ27)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 3/2008. Ek. 90.000 km.
Verð: 2.990.000 kr.

spyrðu um kjörin




**Ford Focus Trend** (THS03)
1,6TDCi 90 hö dísil beinskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 2.410.000 kr

spyrðu um kjörin




**Mazda 5 Premium 7 manna** (NER01)
2,0i 145 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 04/2012. Ek. 20.000 km.
Verð: 3.730.000 kr.

spyrðu um kjörin




**Mazda 3 Premium** (RMM62)
2,0i 150 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 04/2012. Ek. 22.000 km.
Verð: 3.420.000 kr

spyrðu um kjörin




**Ford Escape Limited AWD** (LDB02)
2,5i 170 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 48.000 km.
Verð: 4.980.000 kr

spyrðu um kjörin




**Ford Fiesta Trend** (FBY21)
1,4i 96 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 55.000 km.
Verð: 2.095.000 kr.

spyrðu um kjörin




**Ford Mondeo Trend** (VXM01)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 39.000 km.
Verð: 3.700.000 kr.

spyrðu um kjörin




**Ford Explorer XLT Sport 4x4** (VZE76)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 8/2006. Ek. 105.000 km.
Verð áður: 2.590.000 kr.

600.000 kr. vetrarafsláttur




**Citroën C1 SX** (RUY83)
1,0VVTi 68 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 39.000 km.
Verð: 1.590.000 kr.

spyrðu um kjörin




**VW Touareg AWD** (VJF75)
3,6i 290 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 70.000 km.
Verð áður: 4.790.000 kr.

800.000 kr. vetrarafsláttur




**Nissan Patrol Luxury 4x4** (ZL639)
3,0TD 160 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 10/2005. Ek. 125.000 km.
Verð áður: 3.790.000 kr.

700.000 kr. vetrarafsláttur




**Ford Explorer XLT 4x4** (FTU17)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2006. Ek. 91.000 km.
Verð áður: 2.690.000 kr.

500.000 kr. vetrarafsláttur




**Ford Fiesta Trend** (EDS98)
1,25i 60 hö bensín beinskiptur
Skrd. 7/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 1.640.000 kr.

spyrðu um kjörin




**Ford Ka Trend** (FBA24)
1,2i 69 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 54.000 km.
Verð: 1.170.000 kr.

spyrðu um kjörin




## Opið í dag

Komdu og skoðaðu notaða vetrarbíla
milli kl. 9 og 17 í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8
í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri

**Spyrðu um lánamöguleika og skipti. Komdu í kaffi.**

Smelltu á
**notadir.brimborg.is**
og skoðaðu fleiri dæmi

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is



**ANTON SVEINN** Keppir ekki á EM í Frakklandi í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Anton Sveinn ekki á EM:

## Rann á íshellu í fjallgöngu

**SUND Anton Sveinn McKee mun ekki keppa á EM í 25 m laug sem fer fram í Frakklandi síðar í mánuðinum. Hann missti úr eina viku í æfingum eftir að hafa runnið til í fjallgöngu.**

**„Við vorum að labba niður Botnsúlur í Hvalfirðinum þegar ég rann á íshellu. Ég rann niður einhverja metra og lenti á grjóti,“ sagði Anton sem fékk skekkju á spjaldhrygginn við fallið.**

**„Það var lagað í sjúkraþjálfun en þar sem ég missti úr æfingar í eina viku taldi ég mig ekki tilbúinn fyrir EM, enda tekur tíma að komast aftur í sitt besta form. Ég dró mig því úr hópnum og verð því heima og æfi í staðinn.“**

**Hann segist gera nokkuð af því að labba á fjöll. „Við félagarnir í bekknum höfum farið nokkrum sinum – þetta er skemmtileg útivist,“ segir hann en Anton Sveinn keppti á sínum fyrstu Ólympíuleikum í sumar. Hann er átján ára gamall.** - esá

# Það kostar hálfa milljón að leggja gólfið á Höllina

**Handknattleikssamband Íslands, HSÍ, er nýbúið að kaupa nýtt handboltagólf sem var frumsýnt á leik Íslands og Hvíta-Rússlands. Gólfið sjálft er mjög dýrt og það kostar einnig skildinginn að leggja gólfið fyrir hvern einasta landsleik.**

**HANDBOLTI** HSÍ hefur aðeins átt einn handboltadúk til þess að spila á en sá dúkur var farinn að láta á sjá og þurfti viðgerð. Var því kominn tími á að kaupa nýtt gólf. Eftir að hafa leitað fyrir sér tókst forsvarsmönnum HSÍ að kaupa gólfið sem var notað í úrslitunum á EM í Serbíu í janúar síðastliðnum.

„Við vorum að leita víða í sumar og duttum inn á þetta fína gólf. Það fékkst á ágætis verði,“ sagði Einar en hann vildi ekki gefa upp nákvæmt kaupverð. Nýtt gólf kostar 10-15 milljónir króna og gólfið hefur því kostað skildinginn þó notað sé.

„Það er skylda að spila alla leiki á mótum EHF á gólfum sem eru eingöngu með handboltalínum. Litirnir skipta ekki í raun máli en það verður að vera handboltagólf.“

### Teipið er rándýrt

Það er talsvert verk að koma gólfinu inn í Laugardalshöll og það tekur langan tíma að setja það upp. Það er líka dýrt eða nálægt hálfri milljón.

„Það fer hátt í það. Bara teipið sem fer á dúkinn kostar um 120 þúsund. Þetta eru ansi margir metrar sem fara undir gólfið og í samskeytin. Við þurfum að nota sérstakt tvöfalt teip sem er ekki til hér á landi. Við pöntum það því hjá fyrirtækinu sem býr til þessi gólf. Svo kostar að fá vana menn í að leggja þetta því það er ekki sama hvernig þetta er gert. Starfsmenn sambandsins hafa líka farið í þetta og lækkað kostnaðinn,“ sagði Einar en svo þarf að þrífa, gera við og annað tilfallandi.

„Við leggjum gólfið á daginn fyrir leik svo dúkurinn leggist almennilega að gólfinu. Svo teipum við. Þetta getur tekið sex til átta klukkutíma hjá vönum mönnum. Það er svo um tveggja tíma verkefni að ganga frá gólfinu eftir leiki. Þetta er mikil vinna sem menn almennt gera sér ekki grein fyrir. Það hjálpa margir til sem betur fer.“ henry@frettabladid.is



**GULA SKRÍMSLIÐ** Ísland lék sinn fyrsta leik á gula gólfinu gegn Hvít-Rússum. Það reyndist ágætlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**EYJÓLFUR** Hefur stýrt U21-landsliðinu síðan 2009 en hann stýrði því einnig frá 2003 til 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

U21-landslið karla:

## 45 leikmenn í æfingahópi

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U21-landsliðs Íslands, hefur valið 45 leikmenn í æfingahóp sem mun koma saman í Kórnum um helgina. Leikmennirnir 45 koma alls frá 20 félögum víðs vegar um landið.

Ísland komst ekki í úrslitakeppni EM 2013 sem fer fram í Ísrael næsta sumar. Undirbúningur er því hafinn fyrir næstu undankeppni en þó liggur ekki fyrir hvort Eyjólfur verði áfram landsliðsþjálfari. Samningur hans rennur út um áramótin.

Þess má geta að FH á flesta leikmenn í hópnum eða sex talsins. Keflavík og Fylkir eiga fjóra leikmenn hvort. Eingöngu leikmenn sem spila með íslenskum liðum eru í æfingahópnum að þessu sinni. - esá






**MARKI FAGNAÐ** Hermann Hreiðarsson spilaði með Wimbledon síðast þegar liðið spilaði í efstu deild, frá 1999 til 2000. Hann er eini Íslendingurinn sem spilaði með félaginu. NORDICPHOTOS/GETTY

MK Dons og AFC Wimbledon mætast í fyrsta sinn:

## Togast á um nafnið

**FÓTBOLTI** Forráðamenn enska D-deildarliðsins AFC Wimbledon vilja að MK Dons breyti um nafn og hætti að nota Dons-nafnið. Þessi lið mætast í fyrsta sinn í sögunni í ensku bikarkeppninni í næsta mánuði.

Bæði félög voru stofnuð í kringum flutning Wimbledon FC til Milton Keys árið 2003. Stuðningsmenn Wimbledon voru afar óánægðir með þá tilhögun og stofnuðu AFC Wimbledon árið 2002. Um leið hættu þeir að mæta á leiki gamla félagsins sem kláraði tímabilið á Selhurst Park í Lundúnum áður en það flutti til Milton Keys í september 2003.

Sumarið 2004 var félagið formlega endurnefnt MK Dons og hafa stuðningsmenn gamla félagsins alla tíð verið afar ósáttir við þessa tengingu við sinn gamla klúbb.

Þess má þó geta að Wimbledon FC fór aldrei á hausinn og fyrstu árin litu forráðamenn MK Dons á sögu Wimbledon FC sem sína eigin. En því var hætt árið 2007 og nú er litið svo á að MK Dons hafi verið stofnað árið 2004.

Sá maður sem er hvað óvinsælastur meðal stuðningsmanna AFC Wimbledon er Pete Winkelman. Hann sat í stjórn Wimbledon FC sem ákvað árið 2001 að flytja félagið og fór svo fyrir hópi fjárfesta sem keypti félagið þremur árum síðan. Þá var það í greiðslustöðvun.

„Ég mun aðeins taka í hönd Winkelman ef ég fæ viðurkennt að hegðun þeirra hafi verið röng og að félagið ætli að hætta að nota Dons-nafnið,“ sagði Erik Samuelson, framkvæmdastjóri AFC Wimbledon. „MK Dons hefur ekkert að gera með Wimbledon en þessi ákvörðun yrði að koma frá þeim – ekki mér,“ bætti hann við.

AFC Wimbledon byrjaði í níundu efstu deild á Englandi en fór upp um fimm deildir á níu árum og er nú í D-deildinni. Félagið er enn í eigu stuðningsmanna Wimbledon FC sem hafa ekki gleymt sögunni.

„Þetta er mikið tilfinningamál og minnir alla á hvernig félagið varð til. Við ætlum að gera okkar – spila leikinn og ná vonandi í sigur. Við fáum nú tækifæri til að sýna knattspyrnuheiminum hversu langt við höfum náð,“ sagði Samuelson. - esá



EYGLÓ ÓSK Meðal efnilegustu sundmanna Íslands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Styrkir fyrir sundfólk:

## Skorað á fyrirtæki að hjálpa

**SUND** Íslenska afreksfólkinu í sundi barst í gær góður stuðningur þegar garðaþjónustan Sigurgarðar í Borgarnesi ákvað að styrkja íslensku keppendurna sem fara á EM í sundi í 25 m laug um 25 þúsund krónur. Alls hafa ellefu náð lágmörkum fyrir mótið en sjö eru á leið utan.

Skorar fyrirtækið á önnur að gera slíkt hið sama en fyrir stuttu var tilkynnt að keppendur Íslands á mótinu þyrftu sjálfir að leggja út fyrir kostnaði sem hlytist af þátttöku við mótið, sem fer fram í Chartres í Frakklandi. Upphæð sem hver og einn þarf að leggja út fyrir er um 300 þúsund krónur.

Fjárútlát Sundsambands Íslands hafa verið meiri á árinu en búist var við enda margir sem unnu sér inn þátttökurétt bæði á Ólympíuleikunum í London og EM í 50 m laug sem fór fram í Debrecen í Ungverjalandi. Af þeim ástæðum var ekki hægt að fjármagna ferðakostnað íslensku keppendanna.

Þau fyrirtæki sem óska að leggja íslensku sundfólki lið geta haft samband við Sundsamband Íslands. - esá

Nóg um að vera í kvöld:

## Toppslagur í Grindavík

**ÍÞRÓTTIR Sjö leikir verða á dagskrá í efstu deildum karla í handbolta og körfubolta í kvöld. Íslandsmeistarar Grindavíkur, sem eru í þriðja sæti Domino's-deildar karla, taka á móti sterku liði Stjörnunnar. Garðbæingar deila toppsætinu með Snæfelli, sem mætir botnliði Tindastóls.**

**Í N1-deild karla eru Haukar á góðri leið með að stinga af en staðan er jöfn og spennandi meðal hinna sjö liðanna í deildinni.** - esá

### Leikir kvöldsins

**Domino's-deild karla, kl. 19.15:**

| | |
|---|---|
| Snæfell - Tindastóll | Njarðvík - KFÍ |
| Grindavík - Stjarnan | Keflavík - Skallgr. |

**N1-deild karla:**

| | |
|---|---|
| 18.00: FH - Akureyri | |
| 19.30: ÍR - Afturelding | Fram - Haukar |




Ásdís Hjálmsdóttir tilkynnir síðar í vikunni hvaða þjálfara hún muni starfa með á næstu árum:

# Er ekki búin að segja upp leigusamningnum

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir hefur fundið sér nýjan þjálfara en hún hefur verið þjálfaralaus síðan í haust. Þá var ákveðið að slíta samstarfi hennar við Stefán Jóhannsson.

„Ég er komin með þjálfara og verður tilkynnt á næstu dögum hver það er. Það á enn eftir að ganga frá nokkrum lausum endum en ég er mjög ánægð með þessa niðurstöðu, sem ég taldi besta fyrir minn feril," segir Ásdís sem vill ekki gefa upp nafn nýja þjálfans að svo stöddu.

Hún vill heldur ekki segja hvort hún muni halda kyrru fyrir á Íslandi eða flytja út fyrir landsteinana. „Við getum orðað það þannig að ég er ekki búin að segja upp leigusamningnum mínum," segir hún.

Ásdís varð í ellefta sæti í spjótkasti á Ólympíuleikunum í sumar en hún setti glæsilegt Íslandsmet í undankeppninni er hún kastaði 62,77 m. Hún stefnir á að ná enn lengra á Ólympíuleikunum í Ríó eftir fjögur ár.

Ásdís var nýlega valin frjálsíþróttamaður ársins af Frjálsíþróttasambandi Íslands. - esá



ÁSDÍS Mun tilkynna síðar í vikunni hver muni taka við þjálfun hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



> **Stöð 2 kl. 20.10**
**Neyðarlínan**

***Það verður dramatískur þáttur af Neyðarlínunni á Stöð 2 í kvöld. Sigrún Ósk Kristjánsdóttir heldur áfram að fylgja eftir sögum fólks sem hefur þurft að hringja í Neyðarlínuna. Að þessu sinni verður m.a. farið yfir mál 11 ára stúlku í Grundarfirði sem hringdi í Neyðarlínuna vegna móður sinnar sem hneig niður á heimili þeirra um nótt.***



# dagskrá

## Í KVÖLD



### School of Life
Mr. D byrjar að kenna í gagnfræðaskóla og verður strax vinsælasti kennarinn. Annar kennari þráir þó titilinn og keppnisskapið leiðir hann í gönur. Ekki er samt allt sem sýnist hjá hinum frábæra og elskaða nýja kennara.

**Leikstjóri:** William Dear. **Aðalhlutverk:** David Paymer, Ryan Reynolds og John Astin.

Rotten Tomatoes 68% (A) · IMDb 6,3 · Stöð 2 Bíó 13.30



### Never Say Never Again
Sean Connery snýr hér aftur sem James Bond eftir tólf ára hlé frá hlutverkinu. Þessi mynd er frá árinu 1983 og er endurgerð á myndinni Thunderball frá árinu 1965, þar sem Connery fór líka með hlutverk Bonds.

**Leikstjóri:** Irvin Kershner. **Aðalhlutverk:** Sean Connery, Kim Basinger og Klaus Maria Brandauer.

Rotten Tomatoes 59% · IMDb 6,1 · Skjáreinn 22.00



### Samfestingurinn 2012
Sýnd verða valin atriði úr söngkeppni Samfés, samtaka félagsmiðstöðva, sem haldin var 3. mars. Þrjátíu atriði frá jafn mörgum félagsmiðstöðvum tóku þátt í keppninni.

**Sigurvegari:** Melkorka Rós Hjartardóttir úr félagsmiðstöðinni Borunni í Vogum á Vatnsleysuströnd.

RÚV 20.30



### Fringe
Þættir um sérfræðinginn Oliviu Dunham. Hún vinnur með hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans við að rannsaka dularfull mál.

**Höfundar:** J.J. Abrams og Roberto Orci. **Aðalhlutverk:** Anna Torv og Jasika Nicole.

67/100 · IMDb 8,5 · Stöð 2 22.15

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Í kvöld um kaffileytið: Ástarsaga Sue og Charles Mingus **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Von Trapp fjölskyldan og Tónaflóðið **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Kiljan** (e)
**16.25 Ástareldur** (Sturm der Liebe)
**17.14 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (5:31) (e)
**18.25 Dýraspítalinn** (9:10) (Djursjukhuset) Sænsk þáttaröð.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Litla Parísareldhúsið** (5:6) (The Little Paris Kitchen)
➤ **20.30 Samfestingurinn 2012**
**21.10 Sönnunargögn** (9:16) (Body of Proof II) Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7** (15:18) (Detroit 1-8-7) Spennuþáttaröð þar sem morðdeild lögreglunnar í Detroit á í höggi við harðsvíraða glæpamenn. Atriði eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Ljósmóðirin** (6:6) (Call the Midwife) (e)
**00.00 Krabbinn I** (13:13) (The Big C) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.30 Kastljós** (e)
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10:25 King of California**
**11:55 Búi og Símon**
➤ **13:30 School of Life**
**15:20 King of California**
**16:50 Búi og Símon**
**18:25 School of Life**
**20:15 Three Amigos**
**22:00 Mamma Mia!**
**23:55 Candy**
**01:45 Three Amigos**
**03:30 Mamma Mia!**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** (13:22)
**08.30 Ellen** (42:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (23:175)
**10.15 Lie to Me** (21:22)
**11.05 White Collar** (7:16)
**11.50 Harry's Law** (7:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** (3:22)
**13.25 Material Girl** (2:6)
**14.15 Delgo**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (43:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** (12:17)
**19.45 Modern Family** (10:24)
**20.10 Neyðarlínan**
**20.40 Person of Interest** (4:23)
**21.25 Revolution** (7:22) Heimurinn missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess. Fimmtán árum eftir breytinguna komast menn að því að hægt sé að öðlast rafmagnið aftur en fyrst þarf að komast að ástæðu þess að það fór og um leið að berjast við óvænta og hættulega aðila.
➤ **22.15 Fringe** (22:22)
**23.00 Breaking Bad** (11:13) Efnafræðikennarinn og fjölskyldumaðurinn Walter White kemst að því að hann eigi aðeins tvö ár eftir ólifuð. Þá ákveður hann að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðiþekkingu sína og hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum.
**23.50 Spaugstofan** (8:22)
**00.15 Pressa** (5:6)
**01.00 Homeland** (6:12)
**01.50 Boardwalk Empire** (1:12)
**02.45 Goya's Ghosts**
**04.35 Cirque du Freak: The Vampire's Assistant**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.00 Þýski handboltinn: Flensburg - Magdeburg**
**18.25 Fuchse Berlin - RK Zagreb** BEINT frá Meistaradeild Evrópu í handbolta.
**20.05 Evrópudeildin: Anji - Liverpool**
**21.45 Evrópudeildarmörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Evrópudeildinni.
**22.35 Spænsku mörkin**
**23.05 Fuchse Berlin - RK Zagreb** Útsending frá leik Fuchse Berlin og RK Zagreb í Meistaradeild Evrópu í handbolta.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Man.City - Tottenham**
**18.20 Everton - Sunderland**
**20.00 Premier League World 2012/13** Skemmtilegur þáttur þar sem stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar og fjallað er um líf leikmanna innan sem utan vallar.
**20.30 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.55 Arsenal - Fulham**
**23.35 Reading - Norwich**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Búbbarnir** (1:21)
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Stubbarnir**
**09.35 Strumparnir**
**09.55 Brunabílarnir**
**10.15 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.25 Xiaolin Showdown**
**17.50 iCarly** (41:45)

## POPP TÍVÍ

**17.00 The Simpsons** (4:22) Í þessum sérstaka hrekkjavökuþætti eru sagðar þrjár hrekkjasögur. Í fyrstu lendir Bart í því að fjölskyldan skiptir á honum og glænýjum véldreng sem heitir David. Í öðrum þættinum er Hómer boðið í leik hjá herra Burns sem reynist ganga út á það að verða sá síðasti til að komast lífs af og í síðasta hlutanum mætir alvörunorn í hrekkjavökuveislu og breytir öllum í þá sem þeir þykjast vera.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (22:22)
**19.00 Friends** (6:24)
**19.25 The Simpsons** (5:23)
**19.50 How I Met Your Mother** (13:22) Einn af félögunum biður Lily að mála nektarmynd af sér. Henni líst ekki á hugmyndina en ákveður samt að slá til.
**20.15 Game Tíví**
**20.40 Suburgatory** (14:22) Gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem flytur úr borg í úthverfi.
**21.05 Pretty Little Liars** (14:25)
**21.50 Gossip Girl** (5:13) Sjötta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa á Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist.
**22.30 Game Tíví**
**22.55 Suburgatory** (14:22)
**23.20 Pretty Little Liars** (14:25)
**00.05 Gossip Girl** (5:13)
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** (70:175)
**19.00 Ellen** (43:170)
**19.45 Strákarnir**
**20.15 Stelpurnar** (4:20)
**20.35 Ríkið** (4:10)
**21.00 Það var lagið**
**22.00 Friends** (14:24)
**22.25 Strákarnir**
**23.00 Stelpurnar** (4:20)
**23.25 Ríkið** (4:10)
**23.50 Það var lagið**
**00.45 Friends** (14:24)
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dr. Phil** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**13.05 The Voice** (9:15) (e)
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 America's Next Top Model** (12:13) (e)
**19.05 The Office** (2:27) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (5:26) (e)
**19.55 Will & Grace** (3:24) (e)
**20.20 Happy Endings** (3:22)
**20.45 30 Rock** (13:22) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Liz samþykkir að leiðbeina Hazel á meðan Jack reynir að frelsa Avery frá Norður Kóreu. Kenneth er enn að reyna að sættast við að vera ekki lengur hjá TGS.
**21.10 House** (9:23) Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House. House og félagar hans meðhöndla mann með Alzheimer sjúkdóm sem fær köst sem einkennast af mikilli árásargirni.
➤ **22.00 James Bond: Never Say Never Again**
**00.15 Parks & Recreation** (3:22) (e)
**00.40 CSI: Miami** (8:19) (e)
**01.30 Bedlam** (3:6) (e)
**02.20 Happy Endings** (3:22) (e)
**02.45 Everybody Loves Raymond** (5:26) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Children´s Miracle Classic 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Children´s Miracle Classic 2012 (4:4) **15.50** Presidents Cup Official Film 2011 (1:1) **16.40** Ryder Cup Official Film 1999 **18.15** Inside the PGA Tour (45:45) **18.40** AT&T National - PGA Tour 2012 (4:4) **23.40** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Classic
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 190.049
Tvíbreitt - verð frá: 346.995

Allt að 178.956 kr. AFSLÁTTUR



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 16.732 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 30.268 kr. á mán.

Draumey
Íslenskt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 70.224
Tvíbreitt - verð frá: 129.360

Allt að 61.129 kr. AFSLÁTTUR



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 6.397 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 11.497 kr. á mán.



Draumur
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 131.985
Tvíbreitt - verð frá: 228.488

Allt að 111.423 kr. AFSLÁTTUR

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 11.724 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 20.047 kr. á mán.

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2 · Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16
Löggiltir dýnuframleiðendur – Starfandi í 60 ár

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# Örþunn sjónvörp
# HÁRFÍN TÆKNI

## NÝ OG GLÆSILEG LG SJÓNVÖRP

LG Life's Good



1 mm hvítur álrammi

**47LM669**
- 400 Hz MCI
- Full HD 1920 x 1080p
- EDGE (LED Plus)
- SmartTV / Dual Play
- DVB-T2
- Magic remote VOICE
- USB 2.0 afspilun DivX HD
- SmartShare
- Cinema 3D
- Innbyggt WiFi
- Breytir 2D í 3D
- Verð 369.995



HD gervihnattamóttakari

**55LM860V**
- 800Hz MCI
- Full HD 1920 x 1080p
- 1 mm álrammi
- Dual Core örgjörvi
- EDGE (LED Plus)
- SmartTV / Dual Play
- DVB-T2
- Magic remote VOICE
- USB 2.0 afspilun DivX HD
- SmartShare
- Innbyggt WiFi
- Cinema 3D
- Breytir 2D í 3D
- Verð 799.995

**Sérfræðingar Hátækni veita þér ráðgjöf um val á rétta sjónvarpinu fyrir þig.**
**Við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.**

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 121753

## DRYKKURINN



*„Af óáfengjum drykkjum er ég enn þá mikið mjólkurbarn. En ég er líka alveg sjúkur púrtvínsmaður. Ég á alltaf púrtvín og oft fleiri en eina gerð.“*

Finnur Orri Thorlacius, þýðandi bókarinnar 100 geggjuðustu bílarnir.

# Páll Óskar hitar upp fyrir Mika

„Ég hlakka mikið til,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson sem hitar upp fyrir Mika á tónleikum hans í Silfurbergi í Hörpunni 18. desember.

„Mér skilst að það komist fyrir 1.200 manns í Silfurberginu. Þetta verða standandi tónleikar, því þetta eiga að vera stuðtónleikar. Mika vill ekki sitjandi áhorfendur og ég held að það sé alveg rakið að láta mig hita upp fyrir hann og koma liðinu í smá gír.“

Spurður hvort hann sé aðdáandi söngvarans, segist Palli hafa spilað fyrstu plötu hans, Life In Cartoon Motion, „í klessu“. „Svo fór plata númer tvö svolítið fram hjá mér en ég er aðeins farinn að tékka á henni núna.“

Þetta verður í fyrsta sinn á löngum ferli sem Páll Óskar hitar upp fyrir annan tónlistarmann. „Einu skiptin sem ég hef verið á undan einhverjum hefur kannski verið á festivölum eins og á Airwaves sem partur af stærra prógrammi. Það verður bara hressandi að prófa eitthvað nýtt.“

Palli ætlar annars að taka því rólega um þessi jól. Engin plata er að koma út með honum og engin stór verkefni í farvatninu. „Ég sagði nei við öllum jólatónleikum og öllu því brölti og er farinn að hlakka til jólanna. Ég ætla að njóta þess að vera í jólastússinu.“

Miðasala á tónleika Mika hefur gengið mjög vel. Enn eru samt einhverjir miðar óseldir og fást þeir á Midi.is. **- fb**



**HLAKKAR TIL** Páll Óskar hlakkar mikið til að hita upp fyrir tónlistarmanninn Mika.




GUÐMUNDUR MAGNÚSSON: VIRTUR INNAN INSTAGRAM-SAMFÉLAGSINS

# SAFNA AÐDÁENDUM INSTAGRAM SAMAN Á KEX

„Okkur finnst mjög gaman að hann hafi valið okkur sem vettvang fyrir þennan viðburð enda er Rise virtur innan Instagram-samfélagsins,“ segir Guðmundur Magnússon, móttökustjóri Kex Hostel, en ljósmyndarinn og hönnuður Instagram-lógósins, Cole Rise, hefur boðað til svokallaðs Instagram Meetup á Kex Hostel á sunnudaginn.

Instagram Meetup er þekkt fyrirbæri úti í heimi, en þetta er í fyrsta sinn sem viðburður á borð við þennan fer fram hér á landi. Um er að ræða vettvang þar sem aðdáendur og áhugafólk um samfélagsmiðilinn hittist, ber saman bækur sínar og fær óformlega fræðslu um Instagram. „Þetta er mjög þekkt úti í heimi. Þetta er ekki fundur þar sem Rise heldur fyrirlestur, heldur frekar hittingur þar sem notendur Instagram geta hist og deilt áhugamáli sínu með fleirum,“ segir Guðmundur. Instagram Meetups hafa verið haldnir í yfir 1300 borgum úti um allan heim.

Rise hannaði Instagram-lógóið, sem er orðið þekkt vörumerki, ásamt því að hanna nokkrar af litsíunum (e. filter) sem eru í boði fyrir notendur miðilsins. Rise sérhæfir sig í að taka myndir á símann sinn og getur því miðlað af visku sinni varðandi myndatökur, litsíur og annað sem tengist Instagram. Guðmundur segir hittinginn vera fyrir alla þá sem hafa áhuga á miðlinum, en hann ætlar sjálfur ekki að láta sig vanta.

„Hér á Kex höfum við mjög góða reynslu af þessum miðli, en við notum Instagram mjög mikið til að koma okkar skilaboðum áleiðis. Það var einmitt í gegnum Instagram sem Rise frétti af okkur. Það er því um að gera fyrir fyrirtæki jafnt sem einstaklinga að mæta og fá fræðslu um hvaða möguleikar eru í boði innan Instagram.“



**INSTAGRAM FUNDUR Á KEX** Cole Rise, hönnuður Instagram-lógósins, heldur svokallað Instagram Meetup á Kex Hostel á sunnudaginn og hvetur Guðmundur Magnússon, móttökustjóri hjá Kex, alla aðdáendur forritsins til að mæta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ÖRT VAXANDI SAMFÉLAGSMIÐILL

- Instagram er ljósmyndaþjónusta og samfélagsmiðill sem var stofnaður í október 2010.
- Gengur út á að taka myndir, einna helst á síma, setja einhvers konar litsíu (e. filter) á hana og deila með fylgjendum sínum á forritinu. Einnig er hægt að deila myndinni á öðrum samfélagsmiðlum á borð við Facebook og Twitter.
- Skráðir notendur eru 100 milljónir.
- Fyrst stofnað fyrir iPhone, iPad og iPod Touch. Frá því í apríl 2012 hefur þjónustan einnig verið í boði fyrir eigendur Android-síma.
- Býður upp á 14 mismunandi litsíur fyrir myndir.

**Tölfræði tekin saman í maí 2012:**

- 58 myndir hlaðast inn á miðilinn á hverri sekúndu.
- Á hverri sekúndu bætist nýr notandi við.
- Meira en einn milljarður mynda eru inni á Instagram-miðlinum.
- Facebook keypti Instagram fyrr á þessu ári fyrir um 715 milljónir Bandaríkjadala í peningum og hlutbréfum.
- Nýlega var gerð sú breyting að hver notandi Instagram er nú með sína eigin síðu á netinu þar sem hægt er að nálgast allar myndir hans.

Fundurinn hefst klukkan 17 á sunnudaginn en hægt er að fræðast um Instagram Meetups á vefsíðunni Meetup.com/instagram. Einnig er hægt skoða símamyndir Rise á vefsíðunni Life.colerise.com.

**alfrun@frettabladid.is**

# Tók armbeygjur í kuflinum

Magnús Scheving var sæmdur heiðursnafnbót frá St. Mark & St. John háskólanum í Plymouth á föstudaginn. Magnús hlaut nafnbótina fyrir framlag sitt til heilsu barna.

Að sögn Hallgríms Kristinssonar, yfirmanns viðskiptaþróunar hjá Latabæ, er St. Mark & St. John fyrsti háskólinn á Bretlandseyjum sem bauð upp á kennaramenntun og er hann þekktur fyrir að útskrifa fjölda kennaranema og íþróttafræðinga ár hvert. „Magnús hefur stuðlað að því að mennta fólk og sérstaklega börn um heilbrigt líferni. Nefnd á vegum háskólans finnur til einstaklinga sem þeim þykir hafa skarað fram úr á einhvern hátt og var Magnús þar efstur á blaði. Þegar skólinn óskaði eftir að fá að veita honum nafnbótina varð Magnús himinlifandi og mjög þakklátur.“

Magnús, sem er lærður smiður, hlaut heiðursnafnbótina „masters“ við hátíðlega athöfn við skólann. Fjöldi fólks var viðstatt athöfnina og hélt skólastjórinn langa ræðu um Magnús og hans störf.

„Þetta var mjög formleg athöfn, þar voru allir klæddir mismunandi kuflum eftir tign og mætti Magnús í tilheyrandi múnderingu og með ferkantaðan hatt á höfðinu. Hann er þó líklega sá fyrsti sem hefur tekið nokkrar armbeygjur á sviðinu í kuflinum. Það vakti mikla lukku meðal fólks,“ segir Hallgrímur að lokum. **- sm**



**HLAUT HEIÐURSNAFNBÓT** Magnús Scheving hlaut heiðursnafnbót frá St. Mark & St. John háskólanum í Plymouth á Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




NÝTT KORTATÍMABIL
ÚTIVISTAR MARKAÐUR
Regatta
GREAT OUTDOORS
Dare 2b
CRAGHOPPERS
BEAR GRYLLS
CRAGHOPPERS
NÝJAR VÖRUR
HJÁ OKKUR MÁ SKILA OG SKIPTA
DÖMU & HERRA FATNAÐUR
FLÍS PEYSUR 3.990,-
SOFTSHELL PEYSUR 4.990,-
STRETCH BUXUR 7.990,-
SOFTSHELL BUXUR 7.990,-
ÚLPUR 8.990,-
SNJÓBUXUR 8.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.990,-
SKYRTUR 4.490,-
SKYRTUR FÓÐRAÐAR 5.990,-
KÁPUR 9.990,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.
OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16
facebook/
Útivist og Sport
BARNAFATNAÐUR
FLÍS PEYSUR 2.490,-
SOFTSHELL PEYSUR 3.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.490,-
REGNBUXUR 1.490,-
REGNJAKKAR 4.990,-
FÓÐRAÐAR BUXUR 3.990,-
SNJÓBUXUR 7.490,-
ÚLPUR 7.490,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.
ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VÍSIR**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sigur Rós gefur EP-plötu



**Jón Þór Birgisson** og félagar í Sigur Rós ætla að gefa öllum þeim sem kaupa miða á fyrirhugaða tónleikaferð hljómsveitarinnar til Bandaríkjanna á næsta ári nýja EP-plötu sem hefur að geyma þrjú lög. Platan verður gefin aðdáendum sveitarinnar í stafrænu formi frá 22. mars næstkomandi. Um verður að ræða ný og útgefin lög og búast má við að eitt þeirra verði Brennisteinn sem var frumflutt á tónleikum hljómsveitarinnar í Nýju Laugardalshöllinni á dögunum við góðar undirtektir.

### Tólf ástæður fyrir Gnarr



Vefsíðan Twistedsifter.com, sem sérhæfir sig í alls kyns vinsældarlistum og fróðleik um öll heimsins málefni, birti á dögunum tólf ástæður fyrir því að Jón Gnarr sé áhugaverðasti borgarstjóri heims. Meðal þess sem rataði á listann er að hann hafi unnið bug á lesblindu, hafi verið í pönkhljómsveit, sé mögulega Jedi, hafi tekið þátt í Gaypride og skreyti skrifstofuna sína með listaverkum eftir götulistamanninn Banksy. Þess má geta að borgarstjórinn er vissulega iðinn við að láta aðdáun sína á Banksy í ljós, en hann deildi á sunnudag hinum ýmsu húðflúrum eftir listamanninn á Facebook-síðu sinni. Svo er bara spurning hvort Jón bæti einu slíku við á móti Reykjavíkurskildinum sem hann ber á vinstri handlegg. **- fb, sv**

## Mest lesið Vísir

1. Framkvæmdastjóri sakaður um frændhygli og sjálftöku
2. Karlmaður stunginn með hnífi í Hafnarfirði
3. Leikskólabörn í Aðalþingi fá hægan mat á hlaðborði
4. Brotist inn í 20 spilakassa á Ránni
5. Þyrla flutti slasaðan mann frá Staðarskála








molo TICKET TO HEAVEN hummel POLO RALPH LAUREN bisgaard Creamie igló

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201